

EYÞÓR OG INGA

Byggja við á Mána-braut

Hús Fasteignir
allt í MIDJU BLAÐSINS



ÓLAFÍA HRÖNN JÓNSDÓTTIR

Fjöla smáborgari í nýjum sjónvarpsþætti

Konur í flestum lykkihlutverkum í þættinum
FÓLK 46



TÓMAS R. EINARSSON

Nýkominn frá Kúbu, í sjöunda sinn á sex árum

Ástfanginn af Kúbu
FÓLK 36



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. desember 2006 – 325. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR

Berstrípaður Bono

Steindór Helgi Arnsteinsson gagnrýnir ævisögu popparans baráttuglaða.

MENNING 31



Flóttinn frá Bagdad

„Munurinn á Árna annars vegar og Davíð og Halldóri hins vegar ... er þó sá að Árni nefndi að minnsta kosti hugtakið mistök í nýlegu viðtali þótt hann hafi kallað þau tæknileg.“ segir Hallgrímur Helgason.

Í DAG 22

Ævar eftirsóttur

Kvikmyndagerðarmenn spennir fyrir krímmum Ævars Arnar Jósepssonar.

KVIKMYNDIR 38




Tap hjá meisturum

Haukar sýndu að þeir eru ekki dauðir úr öllum æðum er þeir lögðu Íslandsmeistara Fram í gær.

ÍPRÓTTIR 42



VEÐRIÐ Í DAG



PUNGBÚIÐ Í dag verður víðast austan 5-10 m/s, en heldur stífarí suðaustan til. Skúrir eða slydduél á víð og dreif. Hiti 1-6 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4

RÚV-frumvarpið felur í sér samkeppnislega mismunun

Í álit Samkeppniseftirlitsins eru gefnir tveir kostir til að koma í veg fyrir samkeppnislega mismunun eftir hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins. Frumvarp um RÚV ohf. felur í sér mismunun, segir Páll G. Pálsson.

STJÓRNMÁL Samkeppniseftirlitið segir tvo kosti koma til greina „til að koma í veg fyrir þá samkeppnislega mismunun sem af því leiðir að RÚV starfi á markaði fyrir birtingu auglýsinga og markaði fyrir kostun í frjálsri samkeppni við aðra aðila jafnframt því að hafa tekjur af skattfé.“

Annars vegar að RÚV hverfi af auglýsingamarkaði og hins vegar ef RÚV starfi á auglýsingamarkaði þá „fari sú starfsemi fram á vegum sérstakrar hljóð- og sjónvarpsstöðvar eða -rása sem alfarið

verði fjármagnaðar með auglýsingatekjum og kostun þannig að tryggt sé að þessi samkeppnisstarfsemi RÚV verði ekki niðurgreidd með skattfé.“

Þetta kemur fram í álit Páls Gunnars Pálssonar, forstjóra Samkeppniseftirlitsins, sem Fréttablaðið hefur undir höndum en það var lagt fyrir menntamálanefnd er hún vann að gerð frumvarps um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins. Nefndin hefur afgreitt frumvarpið úr nefndinni sem bíður meðferðar á Alþingi.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að ekki sé hægt að fallast á að taka sjónvarpshluta Ríkisútvarpsins út af auglýsingamarkaði þar sem „nánast tveir aðilar yrðu á auglýsingamarkaði í sjónvarpi (365 ehf. með Stöð 2 og Sýn annars vegar og Íslenska sjónvarpsfélagið með Skjá einn hins vegar).“

Í álit sínu segir Páll Gunnar „rök standa til þess að þátttaka RÚV á auglýsingamarkaði í sjónvarpi hafi haft þau áhrif að ekki starfa fleiri aðilar á markaðnum en raun ber vitni“. Breytingar

gætu „skapað svigrúm fyrir aðra aðila að fóta sig á markaðnum og nýta sér það tóm sem skapaðist við brotthvarf RÚV“, eins og orðrétt segir í álit Páls Gunnars.

Í lok álitsins segir að Samkeppniseftirlitið taki ekki að svo komnu máli „afstöðu til þess hvora leiðina sé æskilegra að velja svo koma megi í veg fyrir framangreinda samkeppnislega mismunun, eða hvernig útfæra beri þær“.

Ekki náðist í Pál Gunnar Pálsson í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. - mh



MÚRBRJÓTAR Magnús Stefánsson félagsmálaráðgjafi afhendir hér Freyju Haraldsdóttur Múrbrjótinni, verðlaun Landsamtaka Proskahjálpar, sem á alþjóðadegi fatlaðra eru veitt þeim sem brotið hafa múra í réttindamálum og viðhorfum til fatlaðs fólks. Así og Hlutverk - samtök um vinnu og verkþjálfun hlutu einnig Múrbrjót fyrir samþykkt um gerð kjarasamninga fatlaðra launþega á vernduðum vinnustöðum.

FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

Sjávarútvegsráðgjafi segir leiðara Washington Post byggðan á misskilningi:

Segja Íslendinga standa í vegi fyrir heilbrigðri skynsemi

SJÁVARÚTVEGUR Bandaríska dagblaðið Washington Post húðskammar Íslendinga í leiðara sínum í gær. Þar er því haldið fram að það sé einkum Íslendingum að kenna að alþjóðlegt bann við botnvörpuveiðum var ekki samþykkt á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í síðasta mánuði.

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðgjafi segir leiðarann byggjast á misskilningi. Tekið er fram í leiðaranum að Rússar, Japanar, Kínverjar og Suður-Kóreu-menn hafi einnig verið andvígir banninu, en Íslendingar og Rússar

hafi komið í veg fyrir það með yfirgangi á lokuðum fundum.

Í leiðaranum eru botnvörpuveiðar sagðar skaða hafsbötn og lífríki sjávar. Erfitt sé að ímynda sér að lífríki sjávar hrynji ekki ef þjóð sem veiðir hvali og hefur færri íbúa en Washington geti komið í veg fyrir tillögur sem byggja á heilbrigðri skynsemi og miða að verndun lífríkis sjávar.



EINAR K. GUÐFINNSSON

„Sannleikurinn er sá að við vorum auðvitað að reyna að verja hagsmuni okkar sem auðlindanýtingarþjóðar og í þeim efnum vorum við í samstarfi við margar aðrar þjóðir,“ segir Einar K. Guðfinnsson.

„Það kann að líta svo út að við höfum verið í forystu þessa máls en það helgast af því að aðrar þjóðir og öflug samtök á borð við Evrópusambandið horfa mjög til okkar þegar kemur að þessum málaflokki. Þetta endurspeglar það áróðursafli sem er í samtökum á borð við Greenpeace og fleiri.“ - sh

Banaslys á Suðurlandsvegi: Tafarlausra aðgerða krafist á Suðurlandsvegi

SAMGÖNGUR Alls 54 hafa látist í umferðarslysum á Suðurlandsvegi síðan 1972 en 27 hafa farist í umferðarslysum á þessu ári.

Sturla Böðvarsson samgönguráðgjafi segir mikilvægt að flýta vegaframkvæmdum eins og kostur er.

Hannes Kristmundsson, sem missti son sinn í bílslysi á Suðurlandsvegi fyrir nokkrum árum, krefst tafarlausra aðgerða. „Ég trúi því að ráðamenn þessa lands vilji ekki heyra af fleiri banaslysum sem hefði mátt koma í veg fyrir með traustari vegum. Það þarf að gera meiri kröfur um tafarlausar aðgerðir.“

- mh / sjá síðu 4



5 DAGAR

í Litlu jólin
í Smáralind



PÓSTURINN
allur pakkinn

4.12.

Síðasti öruggi skiladagur
á jólapökkum
til landa
utan
Evrópu!



www.postur.is

Taktu enga áhættu! Veldu **KEA** í jólamatinn

SPURNING DAGSINS



Halldór, bauðstu Bush?

„Já, og ef vel stendur á þá mæta þeir báðir feðgarnir.“

Halldór Baldursson, skopmyndateiknari Blaðsins, hyggst bjóða öllum þeim sem hann hefur skopast að í myndum sínum udanfarið ár til veglegrar veislu í vikunni. Hann hefur meðal annars oft teiknað George W. Bush Bandaríkjaforseta.

Margrét Sverrisdóttir:

Íhugar framboð til forystu

STJÓRN MÁL „Mér finnst eðlilegt að



MARGRÉT SVERRISDÓTTIR

Fréttablaðið í gærkvöld.

Í viðtali í Kastljósi Ríkissjónvarpsins sagðist hún vera að fhuga að sækjast eftir embætti formanns á landsfundi Frjálslynda flokksins sem haldinn verður í lok janúar.

Margrét var í síðustu viku sagt upp sem framkvæmdastjóra þingflokks Frjálslynda flokksins og hefur hún gefið það til kynna í fjölmiðlum að Jón Magnússon hæstaréttarlögmaður, sem gekk nýverið til liðs við flokkinn, hafi átt þar hlut að máli. Hann hefur neitað því alfarið.

- mh

LANDHELGISGÆSLAN

Vélarvana hraðbátur

Hraðbátur varð vélarvana skammt utan Keflavíkur í gær. Þýrla Landhelgisgæslunnar var send á staðinn til öryggis en áhöfn hennar þurfti ekkert að aðstoða tvo menn sem voru um borð. Fiskibáturinn Gunnar Hámundarson dró bátinn að landi.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Fjórir á slysadeild

Fjórir voru fluttir á slysadeild með minniháttar meiðsl eftir árekstur tveggja bíla á gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar um klukkan sjö í gærmorgun. Talið er að annar hafi ekið gegn rauðu ljósi. Báðir bílar eru óokuhæfir.

Rumsfeld vildi breyta um stefnu í Írak daginn fyrir kosningarnar:

Sagði hernaðinn ekki virka

WASHINGTON, AP Skömmu áður en George W. Bush Bandaríkjaforseti skýrði frá því að Donald Rumsfeld varnarmálaráðgjafi myndi láta af störfum hafði Rumsfeld sagt nauðsynlegt að breyta algerlega um stefnu í Írak.

„Að mínu mati er þörf á miklum breytingum,“ sagði Rumsfeld í minnisblaði frá 6. nóvember, daginn fyrir þingkosningarnar í Bandaríkjunum og tveimur dögum áður en Bush tilkynnti að Rumsfeld myndi hætta.

„Það er greinilegt að það sem bandarískir hermenn eru að gera núna í Írak virkar hvorki nógu vel né nógu hratt,“ sagði ennfremur í

minnisblaði Rumsfelds, sem átti að fara leynt en bandaríska dagblaðið New York Times gerði það opinbert á heimasíðu sinni seint á laugardagskvöld og á prenti í gærmorgun.

Í minnisblaðinu kemst Rumsfeld ekki að neinni niðurstöðu um það til hvaða aðgerða þurfi að grípa, en telur upp ýmsa möguleika, þar á meðal að „hugsa alveg upp á nýtt verkefni bandaríska hersins og markmið Bandaríkjaanna (hvernig við tölum um þau) - fara naumhyggjuleiðina.“

Jafnframt sagði hann að Bandaríkjaforseti þurfi að „tilkynna að hvaða ákvörðun um nýjar leiðir



DONALD H. RUMSFELD Á laugardaginn brá Rumsfeld sér á völlum í Philadelphíu þar sem lið landhersins og sjóhersins áttust við í ruðningi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

sem Bandaríkin taka þá sé það gert í tilraunaskyni. Þetta gefur okkur tækifæri til að aðlagast á ný og fara aðrar leiðir, ef þörf krefur, og þar með að „tapa“ ekki.“ - gb

Sjö konur lentu í tólf efstu sætunum

Ögmundur Jónasson, Katrín Jakobsdóttir og Kolbrún Halldórsdóttir munu leiða lista vinstra grænna á höfuðborgarsvæðinu. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir hlaut mestan stuðning í 2. sæti. Um 1100 tóku þátt. Sjö konur eru á meðal tólf efstu.

STJÓRN MÁL Ögmundur Jónasson, Katrín Jakobsdóttir og Kolbrún Halldórsdóttir lentu í efstu sætum í forvali vinstri grænna á höfuðborgarsvæðinu á laugardag. Þau munu því að öllum líkindum leiða sinn listann hvert í Reykjavíkurborgardæminum tveimur og Suðvesturkjördæmi í komandi Alþingiskosningum. Í næstu sætum lentu Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Álfheiður Ingadóttir og Árni Þór Sigurðsson. Sjö konur höfnuðu í tólf efstu sætum.

Ögmundur Jónasson hlaut afgerandi stuðning í fyrsta sæti. „Það hefur verið sagt að hver sem niðurstaðan yrði þá yrðu menn ánægðir í ljósi þess mannavals sem var hjá okkur og nú horfum við bjartsýn fram á veginn. Það er margir að feta sig inn á hinn pólitíska vettvang Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs sem tendar trú í mínu hjarta um að

framíðin sé björt í þessum flokki.“

Katrín Jakobsdóttir, varaformaður flokksins, hlaut einnig nokkuð afgerandi stuðning í fyrsta sæti. „Ég er auðvitað mjög ánægð. Ég stefndi á eitt af þessum fyrstu sætum og fæ góðan stuðning í það. Ég er mjög ánægð með þetta forval og hvernig það fór fram. Við vorum með þrjátíu frambjóðendur, fjölgun í flokknum og góða kosningabátttöku. Mér líst mjög vel á þá sem náðu kjöri. Ég átti sjálf í megnustu vandræðum með að takmarka mig við þessa tólf sem ég mátti kjósa.“

Þingmaðurinn Kolbrún Halldórsdóttir var einnig mjög örugg í fyrsta sæti. „Ég sé ekki annað en að við séum að fá þarna mjög samhentlega sveit. Útkoma kvenna er ótrúlega sterk. Varaformaðurinn fær glæsilega kosningu, Auður Lilja, formaður Ungra vinstri grænna

LOKATÖLUR PRÓFKJÖRSINS

Fyrsta sæti:

| | |
|------------------------|-----|
| Ögmundur Jónasson | 832 |
| Katrín Jakobsdóttir | 665 |
| Kolbrún Halldórsdóttir | 591 |

Annað sæti:

| | |
|-------------------------------|-----|
| Guðfríður Lilja Grétarsdóttir | 764 |
| Álfheiður Ingadóttir | 525 |
| Árni Þór Sigurðsson | 435 |

Þriðja sæti:

| | |
|---------------------------|-----|
| Gestur Svavarsson | 491 |
| Auður Lilja Erlingsdóttir | 468 |
| Paul F. Nikolov | 373 |

Fjórdja sæti:

| | |
|------------------------|-----|
| Mireya Samper | 518 |
| Steinn Þóra Árnadóttir | 461 |
| Guðmundur Magnússon | 448 |

líka og við þingmennirnir fáum staðfestingu á því að við höfum flokksmenn á bak við okkur.“

Steingrímur J. Sigfússon, formaður flokksins, segir niðurstöðuna glæsilega. „Þetta er geysissterk, breið og vel samsett sveit sem þarna myndast. Við afsönnum líka þá reglu að prófkjör séu kvenfjandsamleg. Hún gildir greinilega ekki um kvenfrelsisflokkinn vinstri grænna.“

Kjörstjórn mun raða frambjóðendum niður á listana þrjá í samræmi við niðurstöður forvalsins og bera tillögur undir flokksfund. Vinstri grænir hafa nú einn þingmann í hvoru Reykjavíkurborgardæminu en engan í Suðvesturkjördæmi. 1093 greiddu atkvæði í forvalinu, en 1796 voru á kjörskrá og var kjörskrá þá 61 prósent.

stigur@frettabladid.is

Fólkskulegar aðfarir í átökum:

Eyrnabítur laus í höfuðborginni

LÖGREGLUMÁL Eyra var bitíð af manni á þrítugsaldri í miðbæ Reykjavíkur um fjögur leytíð í fyrrinótt. Hann sagði lögreglu að hann hefði stöðvað annan mann í Pósthússtræti til að spyrja til vegar. Í kjölfarið sló í brýnu milli manna og kom til átaka sem lyktaði með því að sá aðspurði hefði bitíð stærðar hluta úr eyra hins.

Fórnarlambið fann eyrað sjálfur og hafði það meðferðis til lögreglunnar sem ók honum á slysadeild. Þar var kallaður til sérfræðingur sem festi eyrað á. Árásarmaðurinn er ófundinn að sögn lögreglu.

- sh



SADDAM HUSSEIN Önnur réttarhöld yfir Saddam héldu áfram í gær.

Saddam Hussein:

Hefur áfrýjað dauðadómnum

IRAK, AP Lögræðingar Saddams Husseins áfrýjuðu í gær dauðadómnum, sem kveðinn var upp yfir honum í byrjun nóvember. Jafnframt sökuðu lögræðingarnir dómstólinn um að teifa fyrir framgangi málsins, þar sem þeir hefðu ekki fengið afrit af dómsúrskurðinum fyrr en 23. nóvember.

Úrskurðurinn kemur nú til kasta áfrýjunardómstóls, sem ekki þarf að skila niðurstöðu fyrir ákveðinn tíma, en dauðadómur þarf að fullnægja ekki síðar en þrjátíu dögum eftir að áfrýjunardómstóll skilar málinu frá sér.

- gb

Slasaður eftir stungu:

Kominn af gjörgæsludeild

LÖGREGLUMÁL Sautján ára gamall piltur, sem stunginn var í kviðinn fyrir utan skemmtistaðinn Shooters í Kópavogi á föstudagskvöld, hefur verið útskrifaður af gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut.

Um tíma var pilturinn í lífshættu vegna áverka sem hann hlaut. Rannsóknardeild lögreglunnar í Kópavogi vinnur að rannsókni á málinu en þrjú menn um tvisugt, sem grunaðir eru um aðild að hópslagsmálum sem leiddu til þess að pilturinn var stunginn í kviðinn, eru enn í haldi lögreglu en þeir hafa verið yfirheyrðir frá því þeir voru handteknir á vettvangi.

- mh

Fjöldi stjórnmálamanna hefur borist nafnlaust bréf með grófu múslimahatri:

Múslimahatri dreift bréfleiddis

TRÚARBRÖGD Fjórðán síðna bréf, uppfullt af óhróðri um múslima og íslamstrú, hefur verið sent til fjölda landsmanna undanfarna daga, meðal annars stjórnmálamanna. Nokkrir hafa sent lögreglunni bréfin til rannsókna.

Á efni bréfsins má skilja að það hafi verið skrifað 21. nóvember af hóp sem kallar sig „Group 1627“. Að öðru leyti er ekkert sem gefur til kynna hverjir standa að sendingunum. Talið er að undirskriftin vísi til Tyrkjaránsins sem var framið það ár.

Valgeir Helgi Bergþórsson er einn þeirra sem fékk bréfið sent heim til sín og tengir það við pistil sem hann skrifaði og birti á vefsíðu um að hjálpa bæri innflytjendum að aðlagast landi og þjóð. „Ég er hálfpartinn í sjokki yfir að fá svona póst sendan heim til mín og sérstaklega þar sem hann er alveg nafnlaus. Maður er svona dæmigerður Íslendingur sem heldur að svona líðist ekki á Íslandi. Fyrir mér er þetta hreinn og beinn niðingsháttur um Íslamsstrú.“

Vitað er að allir frambjóðendur í forvali vinstri grænna í Reykjavík fengu bréfið, sem og flestir aðrir sem koma að stjórnmálaumræðu í landinu. Í lögum er



HATURSÁRÓÐUR Þessi teikning er meðal þess sem sjá má í bréfinu. Margir sem fengu bréfið sent hafa þegar kært það til lögreglu.

kveðið á um að hver sem smáran trúarkenningar löglegs trúfélags skuli sæta sektum eða fangelsi. Óvist er hvort umrætt bréf falli þar undir.

- sdg / sh

75.000 KR.

GJAFABRÉF

FRÁ SMÁRALIND FYLGIR NÚNA ÖLLUM NOTUÐUM BÍLUM FRÁ INGVARI HELGASYNI



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opíð: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Gerðu góðverk þegar þú kaupir jólagjöfina hjá okkur

Vodafone gefur 1.000 kr. til góðgerðamála fyrir hvern gamlan GSM síma. Þú færð 1.000 kr. afslátt af nýjum síma. Síminn verður sendur til þróunarlanda eða endurunninn. **Látum gott af okkur leiða um jólin**

Sharp GX 17

9.900 kr.
live! símtæki



Nokia 6131

26.900 kr.
live! símtæki



Nokia 6070

13.900 kr.
live! símtæki



Motorola PEBL

19.900 kr.
live! símtæki



Komdu við í verslun okkar eða hjá umboðsmanni, hringdu í 1414 eða smelltu þér á www.vodafone.is til að fá nánari upplýsingar.

gríptu augnablikið og lifðu núna


vodafone

| GJALDMÍÐLAR | KAUP | SALA |
|-----------------|--------|--------|
| Bandaríkjadalur | 67,72 | 68,04 |
| Sterlingspund | 133,16 | 133,80 |
| Evra | 89,58 | 90,08 |
| Dönsk króna | 12,015 | 12,085 |
| Norsk króna | 10,962 | 11,026 |
| Sænsk króna | 9,92 | 9,978 |
| Japanskt jen | 0,5818 | 0,5852 |

SDR 102,22 102,82

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

122,6835

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Augusto Pinochet fékk hjartaáfall í gærmorgun og er tvísýnt um líf hans:

Úr stofufangelsi á sjúkrahúsið

CHILE, AP Augusto Pinochet, fyrrverandi einræðisherra í Chile, fékk hjartaáfall í gærmorgun og var í skyndi fluttur á sjúkrahús þar sem tvísýnt var um líf hans.

Hann gekkst undir hjartaþræðingu til þess að víkka út þröngar æðar við hjartað og átti í framhaldi af því að gangast undir opna skurðaðgerð í þeirri von að bjarga mætti lífi hans.

Kapólskur prestur veitti honum hinstu smurningu að kapólskum sið, en Pinochet var að mestu með meðvitund í gær.

Pinochet, sem er orðinn 91 árs, hafði verið í stofufangelsi frá því í síðustu viku þegar honum voru

birtar ákærur vegna lífláts tveggja líffarða Salvadors Allende, forseta Chile sem Pinochet og herlið hans steypti af stóli árið 1973.

Pinochet ríkti harðri hendi í Chile árin 1973 til 1990 og hefur verið sakaður um margvísleg mannréttindabrot og hrottaskap.

Heilsu hans hefur hrakað á síðustu árum. Hann hefur notað gangráð árum saman, hefur fengið heilablóðfall nokkrum sinnum og greindist með væga heilabilun.

Bágt heilsufar hans hefur orðið til þess að fallið hefur verið frá réttarhöldum, bæði í Bretlandi og í Chile, vegna mannréttindabrota í stjórnartíð hans.



Einræðisherrann á sínum mektar-dögum Líf Pinochets hangir á bláþræði en kapólska kirkjan hefur veitt honum syndaaflausn með síðustu smurningu.

Mikill eldsvoði í Bretlandi:

Sprengingar í flugeldagerð

LONDON, AP Gríðarlegar sprengingar urðu í flugeldaverksmiðju í Sussex, sunnanvert á Englandi, upp úr hádegi í gær. Tugir slökkviliðsmanna börðust við eld í verksmiðjunni lengi dags og eitthvað af fólki slasaðist, sumt alvarlega.

„Þetta var eins og flugeldasýning með eld í miðjunni,“ sagði Richard Mitchell, þritugur maður sem fylgdist með skammt frá. „Þetta var brjálæðislegt. Þetta gekk svona í um það bil hálf tíma áður en aðeins dró úr þessu. Við sáum tíu eða tólf slökkviliðsbíla og fjóra eða fimm sjúkrabíla.“



MÓTMÆLI Í BEIRÚT „Farðu bara“ stendur á þessu mótmælaskilti gegn forsætisráðherra.

Enn mótmælt í Líbanon: Saniora ætlar að sitja áfram

BEIRÚT, AP Fuad Saniora, forsætisráðherra Líbanons, ætlar að sitja sem fastast í embætti þrátt fyrir dagleg fjöldamótmæli frá því á föstudag þar sem afsagnar hans er krafist.

Hann lýsti þessu yfir eftir að hafa leiðtogar í arabaheiminum sögðust ætla að gera sitt til þess að miðla málum og koma í veg fyrir borgarastyrjöld.

Mótmælin eru á vegum Hezbollah-samtakanna sem krefjast þess að fá stærri hlut í stjórn landsins. Kristni minnihlutinn í landinu styður Hezbollah í þessum kröfum.

Fimmtíu og fjórir látist á Suðurlandsvegi frá 1972

Fimm banaslys hafa orðið á Sandskeiði þar sem tveir létust á laugardag. Tvöföldun vegarins þolir enga bið, segir Svanur Kristinsson lögreglumaður. Vegamálastjóri segir tvöföldun vegarins ekki nauðsynlega.

SAMGÖNGUR Fimmtíu og fjórir hafa látist í umferðarslysum á Suðurlandsvegi frá því árið 1972. Samtals hafa 27 látist í umferðarslysum á þessu ári.

Fjögurra ára gömul stúlka og þritugur karlmaður létust í hörðum árekstri tveggja bíla á Sandskeiði skammt frá afleggjaranum til Bláfjalla á laugardag. Átta ára drengur slasaðist alvarlega og liggur enn á gjörgæsludeild en líðan hans er stöðug og eftir atvikum.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Reykjavík, sem fer með rannsókn málsins, voru tildrög slyssins þau að bifreið var ekið yfir á öfugan vegarhelming er hann var að taka fram úr. Í kjölfarið skall bifreiðin framan á annarri bifreið, sem var að koma úr gagnstæðri átt.

Sturla Bødvarsson samgönguráðherra segir hörmuleg bílslys á þessu ári gefa tilefni til þess að flýta uppbyggingu vegakerfisins, með það fyrir augum að auka öryggi. „Ég hef marglýst því yfir að það sé nauðsynlegt að skilja að akstursstefnur á Suðurlandsvegi, og að því verður unnið eins og hratt og kostur er. Hörmuleg slys minna okkur á það, með óþægilegum hætti, hversu mikilvægt það er að flýta uppbyggingu á vega-

kerfinu til þess að auka öryggi og fyrir því þurfum við ráðamenn í landinu að beita okkur eftir fremsta megni.“

Svanur Kristinsson, varðstjóri í lögreglunni á Selfossi, segir það aðkallandi verkefni að ráðast í tvöföldun Suðurlandsvegar. „Það verður að ráðast í tvöföldun Suðurlandsvegar strax. Það er afskaplega dapurlegt að þurfa að horfa upp á hvert á fætur öðru. Tvöföldun vegarins eykur öryggi og myndi draga úr slysum, það gefur auga leið. Þess vegna verður að ráðast í þetta verkefni strax. Banaslysin fjölmörgu benda til þess að málið þoli enga bið.“

Jón Rögnvaldsson, vegamálastjóri hjá Vegagerð ríkisins, segir tvöföldun Suðurlandsvegar ekki nauðsynlega heldur þurfi að breikka veginn á ákveðnum köflum til þess að auka öryggi. „Umferð á Suðurlandsvegi er ennþá langt undir þeim mörkum sem miða þarf við þegar ákvarðanir um tvöföldun eru teknar. Hins vegar þarf að auka öryggi á veginum með breikkun og aðskilnað á milli akstursstefna. Við höfum að undanförunni unnið að undirbúningi framkvæmda til þess að ráðast í þær framkvæmdir.“ magnush@frettabladid.is

Faðir pilts sem lést í slysi segir yfirvöld þurfa að bregðast við: Tafariusar úrbætur eina ráðið

„Þetta var ekki ég,“ sagði Hannes Kristmundsson, garðyrkjubóndi í Hveragerði, við konu sína í síma skömmu eftir að fréttir bárust af hörðum árekstri á Sandskeiði á laugardag. Hannes missti son sinn í bílslysi á Suðurlandsvegi fyrir nokkrum árum, auk þess sem kona hans og annar sonur hafa slasast töluvert í hörðum árekstrum á Suðurlandsvegi.

„Það vill svo til að ég var á ferð á þessum slóðum þegar slysið varð og eins og alltaf þegar slys verður á Suðurlandsvegi þá fékk ég sting í magann. Ég veit að kona mín fær hann líka og þess vegna varð ég að láta hana vita að ég hefði sloppið. Mér finnst það gjörsamlega óþolandi staða fyrir fólk sem keyrir um Suðurlandsveg að þurfa að vera í stöðugri lífshættu á ferð á þessum vegi vegna þess að ekki hefur verið ráðist í nægilega miklar framkvæmdir til þess að bjarga mannlífum, með tvöföldun vegarins. Ég trúi því að ráðamenn þessa lands vilji ekki heyra af fleiri banaslysum sem hefði mátt koma í




FRÁ SLYSSTAÐ Tvennt lést í árekstri á Suðurlandsvegi á laugardag.

veg fyrir með traustari vegum,“ segir Hannes og biður fólk um að gera ríka kröfu til yfirvalda um að treysta vegi í landinu.

„Ég veit hvers konar hörmungar fylgja því að missa einhvern nákominn í bílslysi. Nú á tímum, þegar umferð er víðast hvar að aukast til muna, þarf að gera miklu meiri kröfur um tafarlausar aðgerðir um samgönguúrbætur. Á Suðurlandsvegi líkt og annars staðar þar sem þörf er á.“

DREIFING BANASLYSA Á SUÐURLANDSVEGI 1972 – 2006



ÚTLENDINGAMÁL

Þrjár sækja um hæli

Þrjár flóttamenn frá Hvíta-Rússlandi hafa sótt um pólitískt hæli hér á landi og hafa þar með þrjátíu og tveir menn sótt um hæli hér á þessu ári. Umsókn Hvít-Rússanna er til vinnslu hjá Útlendingastofnun.

JÓLALEST Coca-Cola kemur eftir 5 DAGA

VEÐURSPÁ

um hádegi »

» á morgun

» miðvikudagur

| Stað | 10°C skúrir | 13°C skúrir | 21°C hálfskýjað |
|-----------------|-----------------|-----------------|-----------------|
| Kaupmannahöfn | 10°C skúrir | 13°C skúrir | 21°C hálfskýjað |
| Þórshöfn | 9°C hálfskýjað | 14°C skúrir | 20°C hálfskýjað |
| Oslo | 7°C skúrir | 12°C skúrir | 20°C skúrir |
| Stokkhólmur | 9°C hálfskýjað | 8°C skúrir | 17°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 9°C hálfskýjað | 10°C skúrir | 22°C hálfskýjað |
| London | 13°C skúrir | 14°C skúrir | 21°C hálfskýjað |
| Paris | 13°C skúrir | 14°C skúrir | 20°C hálfskýjað |
| Frankfurt | 12°C skúrir | 12°C skúrir | 20°C skúrir |
| Friedrichshafen | 8°C skúrir | 8°C skúrir | 17°C hálfskýjað |
| Berlin | 10°C skúrir | 10°C skúrir | 22°C hálfskýjað |
| Alicante | 21°C hálfskýjað | 21°C hálfskýjað | 21°C hálfskýjað |
| Mallorca | 20°C hálfskýjað | 20°C hálfskýjað | 20°C hálfskýjað |
| Algarve | 20°C skúrir | 20°C skúrir | 20°C skúrir |
| Krit | 17°C hálfskýjað | 17°C hálfskýjað | 17°C hálfskýjað |
| Las Palmas | 22°C hálfskýjað | 22°C hálfskýjað | 22°C hálfskýjað |

* Vinndraði er í metrum á sekúndu.



Landslið matreiðslumeistara er samstarfsaðili Hagkaupa

Besti hryggurinn

að mati landsliðs matreiðslumeistara

Við fengum kokkalandslíðið til að taka út nýja hamborgarhrygg Hagkaupa. Dómar landsliðsins eru einróma - þetta er besti hryggur sem það hefur smakkað!



Þarf ekki að sjóða! Aðeins 90 mín. í ofni!

HAGKAUP
Hamborgarhryggur
Sérvalinn úr nýju hráefni

SALT MINNI

Tilbúinn beint í ofninn þarf ekki að sjóða

Við viljum vera viss um að hlífðamesturun þínu verði áskilnaðlegur. Þess vegna hlífum við hráefnið áskilnaðlegu hátt og tryggjum þess vegna gæðingum þess landsliðs matreiðslumeistara. Hættu er á að hlífðingurinn sé ekki á skilum þess landsliðs matreiðslumeistara. Þess vegna hlífum við hráefnið áskilnaðlegu hátt og tryggjum þess vegna gæðingum þess landsliðs matreiðslumeistara. Hættu er á að hlífðingurinn sé ekki á skilum þess landsliðs matreiðslumeistara. Þess vegna hlífum við hráefnið áskilnaðlegu hátt og tryggjum þess vegna gæðingum þess landsliðs matreiðslumeistara.

HAGKAUP
Hamborgarhryggur



HAGKAUP
Hangikjöt í suðupoka
reykt með sérstakri blöndu af íslensku birki

HAGKAUP MÆLA MED

Í suðupoka hefur hangikjöt verið stíva af þjálfrættum ákveðningu. Kjötur sem gæði eru þú mæltur þegar hangikjöt er settur í ofninn. Hangikjöt er reykt með öðrum gæðingum. Notaðu þetta kjöt til að hlífðingurinn sé ekki á skilum þess landsliðs matreiðslumeistara. Þess vegna hlífum við hráefnið áskilnaðlegu hátt og tryggjum þess vegna gæðingum þess landsliðs matreiðslumeistara. Hættu er á að hlífðingurinn sé ekki á skilum þess landsliðs matreiðslumeistara. Þess vegna hlífum við hráefnið áskilnaðlegu hátt og tryggjum þess vegna gæðingum þess landsliðs matreiðslumeistara.

HAGKAUP
Hamborgarhryggur

Gæða hangikjöt í suðupoka

Við viljum vera viss um að gæði kjötsins haldist óskert alla leið á diskinn þinn. Þess vegna setjum við hangikjötið í suðupoka, þú smellir bara pokanum með hangikjötinu beint í pottinn og sýður skv. leiðbeiningum. Þannig haldast öll bragðgæði kjötsins betur og gæðin koma skemmtilega á óvart.





Ert þú heimsforeldri?

JÁ 25%
NEI 75%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á að tvöfalda Suðurlandsveg?

Segðu skoðun þína á visir.is



Óslóartréð er bæði prýtt ljósum og skrauti til styrktar Félagi lamaðra og fatlaðra:

Jóla ljóð eftir Sjón fylgir Kertasníki

MANNLÍF Margt var um manninn á Austurvelli í gær þegar kveikt var á Óslóartrénu við Austurvöll. Tréð er nú í fyrsta skipti skreytt litlum jólaórum, ásamt jóla ljósum, en óróarnir verða seldir til styrktar Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra en alþjóðadagur fatlaðra var í gær.

Það eru listamennirnir Sjón og Sigga Heimis sem leggja Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra lið með túlkun sinni á Kertasníki. Óróinn er úr stáli og segir Eva Þengilsdóttir, hjá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra, að á næstu árum megi vænta svipaðra listaverka sem sýni bræður hans tólf. Eva segir

að hugmyndin að listaverkinu sé að tengja ritsnilld og hönnun við íslenskan menningararf en Sjón samdi ljóð sem fylgir hverjum Kertasníki.

Kertasníkir verður seldur í versluninni Casa í Síðumúla og rennur ágóði af sölu hans til Æfingastöðvarinnar sem sinnir iðjuþjálfun barna og unglinga en stöðin er fimmtíu ára um þessar mundir.

Rúm hálf öld er síðan Norðmenn færðu Íslendingum grenitré að gjöf í fyrsta skipti til að skreyta Reykjavík. Við athöfnina í gær flutti Dómkórinn nokkur lög áður en Guttorm Vik, sendiherra



KVEIKT Á ÓSLÓARTRÉNU Fjölmennt var á Austurvelli í gær og veðrið skartaði sínu fegursta þegar kveikt var á trénu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Noregs á Íslandi, afhenti tréð. Það Jóel Einar Halldórsson sem var hinn ellefu ára norsk-íslenski kveikti ljósin á trénu.

- hs



MADONNA Ásamt börnum sínum og drengnum sem hún vill ættleiða.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ættleiðingarmál Madonnu:

Mannréttindasamtök ákveða

MALAVÍ, AP Mannréttindasamtök í Malaví og barnaverndarsamtök hafa fengið heimild til þess að taka þátt í ákvörðun um það hvort söngkonan Madonna fær að ættleiða eins árs gamlan dreng frá Malaví.

Andrew Nyirendaa, dómari í Malaví, kvað upp úrskurð um þetta á miðvikudag. Þessi sami dómari hafði veitt Madonnu og eiginmanni hennar bráðabirgðaheimild til þess í október að fá forræði yfir drengnum, en mannréttindasamtök hafa gagnrýnt þá ákvörðun á þeim forsendum að Madonna hafi vegna frægðar sinnar fengið sérmeðferð í málinu.

- gb

Átök í Kaupmannahöfn:

Skot hljóp úr byssu í Nýhöfn

DANMÖRK Skot hljóp úr byssu í Nýhöfn í Kaupmannahöfn í gærmorgun. Tveir menn tókust á á veitingastað í götunni og sló annar þeirra hinn með byssu með þeim afleiðingum að skot hljóp úr byssunni. Var maðurinn handtekinn stuttu síðar en hinn gengur enn laus.

Enginn slasaðist samkvæmt frétt á vefsíðu Berlingske tíðend en lögreglan hafði aðbúnað á svæðinu fram eftir degi á sunnudag. Nýhöfn er vinsæll áfangastaður meðal ferðamanna í borginni.

- ks

KÁRAHNJÚKAR

Borar mætast

Búist er við því að tveir risaborar mætist á Kárahnjúkum í dag. Takist það opnast fjórutiú kílómetra löng aðrennslisgöng sem ætlað er að flytja Jöklu úr Hálslóni yfir að stöðvarhúsi í Fljótsdal.

SVÍPJÓÐ

Vetrardekk á veturna

Svíar hafa bannað sumardekk á einkabílum á veturna. Frá 1. desember til 31. mars verða allir að vera á vetrardekkjum í snjó og hállu á vegum. Mynstrið verður að vera þriggja millimetra djúpt.

Chaves vongóður um að sigra í gær

Hinn orðhvati vinstri maður Hugo Chavez þótti nánast öruggur um sigur í forsetakosningunum í Venesúela í gær. Mikill hagvöxtur í landinu hefur auðveldað honum að nota olíuauðinn til þess að bæta hag fátækra.

VENESÚELA, AP Allt benti til þess að Hugo Chavez myndi sigra með yfirburðum í forsetakosningum í Venesúela í gær og verði því sex ár í viðbót í embættinu. Mótframbjóðandi hans, Manuel Rosales, hafði þó unnið töluvert á í skoðanakönnunum síðustu daga og gerði sér vonir um sigur.

Milljónir kjósenda tóku daginn snemma til að kjósa og langar biðraðir mynduðust á kjörstöðum strax fyrir dögum í gærmorgun.

Þeir Chavez og Rosales eru gerólkir, Chavez harður vinstri maður sem hefur unnið hug og hjörta fátækra íbúa landsins en Rosales sannfærður markaðshyggjumaður sem sakar andstæðing sinn um að vilja ráða öllu eins og einræðisherra.

Chavez hefur heldur betur vakið athygli umheimsins, ekki síst með ummælum sínum um Bush Bandaríkjaforseta á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í haust þar sem hann sagði Bush vera sjálfan djöfulinn.

Heima fyrir hefur Chavez varið stórum fjárhæðum af olíuauð landsins til þess að bjóða meðal annars niðurgreidd matvæli, ókeypis háskólamenntun og fjárstuðning til einstæðra mæðra.

Hann hefur hins vegar sætt stöðugri gagnrýni frá fjölmiðlum heima fyrir en nýtur þess að hagvöxtur í landinu er meiri en í nokkru öðru landi Suður-Ameríku.

Kosningabaráttan hefur verið illskeytt. Chavez hefur kallað Rosales þéð í höndum Bandaríkjamanna og harðneitað að taka þátt í



VIÐ KJÖRSTAD Í CARACAS Íbúar landsins tóku daginn snemma og voru sumir hverjir mættir á kjörstað löngu fyrir sólarupprás.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

sjónvarpseinvígi milli þeirra tveggja, sem Rosales fór fram á. Chavez hefur einnig sakað stjórnarandstöðuna um að skipuleggja óeirðir ef hann beri sigur úr ýtum.

„Þetta eru ekki bara venjulegar kosningar,“ sagði Rosales hins vegar nýlega. „Við erum að velja á milli tveggja leiða – annar hópurinn trúir á lýðræði en hinir vilja koma á fót í Venesúela kommún-

istakerfi í ætt við Castro og Kúbu þar sem fólk er svipt frelsi sínu.“

Chavez hefur verið í farabroddi vinstri manna sem komist hafa í forystu í hverju Suður-Ameríkuríkinu á fætur öðru síðustu misserin. Hann viðurkennir fúslega að vera mikill aðdáandi Fidels Castro en segist jafnframt vera einlægur lýðræðissinni og lofar því að virða eignarrétt manna í einu og öllu. gudsteinn@frettabladid.is

Góður skíðasnjór fyrir norðan og vestan:

Kjöraðstæður til skíðaiðkunar

ÚTIVIST Skíðasvæði Ísfirðinga í Tungudal var opnað um helgina, þótt útlit væri fyrir að það yrði ekki gert fyrr en eftir áramót vegna lítillar snjókomu á svæðinu framan af vetri.

Með styrk frá Skeljungu, sem fólst í fjögur þúsund olíulítrum til að setja á troðarana, og vinnu sem félagsmenn Skíðafélags Ísfirðinga hafa gefið, mun takast að halda svæðinu opnu fyrir áramót. Margrét Halldórsdóttir, formaður Skíðafélags Ísfirðinga, sagðist í samtali við Fréttablaðið vera ánægð með framvinduna, „enda nægur snjór og frábært veður í Tungudal“, eins og orðaði það. „Við höfum opið fram til áramóta með aðkomu Skíðafélagsins, svo tekur bæjarstjórnin við.“

Guðmundur Karl Jónsson, forstöðumaður Hlíðarfjalls á Akureyri, segist varla muna eftir eins góðu árferði og nú. „Við opnuðum svæðið 18. nóvember en algengara er að það sé opnað í janúar eða febrúar. Við höfum verið afskaplega heppin með veður í ár eins og í fyrra og aðsóknin er góð eftir því.“



SKEMMTUN Þessir kátu krakkar skelltu sér á skíði í Tungudal á Ísafirði.

MYND/FRIDGERÐUR ÓMARSÓTTIR

Annað er uppi á teningnum í Bláfjöllum og Skálafelli þar sem ekki hefur snjóað nægilega til að opna skíðasvæðin. Grétar Hallur Þórisson, forstöðumaður skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, segir þó litla ástæðu til að örventa þar sem starfsemin fari fyrirleitt ekki af stað fyrr en upp úr áramótum.

-rv

BOÐEINDIS

Í 19 ár - Þar sem verð og gæði fara saman

Fáðu faglega ráðgjöf og kaupðu vandaða

Asus A6V-A



fartölvu á góðu verði
**Almennt verð kr. 101.679,-
Staðgreiðsluverð**

kr. 94.900,-

**Langbesta tilboðið
Flottasta jólagjöfin**

Skjár: 15.4" WXGA (Glare type) háskerpuskjúr
Örgjörvi: Intel Mobile Pentium 1.7GHz - 2MB cache
Skjákort: Nvidia Geforce Go 7300 256MB
Vinnsluminni: 1 GB DDR2 / Mest 2GB
Harður diskur: 100GB
Netkort: LAN 10/100/1000
Þráðlaust netkort: 802.11a/b/g
Geisladrif: 8x dual layer DVD brennari
Vefmyndavél: 1.3Mega Pixla m.hljóðnema
Stýrikerfi: Windows XP Professional
Rafhlaða: 8 Cells - Allt að 3,5 klst. ending
Abyrgð: 2ja ára alþjóðleg abyrgð

Fartölvutaska & optical USB mús fylgir frítt með ásamt öflugum hugbúnaðarpakka.

Allar fartölvur frá Boeind koma með Microsoft XP Professional stýrikerfi og eru Microsoft Vista tilbúnar.



Boeind ehf. - Mörkin 6 - 108 RVK - S: 588 2061
Opíó allra virkra daga frá kl. 10:00 - 18:00 - sala@boeind.is
Boeind býður upp á viðurkenna verkstæðisþjónustu - thjonusta@boeind.is

Í magnaðri sveiflu

Hinn og haf / SIA - 9061024



Það er ekkert lát á uppsveiflunni hjá SPRON Verðbréfum, því eins og sjá má af þessum nótum voru SPRON Verðbréf með langhæstu ávöxtun sambærilegra sjóða á markaði eða **15,11%.***

Um er að ræða **Peningamarkaðssjóð SPRON.** Markmið sjóðsins er að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Hentar hann því vel fyrir þá sem vilja ekki taka mikla áhættu en fá samt stöðuga ávöxtun. Enginn kostnaður fylgir því að fjárfesta í sjóðnum og inneignin er laus samdægurs.

Kynntu þér málið nánar á www.spronverdbref.is

 **spron**
VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

*Nafnávöxtun miðast við 1. september til 1. desember 2006 á ársgrundvelli.

Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa www.spronverdbref.is.
Athygli er vakin á að fjárfestingarsjóðir eru áhættumeiri fjárfestingarkostur en verðbréfasjóðir skv. lögum.

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða þrír einstaklingar fengu flest atkvæði í forvali VG á höfuðborgarsvæðinu um helgina?
2. Um helgina var afmælis-hátíð haldin á Kúbu, hve mörg ár eru frá valdatöku Fíðels Kastrós í landinu?
3. Hvaða þjóðþekkti skemmti-kraftur mun á næstunni gefa út safndiskinn Hver er sinnar gæfu smiður?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

2.760 fermetra reiðhöll hefur verið tekin til notkunar á Hvanneyri:

Lyftistöng fyrir hestafólk

VESTURLAND Um helgina var tekin í notkun 2.760 fermetra reiðhöll á Mið-Fossum 2 á Hvanneyri. Ármann Ármannsson frá Miðhúsum lét byggja höllina en við hana er hringvöllur og hesthús þar sem aðstaða verður fyrir áttatíu hross. Þá er á svæðinu kennslustofa og eldhús og góð aðstaða fyrir stórmót og sýningar.

Landbúnaðarháskóli Íslands mun hafa höllina á leigu næstu tólf árin og segir Ágúst Sigurðsson, rektor LBHI, höllina og aðstöðuna þar í kring verða notaða til kennslu, við barna- og unglingsstarf, í rannsóknarstarfsemi og hrossarækt.

„Þessi aðstaða er gríðarleg lyftistöng fyrir hestamennsku á svæðinu og ég held að það sé óhætt að segja að hún sé ein sú besta á landinu. Ármann er að gefa svæðinu mikið með því að koma aðstöðunni upp og verður hún í nýtingu allan ársins hring.“

Ágúst giskar á að á milli 500 og 600 manns hafi verið á svæðinu á laugardaginn þegar reiðhöllin var vígð. Í tilefni vígslunnar var boðið upp á hópreið, reiðkennarar Landbúnaðarháskólans héldu skraut-sýningu og Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra ávarpaði gesti. Þá buðu Ármann og fjölskylda hans gestum upp á veitingar. - hs



REIÐHÖLLIN VÍGÐ Ágúst Sigurðsson, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands, Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra og Ármann Ármannsson, eigandi reiðhallarinnar.

Árekstur í miðbæ Reykjavíkur: Aldraður öku- maður stakk af

LÖGREGLUMÁL Ökumaður á tíræðisaldri varð valdur að umferðaróhappi í miðbæ Reykjavíkur á miðvikudag þegar bifreið hans rakst saman við aðra.

Tjónvaldurinn ók hins vegar strax á brott eftir áreksturinn, hinum öikumanninum til lítillar gleði. Þegar lögreglan fór að grennslast fyrir um hann kom í ljós að sá sem stakk af er á tíræðisaldri. Hann játaði þó sök sína greiðlega þegar lögreglu-menn ræddu við hann.

Að sögn lögreglu hefur maðurinn ekki áður gerst sekur um umferðarlagabrot. - þsj

AFHENDING KÆRLEIKSKÚLUNNAR 2006

„SALT JARÐAR“

eftir Gabríelu Friðriksdóttur

Í dag, 4. desember kl. 16:00, býður Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra landsmönnum til athafnar í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu, í samstarfi við Listasafnið og Glitni. Komið og njótið stundarinnar með okkur!



LEIFSSTÖÐ Fyrirkomulag svokallaðrar þriðju landa leitar hefur verið nokkuð til umfjöllunar, en hún er einungis brot af allri öryggis-gæslu í flugstöðinni.

Sérfræðileg úttekt á flugvernd í Leifsstöð

Utanríkisráðherra ætlar að láta gera þarfagreiningu á flugvernd í Leifsstöð til að komast að raun um hvort hagkvæmast sé að bjóða rekstur öryggisgæslunnar þar út, eða hafa hana hjá sýslumannsembættinu á Keflavíkurflugvelli.

ÖRYGGISMÁL Utanríkisráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, hefur ákveðið að gerð verði þarfagreining á flugvernd í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Að fengnum niðurstöðum hennar verður tekin ákvörðun um hvornig rekstri öryggisgæslu í flugstöðinni verður háttáð, það er hvort hún verði boðin út eða verði til að mynda á hendi sýslumannsembættisins á Keflavíkurflugvelli.

Utanríkisráðherra hefur ákveðið að gerð verði þjónustusamningur um svokallaða þriðju landa leit milli flugvallarstjóra og sýslumannsembættisins á Keflavíkurflugvelli. Hann tekur gildi á áramótum og er gildistími hans eitt ár, að sögn Jóns Egils Egilssonar, skrifstofustjóra varnarmála-skrifstofu utanríkisráðuneytisins. „Það hafa verið áætlaðar 160 milljónir til verksins á gildistíma samningsins, en sú áætlun byggði á mati flugmálastjórnar á

Keflavíkurflugvelli,“ segir Jón Egill. „Flugvallarstjóri og sýslumaður gera umræddan samning milli sinna embætta.“

Hvað varðar þarfagreiningu öryggisgæslunnar segir hann að gerð verði sérfræðileg úttekt á mögulegum rekstrarútfærslum vegna vopnaleyta í Leifsstöð til framtíðar lítið.

„Við höfum haft af því nokkrar áhyggjur að slík greining, sem hlýtur að vera forsenda fyrir framtíðarskipulagi og jafnframt því að öryggisgæslan verði boðin út, hefur ekki farið fram. En þegar hún hefur nú farið fram og niðurstöður hennar liggja fyrir verður tekin ákvörðun um framhaldið. Það mun gera þriggja manna starfshóp, sem ráðherra hefur ákveðið að settur verði á laggirnar. Hann verður skipaður fulltrúum samgönguráðuneytis, dómsmálaráðuneytis og utanríkisráðuneytis.“

Formaður hópsins verður fulltrúi samgönguráðuneytis og segir Jón Egill ástæðu þess vera þá að með tíð og tíma muni reksturinn á Keflavíkurflugvelli færast frá utanríkisráðuneyti til samgönguráðuneytis. Ekki sé ákveðið hvernær það verði, en lögð sé áhersla á að sá flutningur fari skipulega fram, en ekki verði flanað að neinu.

„Þetta er einn liður í því að koma öllum þeim að þessu máli, sem það varðar,“ bætir hann við. „Þessi hópur mun gefa álit, byggt á þarfagreiningunni, á hvornig flugverndinni í heild sinni skuli hagað til frambúðar. Það gildir ekki einungis um þessa þriðju landa leit, sem hefur verið til umfjöllunar að undanförmum, og er einungis brot af heildinni, heldur alla leit, sem verður á þessu bið-tímabili á einni hendi hjá sýslumanni.“

jss@frettabladid.is

Tveir menn hafa verið sakfelldir fyrir vopnuð rán í Apótekanum á einni viku:

Rænd tvisvar á stuttum tíma

DÓMSMÁL Maður á fimmtugsaldri var á föstudag dæmdur í fimmtán mánaða fangelsi fyrir að hafa í mai síðastliðnum framið rán í lyfjarsluninni Apótekanum.

Maðurinn gekk inn í verslunina, hélt öxinni ógnandi á lofti og æpti „contalgin, ritalín, komdu með það eins og skot.“ Starfsmenn létu hann hafa lyfin og að því loknu setti hann þau í rusladall og hafði sig á brott.

Lögregla grunaði manninn fljótlega um verknaðinn og var hann handtekinn þremur dögum síðar. Við leit á heimili hans fannst töluvert magn af tölunum og jät-

aði hann í kjölfarið verknaðinn. Hann sagði ránið hafa verið skyndiákvörðun sem ekki hafi verið undirbúin á neinn hátt. Þá kvaðst hann vera fíkniefnaneytandi og að hann hafi verið í miklu morfínfráhvarfi þegar ránið átti sér stað. Maðurinn hefur áður hlotið fjölmarga dóma á Íslandi og í Svíþjóð og rauf skilorð fyrri dóms með broti sínu.

Þetta er annar dómur sem fellur í ráns máli sem framið var í Apótekanum á stuttum tíma. Í síðustu viku var karlmaður á þrítugsaldri dæmdur til sómu refsingar fyrir að hafa í febrúar



APÓTEKARINN Var rændur tvisvar á þremur mánuðum. Í seinna skiptið öskraði ræninginn „contalgin, ritalín, komdu með það eins og skot,“ að starfsmanni verslunarinnar.

síðastliðnum rænt verslunina, vopnaður búrhnið og með hulið andlit. Hann var einnig á höttunum eftir sömu lyfjum. - þsj

KÆRLEIKSKÚLAN

Sölu tímabil 5. - 19. desember

Söluáðilar

Home Art - Smáralind • Kokka - Laugavegi 47 • Listasafn Reykjavíkur - Hafnarhúsinu
Villeroy & Boch búðin - Kringlunni • Valrós - Akureyri • Norska húsið - Stykkishólmi
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra

Markmiðið með sölu Kærleikskúllunnar er að auðga líf fatlaðra barna og ungmenna og rennur allur ágóði til starfs í þeirra þágu.



LISTASAFN REYKJAVÍKUR
REYKJAVÍK ART MUSEUM

STYRKARFÉLAG LAMAÐRA
OG FATLAÐRA

GLITNIR

VIÐ HEIMTUM ÓDÝRA FARSÍMA!



Sony Ericsson K310i

BT: kr. 15.999
Farsímalagerinn:

kr. 11.900



Nokia 5500 Sport

Elko: kr. 32.995
Farsímalagerinn:

kr. 28.995



Nokia 1112

Max: kr. 5.499
Farsímalagerinn:

kr. 4.590



Nokia 6021

Vodafone: kr. 16.900
Farsímalagerinn:

kr. 11.995

**SÁ ALLRA
ÓDÝRASTI**

**ÓDÝR
BLUETOOTH
SÍMI**



Bluetooth búnaður

**Vertu öruggari
í umferðinni!**

kr. 2.990

Farsímar eiga ekki að vera dýrir!

Farsímalagerinn stórlækkar verð á íslenskum farsíamarkaði. Gífurlegt úrval af farsímum, handfrjálsum búnaði og öllum fylgihlutum á allra lægstu verðum á Íslandi. Eigum mikið úrval af Bluetooth tækjum á frábærum verðum.

Skoðaðu úrvalið á www.farsimalagerinn.is eða komdu til okkar í Miðhraun 14, Garðabæ. Síminn er 555 0233. Þú getur ekkert á að versla annars staðar!

**Miðhraun 14, Garðabæ.
www.farsimalagerinn.is**

Farsímalagerinn



Lagadeild Háskólans í Reykjavík

SAMKEPPNISRÉTTUR SAMEIGINLEG MARKAÐSRÁÐANDI STAÐA Í LJÓSI NÝLEGRA MÁLA

Hádegisfundaröð lagadeildar HR í samstarfi við LMFÍ

Hádegisfundur um samkeppnisrétt verður haldinn
5. desember kl. 12:00 í Háskólanum í Reykjavík
Ofanleiti 2 - 3. hæð.

12:00 - 12:45 Samkeppnisréttur

Sameiginleg markaðsráðandi staða í ljósi
nýlegra mála.

Ásgeir Einarsson
aðallögfræðingur
Samkeppniseftirlitsins



12:45 - 13:00 Umræður

Fundarstjóri: Heimir Örn Herbertsson aðjúnkt við lagadeild HR.

Skráning fer fram í síma 599 6267 eða á netfangið johanna@ru.is.

Fundargjald kr. 1.500.- Innifalinn léttur hádegisverður.
Greitt við innganginn.



Lögmannafélag Íslands

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Nýtt sektarákvæði gerir ráð fyrir 15.000 króna sekt við því að aka eftir gangstétt:

Breytingarnar hafa góð áhrif

SAMGÖNGUR Sektir við umferðarlagabrotum hækkuðu umtalsvert 1. desember. Í nýrri reglugerð er að finna ákvæði sem kveður á um að allt að 15 þúsund króna sekt liggja við því að aka eftir gangstétt eða göngustíg og valda með því hættu. Þá skal sekta fólk um 15 þúsund krónur nemi það ekki staðar og veiti nauðsynlega hjálp þar sem umferðaróhapp hefur átt sér stað.

Hjálmar Björgvinsson, aðstoðaryfirlöggregluþjónn hjá embætti Ríkislögreglustjóra, er ánægður með þær hækkanir sem tekið hafa gildi og segir þær fylgja umræðunni um auknið umferðaröryggi. „Ég leyfi mér að fullyrða að breyting-

arnar hafa góð áhrif á umferðarmenningu og í breytingunum er tekið á mörgum þáttum.“

Hjálmar segir alltaf spurningu um hvenær sektir fyrir umferðarlagabrot séu hæfilega háar og segir hækkanirnar nú skref í rétta átt sem rétt sé að láta reyna á.

Eftir breytingarnar nema sektir við því að vinna skemmdir á, eða fjarlægja umferðarmerki 10 þúsund krónum og er það helmingshækkun frá eldri reglugerð. Þá má sekta þá sem valda óþarfa hávaða á vélknúnu ökutæki við íbúðarhús.

Þeir sem aka án bílbelteis greiða nú 10 þúsund krónur í sekt en 15 þúsund krónur ef barn undir 15 ára



ADSTOÐ Á SLYSSTAÐ Almenningsker skylda til að veita nauðsynlega aðstoð þar sem umferðaróhapp hefur átt sér stað.

aldri er ekki í viðeigandi öryggis- og verndarbúnaði í bílnum. - hs



GAMLI FARSÍMINN Rannveig Guðmundsdóttir, Kjartan Ólafsson, Möður Arnason og Kolbrún Halldórsdóttir.

Endurnýting farsíma:

Gamli farsíminn fær nýtt líf

UMHVERFISMÁL Farsímanotendur geta nú skilað gamla farsímanum sínum til Vodafone og fengið þúsund krónur upp í nýjan síma eða lagt góðu málefni lið.

Gísli Þorsteinsson, upplýsinga-fulltrúi Vodafone, giskar á að gamlir farsímar skipti tugum þúsunda.

Gömlu símarnir verða sendir til Evrópu og síðan áfram til þróunarlöndanna eða í endurvinnslu.

- hs

Bókhaldið enn ekki komið til lögreglunnar

Félag fátækra barna á Íslandi heldur áfram fjársöfnun án þess að hafa skilað umbeðnu reikningsyfirliti til lögreglu. Karlmaður sem svaraði í óskráðan síma félagsins neitaði að upplýsa um söfnun félagsins.

LÖGREGLUMÁL Félagið Fátæk börn á Íslandi hefur enn ekki skilað umbeðnu reikningsyfirliti til Lögreglunnar í Reykjavík vegna fjársöfnunar félagsins.

Frestur sem Félag fátækra barna fékk í haust til að skila inn reikningum vegna starfseminnar rann út án þess að nokkur gögn bærust. Var því borið við að endurskoðandi félagsins væri í útlöndum. Lögregla veitti félaginu því nýjan frest. Engin rannsókn er í gangi hjá lögreglunni vegna fjársöfnunar félagsins.

Kona ein í Kópavogi sem hafði samband við Fréttablaðið sagðist afar óánægð með að hafa að sér forspurðri fengið sendan giróseðil frá Fátækum börnum á Íslandi. Krafa á giróseðlinum hljóðaði upp á 2500 krónur og sagt að gjald-dagi væri 6. nóvember en eindagi 17. nóvember.

Eftir að hafa árangurslaust reynt að hafa uppi á þeim sem voru að rukka hana um 2.500 krónur fór konan í KB-banka og fékk kröfuna fellda niður. Sjálf segist hún eiginlega mest undrandi á bankanum að innheimta fé fyrir félag sem áður hafi verið til umræðu í fjölmiðlum vegna vafasamrar starfsemi.

Konan í Kópavogi segist ekki vilja koma fram undir nafni í þessu máli og lét Fréttablaðinu í té giróseðilinn frá Félagi fátækra barna á Íslandi. Á seðlinum er að finna veffang heimasíðu sem liggur niðri og óskráð símanúmer.

„Ég hef voða lítinn áhuga á að það birtist eitthvað í Fréttablaðinu um þetta félag,“ sagði karlmaður sem svaraði í síma félagsins á föstudag.

Maðurinn, sem þvertók fyrir að segja til nafns, svaraði því til að það væru helst einstæðar mæður



GIRÓSEÐILL Kona í Kópavogi var í nóvember krafín um 2.500 krónur til Fátækra barna á Íslandi. Hún fékk kröfuna ógilta enda hafði hún hvorki verið beðin um né samþykkt að greiða til félagsins. MYND/FRÉTTABLAÐIÐ

og barnmargir öryrkjar sem nyttu aðstoðar Félags fátækra barna á Íslandi. „Þeir sem gefa í söfnunina benda okkur á þá aðila sem þeir vilja að fái aðstoð,“ útskýrði hann.

Þrátt fyrir að áður nefndur giróseðill konunnar í Kópavogi sé með eindaga 17. nóvember sagði maðurinn félagið ekki senda út söfnunargiróseðla um þessar mundir. „Þetta er gömul sending,“ sagði hann.

Ekki reyndist unnt að fá upplýsingar frá þessum fulltrúa Félags fátækra barna á Íslandi um það hversu miklum peningum félagið hefði safnað á þessu ári. Og aðspurður um það hvers vegna félagið hefði enn ekki sent lögreglu reikningsyfirlit sitt svaraði maðurinn áður en hann sleit sambandinu: „Ég segi ekkert meira við þig núna.“

gar@frettabladid.is

HVER Á ÍSLENSKA NÁTTÚRU?

Ráðstefna um eignarrétt og náttúruauðlindir á Íslandi

Miðvikudaginn 6. desember
kl. 13.00 á Grand Hótel í Reykjavík.



DAGSKRÁ RÁÐSTEFNUNNAR

13:00

Eignarréttarleg staða
náttúruauðlinda á Íslandi

Framsöguerindi

Þróun laga um eignarrétt og auðlindir
Guðrún Gauksdóttir,
dósent við Háskólann í Reykjavík
Hagræn sjónarmið
Ragnar Arnason,
prófessor við Háskóla Íslands

Pallborðsumræður

Auk framsögumanna taka
þátt í umræðum:
Þráinn Eggertsson,
prófessor við Háskóla Íslands
Eyvindur Grétar Gunnarsson,
lektor við Háskóla Íslands

Kaffihlé

15:00

Einkaframtak, nýting og vernd
náttúruauðlinda á Íslandi

Framsöguerindi

Vernd Norður-Atlantshafslaxins
Orri Vigfússon,
formaður Norður-Atlantshafslaxasjóðsins
Um þjóðlendur og eignarlönd
Ólafur Björnsson,
hæstaréttarlögmaður

Pallborðsumræður

Auk framsögumanna taka
þátt í umræðum:
Sigríður Á. Andersen, lögfræðingur
Ögmundur Jónasson, alþingismaður

Pallborðsstjórn: Atli Rúnar Halldórsson,
almannatengslaráðgjafi
Fundarstjóri: Birgir Tjörvi Pétursson,
framkvæmdastjóri RSE

Ráðstefnuslit verða eigi síðar en kl. 16.30. Aðgangseyrir kr. 1500

Nánari upplýsingar á www.rse.is

Rannsóknarmiðstöð um samfélags- og efnahagsmál.



RSE

Einungis tólf til fjórtán dagar af 25 nýttust til veiða:

Rjúpnaveiðin dræm

VEIÐI Einungis tólf til fjórtán veiðidagar af 25 nýttust til rjúpnaveiði á veiðitímabilinu sem lauk á fimmtudag. Ljóst er að umhleyppingar í veðri settu stórt strik í reikninginn. Talið er að aldrei hafi eins lítið veiðst af rjúpu þegar veiðar hafa verið leyfðar á annað borð. Eins hefur lítið sést af rjúpu í flestum landshlutum.

Náttúrufræðistofnun mat veiðipól stofnsins fyrir umhverfisráðuneytið og byggðist matið á þeirri stefnu stjórvalda að rjúpnaveiðar væru sjálfbærar. Stofnunin



JÓLASTEIK Veiði er lokið þetta árið en lítið er talið hafa veiðst. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN

mat stærð stofnsins 2006 um 500 þúsund fugla og viðunandi veiði um 45 þúsund fugla. - shá



EVANDA EXECUTIVE 2,0

9/2003, ek. 52 þús. 4 dyra, ssk. abs, álf. + stálf. spólvörn, fjarstýrðar samlæsingar, cd magasín, leður, topplúga, lítað gler, loftkæling, kastarar og fl. Ath. skipti á ódýrari.
Verð 1.490 þús.



FORD FOCUS 1600 WAGON

12/2003, ek. 43 þús. 5 dyra, 5 gíra, abs, dráttarkrókur, cd, kastarar, fjarstýrðar samlæsingar, líknarbelgir, rafm. í rúðum og speglum, þjófavörn, þjónustubók. Ath. skipti á ódýrari.
Verð 1.370 þús.



MATIZ S

5/2005, ek. 75 þús. 5 dyra, 5 gíra, líknarbelgir, vökvastýri, þjónustubók. Ótrúlegur sparibaukur.
Verð 590 þús.



MUSSO 2900 STD. DIESEL

8/2000, ek. 126 þús. 5 dyra, 5 gíra, álf. 31" dráttarbeisli, filmur, fjarstýrðar samlæsingar, rafm. í rúðum og speglum, veltistýri, spoiler og fl. Ath. skipti á ódýrari.
Verð 1.190 þús.



KALOS 1400 SE

7/2003, ek. 68 þús. 5 dyra, 5 gíra, abs, cd, líknarbelgir, rafm. í rúðum, samlæsingar, og. fl. Ný tímareim.
Verð 750 þús.



HONDA CRV RVSÍ 4WD

10/1998, ek. 158 þús. 5 dyra, ssk. abs, álf. ný dekk, dráttarbeisli, fjarstýrðar samlæsingar, cd, topplúga, rafm. í rúðum og speglum, þjónustubók. Snyrtilegur bíll.
Verð 850 þús.



MUSSO GRAND LUXE E-23

1/1999, ek. 113 þús. 5 dyra, 5 gíra, abs, álf. 31" topplúga, cd, kastarar, samlæsingar, rafm. í rúðum og speglum. Mikið yfirfarinn.
Lækkað verð 1.050 þús.



TOYOTA LANDCRUISER 90 LX DIESEL

10/1999, ek. 133 þús. 5 dyra, ssk. álf. 31", abs, dráttarbeisli, fjarstýrðar samlæsingar, cd, rafm. í rúðum og speglum, líknarbelgir og fl. Engin skipti.
Verð 1.890 þús.

Jólin byrja snemma hjá Benna!!!

Peir sem kaupa notaðan bíl hjá okkur fá 32" United veggsjónvarp í kaupbæti*

SJÓNVARP Í KAUPBÆTI



*af völdum bílum

Bílabúð Benna

Bílabúð Benna í brjáluðu jólkaskapi

Bíldshöfða 10 :: Opið mán-fös 10-18.30 lau 10-16 :: Sími 587-1000 :: www.benni.is



MUSSO 2300 DIESEL TURBO

5/2000, ek. 123 þús. 5 dyra, 5 gíra, álf. 31", dra'ttarbeisli, fjarstýrðar samlæsingar, cd, kastarar, rafm. í rúðum og speglum, spoiler. Sparneytinn diesel jeppi. Ath. skipti á ódýrari.
Verð 1.090 þús.



MUSSO GRAND LUXE E-23

2/1999, ek. 113 þús. 5 dyra, ssk. abs, álf. 31" dráttarbeisli, cd, fjarstýrðar samlæsingar, líknarbelgir, rafm. í rúðum og speglum. Finn bíll á flottu verði.
Verð 890 þús.



MUSSO GRAND LUXE E-32

5/2000, ek. 84 þús. 5 dyra, ssk. abs, álf. 31", dráttarbeisli, líknarbelgir, rafm. í rúðum og speglum, kastarar, veltistýri, spoiler og fl. Ath. skipti á ódýrari.
Verð 1.290 þús.



CHEVROLET LACETTI CDX SPORT

10/2004, ek. 35 þús. 5 dyra, 5 gíra, abs, spólvörn, cd magasín, rafm. í rúðum og speglum 4x líknarbelgir, fjarstýrðar samlæsingar og fl. Frábær og vel búinn bíll.
Verð 1.290 þús.



DAEWOO TACUMA 2,0 CDX

9/2003, ek. 46 þús. 5 dyra, 5 gíra, abs, álf. 15" dráttarbeisli, fjarstýrðar samlæsingar, líknarbelgir, rafm. í rúðum og speglum og fl.
Verð 990 þús.



DAEWOO NUBIRA SX WAGON

1/1999, ek. 107 þús. 5 dyra, 5 gíra, abs, líknarbelgir, rafm. í rúðum og speglum, samlæsingar. Ný tímareim og fl.
Verð 370 þús.
Tilboð 290 þús. stgr.



HYUNDAI SANTA FE 2,0 DIESEL

11/2004, ek. 47 þús. 5 dyra, ssk. abs, álf. dráttarbeisli, fjarstýrðar samlæsingar, cd, filmur, líknarbelgir, rafm. í rúðum og speglum. Ný dekk.
Verð 2.590 þús.



RENAULT MEGAE SCÉNIC 4X4

2/2001, ek. 121 þús. 5 dyra, 5 gíra, abs, álf. dráttarkrókur, fjarstýrðar samlæsingar, cd, rafm. í rúðum og speglum, líknarbelgir, þjónustubók. Nýleg tímareim.
Verð 1.050 þús.



ENN Í FULLU FJÖRI Boris Jeltsín, fyrri forseti Rússlands, brá sér í gær á völinn og fylgdist með viðureign Rússa nokkurs og Argentínumanns í tennis. Eins og sjá má á myndinni hélt Jeltsín ákaft með sínum manni.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Landsbankinn styrkir útgáfu Lærdómsrita Hins íslenska bókmenntafélags:

Gefur 1,5 milljónir króna á ári

MENNING Landsbankinn hefur ákveðið að styrkja útgáfu Lærdómsrita Hins íslenska bókmenntafélags til næstu þriggja ára. Þetta er í tilefni af 190 ára afmæli Hins íslenska bókmenntafélags á þessu ári en Landsbankinn fagnar einnig 120 árum á þessu ári. Styrkurinn nemur 1,5 milljónum króna á ári hverju næstu þrjú ár.

„Bókmenntafélagið áformar útgáfu þriggja til fimm Lærdómsrita á ári hverju næstu árin. Rausnarlegur fjárstuðningur Landsbankans næstu þrjú ár mun auðvelda framkvæmd þessarar útgáfuáætlunar og er því afar kærkomin,“ segir Sigurður Lín-

dal, forseti Hins íslenska bókmenntafélags.

Bókmenntafélagið hóf útgáfu Lærdómsritanna árið 1970 og hafa í þessari ritröð birst öndvegisrit á sviði margvislegra fræða sem hafa markað spor í sögu mannsandans. Með útgáfu ritanna vill Bókmenntafélagið leggja sitt af mörkum til að tengja Íslendinga við hið besta í menntun og vísindalegri hugsun í veröldinni. Lærdómsritin verða orðin 65 talsins á þessu ári og þar af hafa fimm komið í tveimur bindum.

„Bókmenntafélagið kann Landsbankanum bestu þakkir fyrir veittan stuðning,“ segir Sigurður Lín-

-áp



SAMSTARFIÐ INNSIGLIÐ Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans, Þjörgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs Landsbankans, Sigurður Línadal, forseti Bókmenntafélagsins og Jón Sigurðsson stjórnarmaður voru kátir við undirskrift samningsins.

Nýjung á Bergstaðastræti:

Vill selja mat og reka netkaffi

SKIPULAGSMÁL Lyubomyra Petruk sem býr á Urðarstíg í Reykjavík vill reka eldhús til framleiðslu á tilbúnum mat á Bergstaðastræti 14. Þaðan yrði maturinn fluttur einu sinni á dag. Í húsnæðinu yrði sömuleiðis lítil verslun þar sem boðið væri upp á austur-evrópskan mat og netkaffi fyrir um fimm gesti þar sem áður var bakarí í kjallara hússins.

Skipulagsráð Reykjavíkur gerir ekki athugasemdir við að Lyubomyra sæki um byggingarleyfi til að koma þessu í kring en bendir henni á að hún þurfi samþykki meðeigenda fyrir þeim breytingum sem gera þurfi.

-gar



Dreginn út
7. desember

Harðasti jólapakkinn!

**Hummer H3
+ 5 milljónir
í skottinu**
ef þú átt
tvöfaldan
miða!

**Kauptu miða í DAS, á þúsund kall, fyrir 7. des.
Þú gætir þú unnið harðasta jólapakkinn í ár.**

Aðrir möguleikar á aðalvinningum í desember:

14. des. er 2 millj. eða 4 millj. á tvöfaldan
21. des. er 3 millj. eða 6 millj. á tvöfaldan
29. des. er 2 millj. eða 4 millj. á tvöfaldan

Það er því til mikils að vinna
fyrir aðeins þúsund krónur.

HAPPDRETTI

das

-vinningur í hverri viku

Hringdu núna
561 7757

Kíktu á netið
www.das.is



UNNIÐ AÐ FRÁGANGI HITAVEITUNNAR Fyrsti áfangi íslenskrar jarðhitaveitu í Kína er í höfn og gangsetti Valgerður Sværissdóttir utanríkisráðherra veituna í gær.

Íslensk hitaveita í Kína

Valgerður Sværissdóttir tók í gær í notkun fyrsta áfanga íslenskrar jarðhitaveitu í Kína. Stefnt er að því að hún verði sú stærsta sinnar tegundar í heimi. Jarðvarmaorkan leysir mengandi kolabrennslu af hólmi.

KÍNA Valgerður Sværissdóttir utanríkisráðherra tók í gærmorgun formlega í notkun fyrsta áfanga íslenskrar hitaveitu í borginni Xian Yang í Kína að viðstöddu fjölmenni. Miklar vonir eru bundnar við hitaveituna og er stefnt að því að hún verði sú stærsta í heimi. Uppbygging hitaveitunnar er samstarfsverkefni Shaanxi Geothermal Energy og ENEX Kína, en að því standa Orkuveita Reykjavíkur, Glitnir og ENEX, sem er útflutningsvettvangur íslenskra þekkingarfyrirtækja í orkuvinnslu. Fulltrúar íslenskra orkufyrirtækja voru viðstaddir athöfnina ásamt kínverskum fyrirmennum.

Fyrsti áfanginn kostaði rúmar 200 milljónir króna. Sá næsti, sem verður ráðist í á komandi ári, er margfalt stærri og metinn á um 4,2 milljarða króna. Xian Yang er fimm milljón manna borg sem hefur verið nefnd opinberlega

„jarðhitaborg Kína“. Hitaveitan sem gangsett var í gær er fyrir þrjú háskóla og hitar upp um 170 þúsund fermetra, sem áður voru hitaðir með kolum. Á næstu tíu árum eru áform um að kynda að minnsta kosti helming nýbygginga borgarinnar með jarðhita, sem eru um fimmtán milljónir fermetra, eða húsnæði fyrir um hálfar milljónar manna byggð.

„Ég er ákaflega stolt að verða vitni að því að íslensk þekking og reynsla verður til þess að bæta lífsgæði fólks í Kína og um leið að draga úr brennslu kola í heiminum,“ segir Valgerður Sværissdóttir. „Ég verð auðmjúk frammi fyrir þeirri staðreynd að þróun vistvænnar og endurnýjanlegrar orku til húshitunar í Kína getur haft í för með sér miklar breytingar á orkustefnu Kína og jafnvel veraldarinnar allrar.“

stigur@frettabladid.is

Bréf KGB njósnara veldur usla:

Rússar reiðir Bretum vegna bréfs Litvinenkos

LONDON Það andar köldu milli rússneskra og breskra stjórnvalda í kjölfar opinberrar birtingar á bréfi njósnarans, Alexanders Litvinenkos. Bréfið skrifaði Litvinenko á bana-beði sínu en í því sakar hann Vladímír Pútín, forseta



VLADÍMÍR PÚTÍN

Rússlands, meðal annars um að hafa ráðið sér bana.

Rússar eru sagðir reiðir Bretum fyrir að hafa ekki hindrað birtingu bréfsins.

Talsmaður breskra yfirvalda bendir hins vegar á að þar sem Litvinenko hafi verið undir eftirliti lögreglu en ekki í haldi hennar hafi ekki verið hægt að hindra ritun bréfsins né opinbera birtingu þess.

-rve

„Fantagóður krimmi.“

Freysteinn Jóhannsson / MORGUNBLAÐIÐ



„Bráðskemmtileg spennusaga.“ ★★★★★

Sigríður Albertsdóttir / DV

„Tær snilld ... góður krimmi með flottri flétu.“

Kolbrún Ósk Skaftadóttir / EYMUNDSSON

„Spennandi glæpasaga með hraðri atburðarás ... heldur lesanda föstum tókum ... svo spennandi að flestir hljóta að lesa hana í einum rykk.“

Ingví Þór Kormásson / BOKMENNTIR.IS

„Snjöll flétta.“

Sigurður G. Tómasson / ÚTVARP SAGA

„Áhugaverð morðgáta ... skemmtilega spunnin glæpasaga.“

Pórarinn Pórarinnsson / FRÉTTABLAÐIÐ

„... erfitt að leggja bókina frá sér.“

Silja Aðalsteinsdóttir/ tmm.is

Veitingastaður IKEA

Opnum kl. 9:00
mánudaga - laugardaga

Morgunverður

kl. 9:00 - 11:00



195,-

2 rúnstykki, 1 egg, skinkusneið, ostsneið, smjör, sulta og heitur drykkur

Hádegisverður

framreiddur allan daginn



290,-

Grænmetisbuff m/kúskús, grænmeti og graslaukssösu

Kvöldverður

framreiddur allan daginn fram að jólam



590,-

Hangikjöt með kartöflum, uppstúf, rauðkáli og grænum baunum

Þrjár máltíðir = 1075,-



Þú átt allt gott skilið!

IKEA Restaurant & Café

Ný bresk rannsókn á genum mannfólksins:

Mikill munur á samsetningu

VÍSINDI Mun meiri munur er á genasamsetningu mannfólksins en áður var talið, kemur fram í nýrri breskri rannsókn sem fjallað er um á fréttavef breska ríkisútvarpsins, BBC.

Vísindamennirnir rannsökuðu genasamsetningu 270 manna og uppgötvuðu að stór hluti genanna getur verið til staðar í fleiri en tveimur afritum, eða vantað algjörlega. Til þessa hefur verið talið að hvert gen væri jafnan í tvíriti, þar sem annað eintakið kæmi frá móður en hitt frá föður.

Hingað til hafa vísindamenn einnig talið að DNA eins tiltekins einstaklings væri 99,9 prósent

eins og upplag þess næsta, en nú virðist sem breytileikinn sé mun meiri.

„Það sem kom okkur einna mest á óvart var hversu breytilegt DNA-ið okkar er í afritafjölda. Við teljum þetta vera minnst tólf prósent af erfðamenginu. Breytileikinn í afritafjöldanum sem vísindamenn hafa séð áður var einfaldlega bara efsti toppurinn á ísjakanum á meðan meginhlutinn lá og maraði í kafi, óséður,“ sagði Matthew Hurles, vísindamaðurinn sem leiddi rannsóknina.

Sum þessara nýuppgötvuðu frávik eru í þeim hluta erfðamengisins sem hafa áhrif á heilsu



GEN Nýjar breskar rannsóknir benda til þess að genamunur manna sé mun meiri en áður var talið.

okkar, að sögn Hurles, og munu niðurstöður rannsóknarinnar þess vegna breyta því hvernig vísindamenn leita að genum sem tengjast sjúkdómum.

- smk



EKKI VÍSBENDING UM RITÓTTA „Það er merkilegt hve ríkt er í fólki að skrifa og hvað margir, um níutíu prósent svarenda, telja sig geta skrifað minningargrein. Það er ekki visbending um þann ritótta sem skólinn er sakaður um,“ segir Guðmundur B. Kristmundsson, dósent við Kennaraháskóla Íslands. Hann og Elísabet Arnardóttir talmeinafræðingur stóðu að rannsókn á lestrar- og ritfærni Íslendinga.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Margir vilja bæta lestrar- og ritfærni

Talsverður munur er á lestrar- og ritvenjum karla og kvenna að því er fram kemur í nýrri rannsókn. Ekki gætir ritótta hjá þjóðinni þótt textinn sé annar en áður, nú á dögum skrifa menn blogg, tölvupóst og sms.

MENNTAMÁL Margir fullorðnir telja að þeir geti bætt lestrar- og ritfærni sína og hafa skoðun á því hvernig að því mætti standa. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn þar sem lestrarpróf var lagt fyrir rúmlega þrjú hundruð þátttakendur víðs vegar í atvinnulífinu og tekið viðtal við þá. Hópurinn endurspegladi menntunarstig þjóðarinnar.

Guðmundur B. Kristmundsson, dósent við Kennaraháskóla Íslands, stóð að rannsókninni ásamt Elísabetu Arnardóttur talmeinafræðing. Guðmundur segir að góðir lesarar vilji auka lestrarhraða en slakari lesarar bæta lesskilning. „Það er spurning hvort þeir sem lesa minna og hafa meira fyrir því nýti lesturinn ekki jafn vel og hinir. Þeir vilja kannski ná meira út úr textanum frekar en að auka lestrarhraða. Margir vilja takast á við margs konar texta og svoltið er um að menn vilji læra að skrifa bréf,“ segir hann.

Guðmundur segir að „svoltið af fólki“ vilji „læra að semja sögur og ljóð. Það eru ótrúlega margir sem halda dagbók og þar eru konur í meirihluta. Nokkrir vilja nýta lesturinn til að hjálpa börnum við heimanámið og hjá þeim slakari í hópnum er áberandi að þeir vilja læra að lesa upphátt.“

Talsverður munur er á lestrar- og ritvenjum karla og kvenna. Guðmundur segir að konur fari mun meira á bókasafn og hjálpi börnunum við heimanám. Aldur skiptir máli þegar lestrar- og ritvenjur eru skoðaðar og lestrarfærni er tengd aldri. Fleiri í elsta hópnum eru hæglesir og hafa ekki sömu tök á lestri og yngra fólki.

„Það er merkilegt hve ríkt er í fólki að skrifa og hvað margir, um níutíu prósent svarenda, telja sig geta skrifað minningargrein. Það er ekki visbending um þennan ritótta sem skólinn hefur verið sakaður um,“ segir Guðmundur.

„Það hefur orðið gjörbylting og textarnir eru allt öðruvísi en við eigum að venjast.“

GUÐMUNDUR B. KRISTMUNDSSON
DÓSENT VIÐ KHÍ

„Sú þróun hefur átt sér stað á undanförunum árum að þjóðin er farin að skrifa og skrifar djöfulinn ráðalausán eins og sagt var í gamla daga. Hún skrifar og skrifar,“ segir Guðmundur og bendir á að gríðarlegur vöxtur hafi orðið í lestri og ritun á tölvu, með blogg á netinu, tölvupósti og sms-i.

„Það hefur orðið gjörbylting og textarnir eru allt öðruvísi en við eigum að venjast. Getum við ekki nýtt þessa hvatningu sem skapast af nýrri tækni og samskiptum og farið að vinna öðruvísi með mál og málhegðun í skólanum,“ spyr hann.

ghs@frettabladid.is

Öllum upplýsingum um mál sem hafa borist Barnahúsi safnað saman:

Leggja lokahönd á gagnagrunn

BARNAVERND Verið er að leggja lokahönd á að færa inn upplýsingar í umfangsmikinn gagnagrunn Barnahúss, að sögn Helgu Rínu Péturs, sérfræðings hjá Barnaverndarstofu. Grunnurinn hefur að geyma allar þær upplýsingar sem aflað hefur verið um hvert mál fyrir sig sem borist hefur til Barnahúss frá stofnun þess 1998. Nú er verið að setja inn gögn fyrir þetta ár, en málin eru nú skráð í

grunninn jafnóðum og þau berast.

„Um er að ræða mjög nákvæmar upplýsingar, aldur, kyn og bakgrunnsupplýsingar þeirra barna sem koma hingað,“ segir Helga Rína. „Einnig er skráð sú tegund ofbeldis sem barn lendir í, en ofbeldið er flokkað í þætti eftir alvarleikastigi. Þá er skráð inn það sem vitað er um gerendur. Loks fylgjumst við með ferli máls

sé það kært og hvernig því lýkur.“

Helga Rína segir fljótlegt að kalla allar þær upplýsingar úr grunninum sem óskað sé eftir hverju sinni. Þetta gagnist vel við gerð ársskýrslu þar sem leitast hafi verið við að gefa mynd af stöðu mála eftir hvert ár. Þá gagnist grunnurinn vel við stærri rannsóknir á þessum málaflokki.

- jss

ÁRÍÐANDI!

EKKI GLEYMA AÐ SKOÐA BESTU RÚMIN ÁÐUR EN ÞÚ TEKUR ÁKVÖRÐUN



HÆGT AÐ ÞVO...



... OG SNÚA



MÝKRI UNDIR ÖXLUM



STYRKIR KANTAR



„ORÐRÉTT“

Rétt skal þó vera rétt

„Hún var röng þá, hún byggði á röngum forsendum þá og hún er röng núna.“

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR RÆÐIR ÁKVÖRDUNINA UM AÐ STYÐJA INNFRÁSINA Í ÍRAK.

Morgunblaðið 1. desember

Ekki gaman fyrir Íraka heldur

„Þeir, sem töldu, að langvinn atök í Írak yrðu erfið fyrir Bandaríkjamenn, höfðu á réttu að standa.“

BJÖRN BJARNASON DÓMSMÁLARÁÐHERRA RIFJAR UPP AFSTÖÐU SÍNA Í STRÍÐSBYRJUN.

bjorn.is 26. nóvember

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ERNA BJARNADÓTTIR, HAGFRÆÐINGUR HJÁ BÆNDASAMTÖKUNUM

Hestarnir eru tengslin við sveitina

„Við erum nýbúin að hefja fundaherferð um íslenskan landbúnað og stöðu hans og framtíð. Fundaherferðin hófst með morgunverðarfundum á Hótel Sögu á miðvikudaginn var og verður þeim fundi fylgt eftir með fundaherferð formanns Bændasamtakanna og fleiri manna um allt land,“ segir Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur hjá Bændasamtökum Íslands.

„Við náum ekki að halda fundi á öllu landinu strax en við byrjum eitthvað fyrir jól og höldum svo áfram með fundina eftir jól. Þetta er umræða um ákvarðanir ríkisstjórnarinnar í verðlagsmálum og áhrif þeirra, hvernig þær skila sér til neytenda og hvernig þarf að fylgja þeim eftir til að þær skili sér og hvaða áhrif þær hafa á bændur.

Við erum að undirbúa svoltið jarðveginn fyrir stjórn málaumræðuna í vetur í aðdraganda kosninga og hver viðhorf til landbúnaðarstefnunnar og framtíðar landbúnaðarins verða í þeirri umræðu.“

Erna syngur í Brokkórnum, kór hestamanna á höfuðborgarsvæðinu. „Þarna er fólk sem hefur tvö sameiginleg áhugamál, að syngja og fara á hestbak,“ segir hún og kveðst vera nýlega byrjuð í kórnum. Hún ætlar að vera með tvo hesta uppi í Fjórberg í vetur með börnunum sínum sem líka hafa áhuga á hestum. Svo er hún með hesta í uppeldi. „Þetta eru okkar tengsl við sveitina,“ segir hún. „Ég er bóndadóttir frá Snæfellsnesi og sinni þessu af þeim áhuga sem ég fékk í uppveitinum.“



FUGLAR Á ÍSLANDI

FJÓRIR AF HVERJUM FIMM FLÆKINGSFUGLAR

■ Um 370 fugla- tegundir hafa sést á Íslandi. Af þeim eru um 70 varpfuglar en um 250 tegundir af flækingsfuglum. Einnig eru til vetrarfuglar sem eru hér allt árið, og meðal þeirra er rjúpan sem nú getur vonandi andað léttar eftir að veiðitímabilinu lauk í lok síðustu viku.

nær og fjær
tilveranSJÓNARHÓLL
INNFLYTIJENDUR

ÁSDÍS THORODDSEN
Skólastjóri

Bjóðum íslenskukennslu

„Málið er það að ég hafði verið ellefu daga í burtu og þegar ég kom heim frá útlöndum var eins og veiðileyfi hafi verið gefið á útlendinga. Ég hef heyrt að algengasta spurning í íslenskunámskeiðum sé „Hvað þýðir „helvítis útlendingur?““ segir Ásdís Thoroddsen, skólastjóri Kvímyndaskólans, um þá umræðu sem hefur skapast um innflytjendur undanfarið. „Þetta er furðulegt mál því það er að öllu leyti ástæðulaust. Það er ekki kreppa eða atvinnuleysi, og ef að það eru undirboð í launum er við atvinnurekendur að sakast.“ Ásdís finnst mikilvægt að fólk sem setst hér að hafi möguleika á að læra íslensku.

„Fólk getur talað hvaða tungumál sem það vill, en það verður að gera því kleift að taka þátt í samfélaginu, annars myndast hér undirstétt sem hefur ekki möguleika á að koma sér áfram. Ég er því alveg til í að borga skatta fyrir íslenskukennslu.“

Hart að vera hagamús

Þeir sem áhuga hafa á högum hagamúsarinnar hafa velt fyrir sér hvers vegna lítið hefur sést til hennar í haust. Hafa ýmsir sökudólgar verið nefndir til sögunnar, svo sem branduglan, fýllinn og sílamávirinn. Páll Hersteinsson, prófessor í spendýrafræði, er allra Íslendinga fróðastur um hagamúsina og telur sig geta hreinsað mannorð fugla af að eiga þátt í músahvarfinu.

„Nokkur hundruð branduglar hafa ekki möguleika á að hafa áhrif á músastofninn,“ segir Páll. „Annars staðar eru þær sérfræðingar í nagdýraveiðum, en hér er minna af músum og taka þær því sendling og aðra litla fugla.“

Ekki eiga aðrir fuglar sök heldur.



PÁLL HERSTEINSSON Prófessor í spendýrafræði og stundar rannsóknir í Stokkhólmi.

ur. En hvað veldur þá músahvarfinu?

„Það sem ræður stofnstærð músa er ástandið fyrri hluta vetrar árið áður. Þegar kalt er verða mikil afföll, sérstaklega meðal kvenmúsa og unga, sem lýsir sér svo í því að þær verða færri árið eftir, jafnvel þótt þær hamist við að tínga sig frá vori og fram á haust.“

En hvernig stendur á því að kvendýrin fara svona illa út úr þessu, er karlrembu karlmúsa um að kenna?

„Hagamús eru fjöllyndar á báða bóga og mynda ekki pör, þannig fjölga hver kvenmús sér með fjölda karlmúsa og öfugt. En hlutverk karlmúsanna í ferlinu er stutt, þær geta farið aftur að safna fæðu meðan kvendýrin þurfa að mjólka.“

Það er því hart að vera hagamús á Íslandi, þrátt fyrir fjöllyndi.

„Hagamús er lítil og tapar hita hratt. Á veturna getur hún í raun valið á milli þess að fara út í fæduleit og frjósa í hel eða hjúfrá sig saman í holunni og soltið í hel. Það er á mörkum þess að hún geti lifað hér, enda kom hún hingað fyrst með skipum manna. Henni hefur þó tekist að þróa síðan á landnámsöld, en hún þrífst best í birkiskógum og þeim fækkaði hratt eftir að landnám hófst.“

Páll fylgist einnig með öðrum dýrum en hagamúsinni, og hefur undanfarna tvo mánuði verið að rannsaka tófur við Háskólann í Stokkhólmi, en sænska tófan er nú í útrýmingarhættu. Hann hefur fylgst með hegðun hagamúsarinnar hérlandis í tíu ár.

„Ég hef ekki enn lent í hagamúsaári, en til þess að það verði þarf að vera hlýtt tvö ár í röð. Þó hefur verið allt að þrefaldur munur í stofninum á milli ára.“ Það eru því fleiri Íslendingar en við sem vonast eftir hlýju á haustin.

valurg@frettabladid.is



BRANDUGLAN Saklaus af hvarfi hagamúsarinnar.



TÓFAN Í útrýmingarhættu í Svíþjóð.



ÍSLENSKA HAGAMÚSIN Með afbrigðum fjöllynd, en á þó ekki sjö dagana sæla.

Skoða fugla sem fjúka úr leið:

Fylgst með flækkingum

Máltækið segir að hvítir hrafnar séu sjaldséðir. Nákvæmlega hversu sjaldséðir þeir eru kemur þó ekki fram, en ef maður vill fá fréttir af sjaldséðum fuglum er ekki úr vegi að spyrja Gunnlaug Pétursson verkfræðing. Gunnlaugur er í flækingsfuglanefnd, sem sér um að skrásetja flækingsfugla á Íslandi. En hvað eru flækingsfuglar?

„Farfuglar eru varpfuglar sem koma hingað árlega til að verpa. Flækingsfuglar hins vegar verpa ekki hér og meginhluti þeirra er sjaldséður.“

Hvað eru þeir þá að gera hér?

„Þeir fjúka hingað frá Bandaríkjunum eða Evrópu. Sumir koma á hverju ári eins og hettusöngvarinn, en aðrir eru sjaldgæfari. Við skrásetjum þá og

það er heilmikil ábyrgð sem hvílir á okkur, sérstaklega ef fuglar eru að sjást í fyrsta sinn í Evrópu, eins og stúfgreipurinn sem kom hingað frá Norður-Ameríku árið 2003. Önnur tímarit taka svo mið af þessu. Einnig eru dæmi þess að flækingsfuglar hafi farið að verpa hér, eins og glókollurinn sem fyrst kom fyrir tíu árum, og þar með orðið farfuglar.“

Hver er tildrog þess að stofnuð var flækingsfuglanefnd?

„Þetta var gert að erlendri fyrirmynd og var stofnað 1979, en í Bretlandi 20 árum áður. Þetta er sjö manna nefnd sem sér um að birta athaganir á flækingsfuglum á hverju ári. Þetta er heilmikill prósess og við erum nú að fara að birta yfirlit fyrir árið 2003.“

Vilji maður hafa málshætti



MÖRGÆSIR Bíða eftir að fjúka til Íslands.

sína vísindalega nákvæma væri líklega réttara að segja „sjaldséðir eru stúfgreipar, og saust fyrst hér árið 2003“.

- vg



Sjóðheitur og öðruvísi matsölustaður

Ég skora á þig að prófa
Wok Bar Nings, heitasta
og ferskasta staðinn
í veitingabransanum
í langan tíma.

Jói Fel.



Á Wok Bar Nings gefst viðskiptavinunum
kostur á að velja sjálfir samsetningu
kjöts/fisks, grænmetis og sósu sem
matreiðslumeistari síðan snöggeldar á Wok
pönnu. Einnig eru í boði tilbúnar
samsetningar á vinsælum réttum ásamt
köldum réttum og heilsuréttum.




NING'S

HAGKAUP KRINGLUNNI
OG VIÐ VETRARGARÐINN Í SMÁRALIND

ÞÚ BORDAR
Á STAÐNUM EÐA
TEKUR MEÐ HEIM

Svona erum við

> Fjöldi varphænsna á Íslandi



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: HIV-VEIRAN OG ALNÆMI

Sívaxandi vandamál allra þjóða

Bill Clinton, fyrrum forseti Bandaríkjanna, tilkynnti á fimmtudag að stofnun hans hefði gert samning við lyfjafyrirtæki um að lækka verð á alnæmislyfjum ætluðum börnum um heim allan. Munu tvö indversk lyfjafyrirtæki leggja til algeng veirulyf á verði sem er um 45 prósent lægra en nú þekkist. Var tilkynningunni tekið fagnandi víða um heim, en alþjóðadagur alnæmis var á föstudag.

Hvað eru margir smitaðir?

Á vefsíðu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO, kemur fram að 40 milljónir manna eru smitaðir af HIV-

veirunni og í fyrra fórust nærri 3,5 milljónir manna úr sjúkdómnum. Líkt og Alþjóðavinnuárástofnunin bendir á hefur sjúkdómurinn sífellt meiri áhrif á vinnuafli jarðarinnar, sérstaklega í fátækari löndum þar sem fræðsla og forvarnir eru minni en þær sem við þekkjum hér á landi.

Mikið var um stór orð á degi alnæmis á föstudag og komu ráðamenn margra þjóða með ýmskonar loforð. Til dæmis ætla Suður-Afríkustjórn að hafa dregið úr smittuðni þar um helming árið 2011 og gera veirulyf aðgengilegra fyrir smitaða landsmenn.

Hins vegar sendu stjórnvöld í Norður-Kóreu frá sér tilkynningu þar sem fullyrt var að ekki eitt einasta tilfelli HIV-smits eða alnæmis væri að finna í kommúnistaríknu og að leiðbeinandi hönd leiðtogans, Kim Jong-il, væri svo fyrir að þakka.

Enn felumál?

Eitt það sem gerir þennan sjúkdóm svo erfiðan viðureignar er hversu mikið felumál hann reynist vera, bæði meðal þeirra sem smitaðir eru sem og stjórnvalda. Á föstudag hvatti framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Kofi Annan, til þess að fólk hætti að laumast með svo alvarlegt mál sem sjúkdómurinn er, og sagði að stjórnvaldamenn um heim allan yrðu að fara að taka persónulega ábyrgð á útbreiðslu sjúkdómsins. Hið sama ætti við um hverja einustu manneskju í heiminum.



SPURT & SVARAD

ELDRI ÖKUMÖNNUM HEFUR FJÖLGAÐ

SIGURÐUR HELGASON
Verkefnastjóri hjá Umferðarstofu.

Hæfnin könnuð reglulega

Ökumenn sem eru yfir 72 ára gamlir eru 2,5 sinnum líklegri til að látast í slysi en aðrir ökumenn. Þá eru eldri ökumenn einnig líklegri til að valda slysum miðað við yngri ökumenn að því er fram kemur í rannsóknarniðurstöðum Guðmundar Freys Úlfarssonar, prófessors við Washingtonháskóla. Sigurður Helgason er verkefnastjóri hjá Umferðarstofu.

Hefur eldri fólk í umferðinni fjölgað?

„Já, virkum ökumönnum sem eru fæddir á milli 1930-1940 hefur fjölgað og þeim fjölga enn.“
Hvers vegna er eldri fólk líklegra til að valda slysum?
„Það liggur ljóst fyrir að við höldum ekki akstursgetu okkar alla tíð og það eru takmörk fyrir því hvað fólk getur keyrt lengi. Til eru dæmi þess að eldri ökumenn hafi orðið valdir að því að yngri fólk hefur látið lífið í bílslysum. Eg tek mikilvægt að eldri fólk láti athuga sig hjá lækni til að kanna aksturshæfni sína. Þá þurfa lækna að vera vakandi fyrir ástandi þessa fólks og gefa þeim réttu ráðin.“

Er eitthvað sem eldri ökumenn ættu að hafa í huga?

„Það væri gott ráð fyrir ökumenn sem komnir eru yfir sjötugt að reyna að komast hjá því að vera í umferðinni þegar hún er hvað mest.“

Rúm átta kíló af kókaíni tekin af smyglurum á árinu

Á örfáum árum hefur það magn kókaíns sem yfirvöld hér á landi haldleggja margfaldast. Íslenskur karlmaður á þrítugsaldri var handtekinn í síðustu viku með þrjú kíló af efni falið í tösku sinni og er það mesta magn kókaíns sem fundist hefur við tollaefitlit á Íslandi frá upphafi. Þá hefur fjöldi þeirra sem leita sér hjálpar vegna kókaínfíknar tuttugufaldast á örfáum árum.

Maðurinn, sem handtekinn var í síðustu viku, var einn á ferð og flaug til Keflavíkur frá Kaupmannahöfn þann 21. nóvember síðastliðinn. Hann var úrskurðaður í þriggja vikna gæsluvarðhald daginn eftir handtökuna. Styrkleiki efnisins sem hann var með í tösku sinni liggur enn ekki fyrir en ef hann er mikill er hægt að drýgja það tvöfalt eða þrefalt þannig að hægt væri að ná sex til níu kílóum af söluafni úr þeim þremur kílóum sem tekin voru. Ef miðað er við að götuverð á kókaíni sé á bilinu 12 til 15.000 krónur þá gæti söluverðmæti kókaíns verið á bilinu 80 til 120 milljónir.

Það sem af er ári hefur tollgæslan á Keflavíkurflugvelli lagt hald á tæp átta og hálf kíló af kókaíni, en á síðustu árum hefur um 80 prósent af öllu kókaíni sem tekið er hérlandis verið haldlagt þar. Það er nánast jafnmikið magn af kókaíni og tollgæslan lagði samanlagt hald á undanfarin tuttugu ár á undan því á tímabilinu 1985 til 2005 lagði tollgæsl-



KÓKAÍN FLÆÐIR TIL ÍSLANDS Gífurleg aukning hefur orðið á haldlagningum á kókaíni hjá íslenskum yfirvöldum á þessu ári. Tollgæslan á Keflavíkurflugvelli hefur tekið nánast sama magn í ár og undanfarin tuttugu ár á undan. Þá hefur fjöldi þeirra sem leita sér hjálpar vegna kókaínfíknar tuttugufaldast frá árinu 1998.

an allt í allt hald á um tíu kíló af kókaíni.

Erfitt að áætla eftirspurnina


Víða erlendis er miðað við að yfirvöld nái á bilinu fimm til tíu prósent þeirra efna sem reynt sé að smygla. Kári Gunnlaugsson, aðal-deildarstjóri tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli, segir erfitt að áætla eftirspurnina eftir þeirri formúlu. „Mér finnst að minnsta kosti ólíklegt, miðað við það að við tökum rúm átta hundruð grömm í fyrra en meira en tíu sinnum meira það sem af er ári, að eftirspurnin og neyslan hafi tífaldast á einu ári. Það held ég að geti ekki staðist.“

Í sama streng tekur Ásgeir Karlsson, yfirmaður fíkniefna-deildar lögreglunnar í Reykjavík, og segir þannig reiknikúnstir einungis vera leik að tölum sem ekki sé hægt að staðfesta hvort séu réttar eða rangar.

Þórarinn Tyrfinngsson, yfirlæknir á Vogu, segir að það magn sem finnst sé fyrst og fremst mælikvarði á það að aðilar séu mjög markvisst að reyna að koma kókaíni á markað héraðsins. „Það er eftirsóknarvert að koma kókaíni á markað vegna þess að verðið er mjög hátt og ágóðavonin mikil. Það er mikið af fólki í þjóðfélaginu sem vill kókaín og er tilbúið að borga mikið til að fá það.“

Ekki að rækta jólarósir

Að sögn Jóhanns R. Benediktssonar, sýslumanns á Keflavíkurflugvelli, er það vissulega gleðiefni að fíkniefnaeftirlit tollgæslunnar sé

ÁSGEIR
KARLSSONJÓHANN R.
BENEDIKTSSONKÁRI
GUNNLAUGSSON

að skila auknum árangri. Hann segir það þó mikið áhyggjuefni að smygltilraunir á fíkniefnum séu að verða mun stórtækari en áður.

Kári Gunnlaugsson er sammála því og segir tilraunirnar virðast vera mun skipulagðari en áður. Þá sé verið að flytja inn aðrar og dýrari tegundir efna sem gefa fyrirheit um mikinn ágóða. „Kannabis-efnin eru meira og minna ræktað á Íslandi í dag, enda minni ágóðavon í þeim. Við höfum fundið pressur og annan slíkan búnað til að búa til hass úr plöntunum. Það þarf ekki annað en að skoða hversu mörgum lömpum hefur verið stolið úr gróðurhúsum til að staðfesta það. Það stælur enginn þannig lömpum til að rækta jólarósir.“

Fjöldi fíkla tuttugufaldast

Fjöldi þeirra sem leita sér hjálpar vegna kókaínfíknar á Íslandi hefur meira en tuttugufaldast á skómmum tíma. Aukningin hófst rétt fyrir aldamótin síðustu.

Þórarinn segir að á tveggja ára tímabili frá 1998 til ársins 2000

hafi fjöldi tilfella farið úr því að vera um tíu á ári í það að vera yfir 150. Í ár er búist við því að tilfelli verði yfir 200. Langflestir eru á aldersbilinu 20 til 30 ára.

Jóhann Benediktsson hefur áhyggjur af því að neysla kókaíns sé að verða almennari og nái nú til fleiri þjóðfélagshópa en áður. Þórarinn tekur í sama streng og telur neysluna í dag tengjast meira skemmtunum og skemmtanaíðnaðinum. Hann segir það líka færast í aukana að fólk noti einvörðungu kókaín. „Þegar vel stendur á hjá því efnalega þá sækir það í kókaín en skiptir svo yfir í amfetamín þegar það er fémínnu. Sumir kvarta yfir því að kókaín sé svo dýrt, annars myndu þeir taka meira af því.“

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu

fengið Fréttablaðið. En til vonar

og vara skaltu klippa þetta símanúmer

út og hringja ef blaðið berst ekki.

550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

FRÉTTASKÝRING

ÞÓRUR SNER JÚLIUSSON
thorur@frettabladid.is

Nýjar línur á auðveldan hátt

Slendertone FLEX
buxurnar er
byltingarkennt
vöðvamótunartæki
sem byggir á öflugri CSI
tækni sem örvar og styrkir
rass-og lærvöðva.
FLEX buxurnar þjálfa vöðva
sem erfitt er að ná til með
hefðbundnum æfingum.
stærsti kosturinn við
Slendertone FLEX
buxurnar er að þú getur
sinnt öðru á meðan
tækið þjálfar
vöðvana.

SLENDERTONE

FLEX-buxur verð kr

19.995.-

Vaxtalaus kjör í 3 mánn með Visa/Euro kr. 6.665.- pr. mánn.



Einnig frá
SLENDERTONE

Þjálfar kvíðvöðva
Slendertone FLEX
herra og dömu



Verð kr. **14.985.-**

Þjálfar kvíðvöðva
Slendertone
FLEX-MAX
herra og dömu



Verð kr. **19.995.-**

allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

Opið

Virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-15

Kíktu á glæsilega netverslun okkar www.hreysti.is



ÓGNVALDUR UNDIRDJÚPA Þeir geta verið fegnir, fiskarnir okkar, að þessi ógnvænlegi brynháfur dó út fyrir um 360 milljón árum síðan. Bandarískir vísindamenn hafa nú gert eftirlíkan af Dunkleosteus terrelli-brynháfinum og þannig tekist að mæla bitkraft skepnunnar, sem var ein sú mesta af öllum lífverum jarðar allra tíma.

NORDICPHOTOS/AFP

Gat klippt heilan hákarl í sundur

Brynháfurinn Dunkleosteus terrelli var enn ógnvænlegri en vísindamenn hafa hingað til haldið, því nýjar rannsóknir á steingervöðum leifum hans benda til þess að hann hafi haft gríðarlegan kraft í kjaftinum.

Nokkuð víst er að væri brynháfurinn Dunkleosteus terrelli enn til, hefðu kvikmyndagerðarmenn nýtt sér hann við gerð á hryllingsmyndum sem hræða myndu óharðna áhorfendur frá því að fara í frá á sólarströndum.

En Dunkleosteus terrelli hefur ekki synt um höf jarðarinnar í um 360 milljón ár.

Bandarísku vísindamennirnir Mark Westneat and Philip Anderson hafa rannsakað steingervöður leifar þessa risadýrs og hannað eftirlíkingu af því, sem gerði þeim kleift að kanna hönnun kjaftsins og afl hans. Voru niðurstöður rannsókna þeirra birtar í breska vísindatímaritinu Biology Letters í síðustu viku.

Ógnvænleg skepna

Kjafturinn á brynháfinum Dunkleosteus terrelli var svo svaklegur að ekki er vitað til þess að nokkur fiskur, hvorki fyrr né síðar, hafi haft slíkan kraft í þeim líkamshluta.

Að sögn Westneat og Anderson gat brynháfurinn opnað kjaftinn á örskotsstund, eða á einum fimmtugasta hluta úr sekúndu, og krafturinn þegar hann lokaði kjaftinum aftur var 5000 Newton (500 kílóa kraftur) – meira en hjá nokkurri núlifandi skepnu, þar með talið hvíthákarli nútímans, kemur fram á fréttavef breska ríkisútvarpsins, BBC.

Eingöngu örfáar risaeðlur og útdauðir stórir krókódílar höfðu ámtóta kraft í kjaftinum.

Til samanburðar má nefna að grameðlan, Tyrannosaurus rex, sem var ein stærsta risaeðlan og mun yngri en fiskurinn (eða tæplega 300 milljón árum yngri), gat

smjattað á bráð sinni með 13.000 Newtonum (1300 kílóa krafti), en blettahýena dagsins í dag notar eingöngu 2000 Newton (200 kílóa afl) til að brjóta bein í kjafti sér, segir á vefsíðu BBC.

Eftirlíkingin

Dunkleosteus gat orðið tíu til tólf metra langur og allt að fjögur tonn að þyngd, en hausinn og brjóstið voru þakin beinplötum, sem gerðu hann ókræsilega bráð annarra fiska.

Dunkleosteus var einn fyrsti fiskurinn sem hafði kjálka, en í stað raunverulegra tanna hafði hann tvö löng beinblöð sem gátu skorið hold í sundur og brotið bein. Steingervingar hafa eingöngu fundist af haus og framhluta fiska og hafa vísindamenn leitt að því getgátum að afturhlutinn hafi ekki verið brynvarinn á líkan hátt og framhlutinn var.


Segja vísindamennirnir að hárbeytt beinblöðin og vöðvarnir í haus og kjafti skepnunnar hafi verið þannig uppbyggð að fiskurinn gat sent mesta kraft bitsins á lítið svæði, væntanlega oftast með banvænum afleiðingum fyrir bráðina. Gat þrýstingurinn á hárbeyttum „vígtönnunum“ verið nærri 150 milljón Pascal (1530 kílógramma afl á fersentimetra), kom fram í grein Westneats og Andersons.

Þannig gat brynháfurinn rífið í sundur bráð sem var stærri en kjafturinn á háfinum, en sá hæfileiki þróaðist ekki með hákörllum fyrr en 100 milljón árum síðar, kom fram í rannsókn félaganna.

Sogkraftur

Sú staðreynd að brynháfurinn Dunkleosteus terrelli virðist hafa getað opnað kjaftinn ógnvænlega á einungis einum fimmtugasta hluta úr sekúndu olli því að gríðarlegur sogkraftur myndaðist, sem hlýtur að hafa skipt sköpum fyrir margan grunlausan fiskinn sem grandalaus skaust hjá. Þetta býddi að jafnvel hraðskreiðustu fiskar voru ekki öruggir fyrir brynháfinum.

„Þessi mjög svo brynvarði fiskur var bæði fljótur að opna



STEINGERFÐUR BRYNHÁFUR Töluvert margir steingervingar af brynháfinum hafa fundist, en nú hefur vísindamönnum í fyrsta sinn tekist að mæla bitkraft skepnunnar.

NORDICPHOTOS/AFP

Ógnvaldur undirdjúpanna

- Brynháfar (placoderm) voru til á devóntímabilinu, frá um 415 milljón árum til um 360 milljón árum síðan.
- Brynháfurinn Dunkleosteus terrelli var líklega þeirra stærstur, tíu til tólf metra langur og allt að fjögur tonn að þyngd.
- Hausinn og brjóstið voru þakin beinplötum, sem gerðu hann ókræsilega bráð annarra fiska.
- Hann gat opnað kjaftinn á einum fimmtugasta hluta úr sekúndu.
- Þegar hann lokaði honum aftur, gat hann gert svo með 5000 Newtonum (500 kílóa krafti).
- Grameðlan, Tyrannosaurus rex, gat lokað kjafti sínum með 13.000 Newtonum (1300 kílóa krafti).
- Nútíma blettahýena notar 2000 Newton (200 kílóa kraft) til að tyggja bein.

kjaftinn og hafði mikið afl þegar hann lokaði kjaftinum aftur,“ sagði Westneat, sem er safnvörður í fiskadeild Field-safnsins í Chicago. „Þetta er hugsanlega sérstæðu útlitlagi hauskúpunnar og mismunandi vöðvum sem notaðir voru til að opna og loka [kjaftinum] að þakka.“

Yfirleitt hafa fiskar annaðhvort kraftmikinn kjaft eða eru

fljótir að beita honum, en ekki hvoru tveggja í senn. Telja Anderson og Westneat að Dunkleosteus hafi verið fyrsti fiskurinn sem sameinaði hvoru tveggja í sama skrokki.

Sérstæður hópur fiska

Brynháfar (placoderm) komu fram á devóntímabilinu, frá um 415 milljón til um 360 milljón

árum síðan, og voru lengi einráðir í heimshöfunum og í fersku vatni. Þeir eru nú allir fyrir löngu útdauðir og hafa ummerki um Dunkleosteus fundist í Marokkó, Belgíu, Póllandi og Norður-Ameríku.

Á Vísindavef Háskóla Íslands kemur fram að snemma á devóntímabilinu voru brynháfar smáir, eða eingöngu um 10 sentimetra langir, en síðar á sama skeiði urðu sumar tegundir ógnarstórar og er Dunkleosteus gott dæmi þar um en hann var líklega stærstur brynháfa.

Vegna stærðar sinnar var Dunkleosteus líklega heldur seinn í förum og kom því sogkrafturinn að góðum notum.

„Dunkleosteus var umkringdur hugsanlegri bráð sem öll krafðist mikils krafts í kjaftinum,“ sagði Anderson, sem vinnur í Háskólanum í Chicago, í samtali við BBC. „Þetta voru syndandi, fljótfarin dýr sem öll voru brynjuð; flestir fiskarnir voru líka brynháfar sem höfðu sömu hörðu skelina. Og það voru líka stór lindýr með hörðum skeljum og afar stór krabbadýr.“

Dunkleosteus hefur líklega étið allt sem hann komst yfir, þar á meðal hákarla og aðra brynháfa. Hann var einnig mikill mathákur, því oft finnast leifar af hálf-meltum og hálf-étnum fiski í steingervöðum leifum Dunkleosteus. Hafa vísindamenn því leitt að því getgátum að Dunkleosteus hafi þjádast af meltingartruflunum, eða þá að hann hafi kastað upp beinum bráðar sinnar, frekar en að melta þau.

Einnig er talið að brynháfar, Dunkleosteus þar með talinn, hafi verið meðal fyrstu hryggdýrana sem eignuðust lifandi afkvæmi, líkt og flest spendýr og hákarlar gera í dag.

Þegar hákarlarnir urðu til má gera ráð fyrir að þeir hafi veitt brynháfinum mikla samkeppni því þeir voru mun betri sundfiskar. Þó er ekki vitað hvort það hafi átt þátt í því að brynháfar urðu útdauðir.

Sigrún María Kristinsd.
smk@frettabladid.is

FROSTEVENTS

BYLGJAN
989

IH
ICELANDAIRHOTELS

&

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS



kynna með stolti

The European Divas

Frostroses 2006



Eleftheria Arvanitaki

Patricia Bardon

Sissel Kyrkjebø

Eivør Pálsdóttir

Ragnhildur Gísladóttir

ásamt Karla-kórnum Fóstbræðrum, Drengjakór Reykjavíkur, sérstakri slagverkssveit, þekktum erlendum hljóðfæraleikurum og tæplega 60 manna stórhljómsveit Frostrósa skipaðri félögum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands og nokkrum af okkar fremstu tónlistarmönnum.

STÆRSTU JÓLATÓNLEIKAR ALLRA TÍMA!
Í NÝJU LAUGARDALSHÖLLINI Á MORGUN!

SÍÐUSTU SÆTIN OG ÓSELDAR PANTANIR SELDAR Í DAG Á MIDLIS
OG Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR!

Tónleikar kl. 18:00

húsið opnar kl. 17:00

Tónleikar kl. 21:00

húsið opnar kl. 20:00

**EKKI MISSA AF ÞESSUM STÆRSTA
TÓNLISTARVIÐBURÐI SÍÐUSTU ÁRA!**



Sérstakur heiðursgestur:

Petula Clark



Nýja Laugardalshöllin verður færð í sannkallaðan jólabúning
alls koma fram yfir 200 manns á risasviði!

Gestasöngvari:

Jóhann Friðgeir

Skammsýni í vegamálum reynist dýrkeypt.

Fram á veginn

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR

Óhætt er að taka undir orð samgönguráðherra, Sturlu Böðvarssonar, um að hið hörmulega umferðarslys á Suðurlandsvegi á laugardag gefi tilefni til að flýta uppbyggingu Suðurlandsvegur. Slysíð er óþyrmileg áminning um hversu ófullkomið vegakerfi landsins er miðað við þann umferðarþunga sem á því hvílir.

Fimmtíu og fjórir hafa týnt lífi á Suðurlandsvegi síðan 1972. Á þessu árabili hefur Suðurlandsvegur þó verið endurbættur til mikilla muna og síðast með opnun nýs vegarkafli á Hellisheiði. Því miður virðist þó ekki hafa verið horft nægilega fram á veginn við þessar endurbætur. Í stað þess að einblína á að byggja veg sem svarar kröfum nútímans og framtíðarinnar hefur skammsýni verið við völd, nú síðast þegar byggður var þriggja akreina vegur á Hellisheiði þar sem á síðustu stundu var ákveðið að aðskilja akstursstefnur með þeim afleiðingum að vegurinn er allt of þröngur.

„Það hlýtur að standa upp á samgönguráðherra að sjá til þess að þegar í stað verði látið af skammsýnum sjónarmiðum og hreppapólitík við uppbyggingu vega í landinu.“

Ljóst er að umferð um vegi landsins mun ekki minnka á komandi árum. Þvert á móti mun hún aukast og hún mun aukast mikið, jafnvel þótt að einhverju leyti takist að snúa við þróuninni og færa einhverja flutninga aftur á sjó. Það virðist því sjálf-sögð krafa að vegamannvirki séu hönnuð í samræmi við þetta vaxandi álag.

Reynslan á Reykjanesbraut hefur sýnt með áþreifanlegum hætti hvað raunverulegar vegabætur geta gert til að draga úr slysátíðni. Eðlilegt má teljast að byggt sé á þessari reynslu þegar horft er til framtíðar í vegamálum.

Krafan hlýtur að vera tvær akreinar í hvora átt með aðgreiningu milli akstursstefna, þar sem umferðarþunginn er mestur. Reykjanesbraut er þegar vel á veg komin. Suðurlandsvegur austur fyrir fjall hlýtur að vera næstur á dagskrá og síðan Vesturlandsvegur norður um.

Hér duga engar málamiðlanir með þriggja akreina vegum. Sú lausn sýnir skammsýni. Þegar til lengri tíma er litið hlýtur að vera skynsamlega að gera vel og til frambúðar styttri vegarkafli í einu, að því gefnu að fjárframlög aukist ekki, fremur en að byggja vegi sem ekki svara þeim þörfum sem fyrirsjáanlegar eru.

Komið hefur fram að Rannsóknarnefnd umferðarslysa telur brýnt að umferð úr gagnstæðum áttum verði aðskilin bæði á Suðurlandsvegi og Vesturlandsvegi. Viðbrögð Vegagerðarinnar hljóta að teljast með ólíkindum. Þar er skammsýnin enn við völd og ekki talin þörf á að tvöfalda Suðurlandsveg.

Það hlýtur að standa upp á samgönguráðherra að sjá til þess að þegar í stað verði látið af skammsýnum sjónarmiðum og hreppapólitík við uppbyggingu vega í landinu. Lítil þjóð hefur ekki efni á þeim mannförnum sem færðar eru ár hvert á vegum landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson. AÐSTODARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir. FRÉTTASTJÓRAR: Arnalds Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason. FULLTRÚAR RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Veitingastaður IKEA
opnar kl. 9:00
verslun opnar kl. 10:00

MORGUNMATUR
mánudaga - laugardaga

195,-

2 rúnstykki, 1 egg, skinka, ostur, smjör, sulta og heitur drykkur



IKEA Restaurant & Café

Þú átt allt gott skilið!

FRÁ DEGI TIL DAGS

Í nafni kvenfrelsis

Það fór svo eins og margir höfðu spáð, að konum gekk nokkuð betur en körlum í forvali vinstri grænna nú um helgina og í efstu tólf sætum lentu sjö konur en fimm karlar. Í forvalsreglunum segir „Í anda kvenfrelsis skal tryggja jafnræði kynja við uppröðun“ á lista. Leiðbeinandi reglur segja til um að í einhverju af þremur fyrstu sætum skuli að minnsta kosti vera einn af hvoru kyni. Efstu tvö sætin skulu skipuð þremur konum og þremur körlum. Í þriðja sæti gilda sömu reglur og í fyrsta sæti og í efstu fjögur sætum skulu vera sex karlar og sex konur.



Konur gætu þurft að vikja

Nú á eftir að sjá hvort farið verður eftir þessum leiðbeinandi reglum. En í nafni „kvenfrelsis“ gæti það farið svo að tvær konur viki af listanum til að karlar komist að. Álfheiður Ingadóttir myndi detta úr öðru sæti niður í það þriðja, en Gestur Svavarsson myndi færa sig upp í staðinn. Þá myndi Steinunn Þóra Árnadóttir detta af lista yfir fjóra efstu, en Jóhann Björnsson myndi koma í hennar stað og stökkva upp fyrir þrjár konur.

Og flækjast nú enn málin

En það er alls ekki víst að farið verði eftir þessum leiðbeinandi reglum. Til að mynda stóð Gestur Svavarsson upp



á kynningarfundum fyrir forvalið og lýsti því yfir að hann vildi ekki láta ýta sér upp á kostnað kvenna í flokknum og hvatti karlkyns félagasína til að gera slíkt hið sama. Undirtektirnar voru nú eitthvað daprar í flokki kvenfrelsisins. Enginn mótmælti, en aðeins einn maður stóð upp og lýsti yfir stuðningi við tillögu Gest, en það var Ögmundur Jónsson, sem líklega hefur talið sig öruggan með að ná einu af þremur fyrstu sætum eins og kom á daginn á laugardagskvöld þegar hann fékk flest atkvæði prófkjörsins. Ef ekki á að ýta Svavari upp, verður Paul Nicolov þá ýtt upp í staðinn, eða verður það bara látið standa að fleiri konur en karlar eru á listanum? svanborg@frettabladid.is

Flóttinn frá Bagdad

Framsóknarflokkurinn hefur kallað herlið sitt heim frá Írak en Sjálfstæðisflokkurinn ætlar ekki að gefast upp. Frambjóðendur í prófkjörum eru skikkaðir til að skrifa undir stuðningsyfirlýsingu við Bush og varaformaðurinn segist hvergi hvika í afstöðu sinni. Með Bandaríkjamönnum. Með borgarastyrjöld.



HALLGRÍMUR HELGASON

Í DAG | Írak

Jón Sigurðsson á heiður skilinn fyrir að viðurkenna að stuðningur okkar við innrásina í Írak hafi verið mistök. Þar með er málið komið aftur á dagskrá og þar með viðurkennir annar stjórnaflökkurinn að ranglega var staðið að ákvörðun sem að auki var röng. Og framsóknarmenn fögnuðu eins og heilum Halldóri Ásgrímssyni hefði verið lyft af baki hvers og eins þeirra.

Það er þó óneitanlega einkenni-legt að annar aðili ríkisstjórnar skuli firra sig ábyrgð á einni alvarlegustu ákvörðun hennar. Hvað þýðir það? Líklega svo sem ekki neitt. Á meðan ríkisstjórnin sem heild hefur ekki beðið þjóðina afsökunar á því að hafa lagt nafn Íslands við ólögmætt árástarstríð er yfirlýsing Jóns því miður ekki mikils virði, sama hversu ánægjuleg hún annars er.

Hér vantar þá auðmýkt og iðrun sem forsætisráðherra heimtar af Árna Johnsen. Ákvörðunin um stuðning okkar við Íraksstríðið var hvorki borin undir þing né þar til bæra nefnd og var því (hvað sem allir útsölulögfræðingar segja) ólögmæt. Kannski var hugsun Davíðs og Halldórs sú að standa þyrfti ólöglega að stuðningi við ólöglegt stríð. Niðurstaðan varð tvöfalt lögbrot sem í eðli sínu er að sjálfsgöðu mun alvarlegra heldur en kantsteinasprell Árna Johnsens. Munurinn á Árna annars vegar og Davíð og Halldóri hins vegar, að viðbættum embættis-erfingjum þeirra, er þó sá að Árni nefndi að minnsta kosti hugtakið mistök í nýlegu viðtali þótt hann

hafi kallað þau tæknileg. Ríkisstjórnin hefur hins vegar aldrei beðið okkur, umheiminn eða írösku þjóðina afsökunar á illráði sínu, hvað þá hún hafi viðurkennt nein mistök. Hér var þó sannarlega kvittað undir annað og meira en vörur frá Byko.

Við hljótum þó að gera ráð fyrir að menn sjái að sér. Frá því Geir Haarde var kosinn formaður hefur hann gert lítið annað en að þvo flokkinn sinn. Röðin hlýtur að koma að blóðblettunum frá Bagdad. Nú er meira að segja kominn fram sjálfstæðismaður með málfrelsi, fyrsti maðurinn í sögu flokksins sem ekki er hræddur við styttna af Davíð. Kristján Þór Júlíusson stimplar sig sterkt inn með yfirlýsingu um að stríðsstuðningurinn hafi verið mistök, talar eins og sannur leiðtogi.

Á meðan situr dómsmálaráðherra fastur við sinn sérstæða keip. „Ríkisstjórn Íslands eða einstakir ráðherrar innan hennar báru enga ábyrgð á innrásinni í Írak. Hún hefði verið gerð, hvað sem afstöðu íslenskra stjórnvalda leið,“ segir þrætukóngurinn á heimasíðu sinni. Málið snýst ekki um það, Björn. Málið snýst um STUÐNING OKKAR OG SJÁLFS-VIRÐINGU, ORÐSPOR ÍSLANDS. En áfram hélt hann: „Það ber vott um yfirþyrmandi minnimáttarkennd eða ótrúlega mikilmennsku að telja sér trú um, að afstaða ríkisstjórnar Íslands hefði skipt einhverju um það,

hvort ráðist yrði inn í Írak.“ Vart hafði ráðherrann sleppt þessum orðum þegar vinur hans, Staksteinar, mætti í Kastljós og kvaðst vilja kalla Bandaríkjaher heim frá Írak. Sú ákvörðun Morgunblaðsritstjórnar virðist þó ekki enn hafa ratað rétta bodleið til Bagdad.

Harmlekurinn um Bush og Írak magnast með hverjum degi. Borgarar deyja. Hermenn deyja. Og orðstír okkar heldur áfram að deyja á meðan ríkisstjórnin heldur áfram að styðja „eina stríð sögunnar sem enginn veit hvers vegna var háð“ eins og bandarískir fréttaskýrendur orða það. „Ef Bush hefði verið forseti þegar árásin á Pearl Harbor var gerð hefði hann brugðist við með því að ráðast inn í Ástralíu.“

Sagan er harður dómarí. Kaldastríðsfurstar hægrianna hafa lengi verið duglegir að rifja upp stuðning vinstrimanna við hetjur sósíalísmans, þar sem sagan hefur dæmt sem glæpamenn kommúnísmans. „Þeir sem stóðu með Stalín hlutu að falla með Stalín.“ Sagan dæmir hins vegar alla jafnt. Þeir sem stóðu með Bush munu falla með Bush.

Nema menn sjái að sér. Enn má bæta fyrir mistökinn.

Flóttinn frá Bagdad er hafinn. Einn kleip í smjöríð og hljóp síðan í seðlabjörg. Annar komst burt sem laumufarþegi með Norrænu. Sá þriðji skar upp herör og leiddi herdeild sína út úr eyðimörkinni. En sá fjórði heldur kyrru fyrir á verndarsvæði Bandaríkjamanna þar sem hann stritar við að skrifa undir dánarvottorð saklausra borgara, sveittur upp fyrir haus, með eyrun full af sandi og kinnarjóður af sektarkennd. Því það er sorgleg staðreynd: Eina blóðið sem við Íslendingar höfum úthellt vegna Íraksstríðsins er það sem fyllir vanga okkar af skömm. Og einmitt sú staðreynd gerir skömm okkar enn þá stærri.

Verð veiðileyfa

UMRÆÐAN

Veiðileyfi

Söluskrá Stangaveiðifélags Reykjavíkur fyrir næsta ár var kynnt nú fyrir stuttu. Söluskráin er sérlega glæsileg og eru þar í boði rúmlega fimmtíu veiðisvæði, bæði í lax- og silungsveiði.



PÁLL ÞÓR ÁRMANN

Í kjölfarið hafa spunnist talsverðar umræður um verð veiðileyfa og einstaka hækkunar teknar út úr og gerð góð skil. Það er rétt að ákveðin ársvæði hækka talsvert umfram verðbólgu eða um 13-18%. Einnig er dæmi um 45% hækkun en þar er um að ræða eina laxveiðiá þar sem samningar voru endurnýjaðir og reyndar er svo með allar ár sem hækka umfram verðbólgu. En nauðsynlegt er í þessu samhengi að horfa á heildarmyndina. Flöt hækkun veiðileyfa í söluskrá SVFR fyrir sumarið 2007 miðað við árið áður er um 13%. Ef tillit er tekið til verðbólgu milli ára nemur meðalhækkunin í söluskránni því einungis um 6% umfram verðbólgu milli ára. Það eru um 20% veiðisvæði í söluskránni sem hækka umfram verðlagsþróun, önnur hækka í samræmi við verðbólgu og fjöldi veiðisvæða er einnig í boði á óbreyttri krónutölu milli ára. Í þeim flokki má sérstaklega nefna nokkur silungsveiðisvæði. Í silungs-

veiði hefur SVFR einmitt bætt verulega við sig í framboði og boðið ný ársvæði eins og Varmá/Þorleifslæk og Litlá í Kelduhverfi. Þar má einmitt sjá verðstefnu SVFR í hnotskurn því þar lækkar útsöluverð miðað við fyrri leigutaka en greiðslur til veiðiréttar-eigenda hækka. Segir þetta meira en margt annað um verðstefnu Stangaveiðifélags Reykjavíkur.

Umræða um verð veiðileyfa er eðlileg og hafa menn af því talsverðar áhyggjur hvert stefnir. Undanfarin tvö ár hefur verðstöðnun verið á verði í söluskrá okkar, þannig að ef verðbreytingar í þessari söluskrá eru skoðaðar til orlitið lengri tíma má sjá að SVFR hefur staðið verulega á bremsunni gagnvart verðhækkun veiðileyfa. Í tilfellum verðhækkana er ávallt um framlengingu leigusamninga að ræða. Það er kjarni málsins og afar mikilvægt hjá svo stóru félagi eins og Stangaveiðifélagi Reykjavíkur að halda úti og tryggja félagsmönnum nægjanlegt framboð veiðileyfa. Í Stangaveiðifélagi Reykjavíkur eru nú yfir 3.000 manns og um 900 manns hafa gengið í félagið á tveimur árum. Þessi mikli vöxtur og áhugi á félaginu segir okkur að við erum á réttri braut og eigum samleið með veiðimönnum.

Höfundur er framkvæmdastjóri Stangaveiðifélags Reykjavíkur.

Frjálslyndi flokkurinn og málefni innflytjenda

UMRÆÐAN

Stjórnsmál

Erlendu fólk hefur fjölgað ört á Íslandi undanfarnar misseri. Frjálslyndi flokkurinn leggur ríka áherslu á að fólk sem er af erlendu bergi brotið og flyst hingað til lands, verði gert kleift að finna sér hlutverk og aðlagast íslensku samfélagi. Einnig er tryggt sé að ekki verði brotið á því fólk, því verði sýnd full virðing og mannréttindi.

Enn biðum við stefnumörkunar ríkisstjórnarinnar úr nefndarstarfi um málefni innflytjenda, eins og samþykkt var á Alþingi í apríl 2006. Þinginu var lofað að sú stefnumörkun ætti að liggja fyrir 1. október síðastliðinn. Frjálslyndi flokkurinn telur það pólitískt ábyrgðarleysi að stjórnvöld skuli ekki hafa brugðist betur en raun ber vitni við þeim miklu þjóðfélagslegu áskorunum sem felast í því stóruka stremji erlends vinnuaflds hingað til lands sem var fyrirsjáanlegt að yrði eftir 1. maí síðastliðinn, þegar lög um frjálsa för launafólks frá nýjum aðildarríkjum ESB var heimilað. Það er skoðun okkar að sú leið sem meirihluti Alþingis valdi í vor, að nýta ekki heimildir til frestunar ákvæða í EES-samningnum um frjálsa för, hafi verið mikil mistök. Við andmæltum þessu einir flokka harðlega í vor. Frestun á frjálsu flæði til 2009 eða 2011 hefði gefið okkur svigrúm til betri undirbúnings, auk þess sem ætla má að atvinnuástand í mörgum þeirra landa sem um ræðir hefði batnað eftir nokkurra ára veru þessara ríkja í ESB.

Margt bendir til þess að málefni erlendra ríkisborgara á Íslandi séu nú í ólestri. Fólk býr víða í atvinnuhúsnæði, skráning og eftirlit er gloppótt, tilfelli eru þar sem brotið er á réttindum fólks, íslenskukennsla er af skornum skammti og áfram má telja. Mjög mikið innstreymi hefur verið af fólk hingað til lands og aldrei meira en síðustu mánuði. Nýjustu tölur sýna að fjöldi erlendra starfsmanna nálgast nú ódfluga 20.000. Það eru um 13% af íslensku vinnuafli. Varla er ofmælt að segja að Ísland upplifi nú aðstæður sem aldrei hafa komið upp í sögu landsins þar sem mikill fjöldi erlends fólks mun keppa við Íslendinga um vinnu.

Nokkrar áherslur

Við í þingflokki Frjálslynda flokksins teljum að eftirfarandi skuli strax haft að leiðarljósi við þá vinnu að taka þessi mál fastari tökum en gert hefur verið hingað til:

Brugðist verði sérstaklega við áhrifum frjáls flæðis erlends vinnuaflds á vinnumarkaðinn sem leitt getur til lækkunar launa. Fylgjast þarf með fjölgun starfsmanna á vegum starfsmannaleigna. Stéttarfélag fái heimildir til að fara í fyrirtæki og krefjast þess að fá að sjá launaseðla, vinnuskýrslur og önnur gögn sem varða erlenda starfsmenn svo unnt sé að fylgjast með því að ekki sé brotinn á þeim réttur. Fjöldi erlendra starfsmanna hefur ekki verið tilkynntur til Vinnuálagstofnunar eins og lög gera ráð fyrir. Herða verður eftirlit með atvinnurekendum og óskráðum starfsmönnum, kjörum þeirra og búsetu.

Við viljum að unnið verði að því að staða þess starfsfólks sem þegar er komið til landsins verði könnuð, fjölskylduhagir og áform þeirra í næstu framtíð varðandi hugsanlega framtíðarbúsetu á Íslandi. Þannig verður unnt að spá fyrir um t.d. fjölgun skólabora, þörf á kennslu í íslensku og öðrum



MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON

þáttum er varða aðlögun o.fl.

Við teljum brýnt að kannað verði hvort þeir, sem vilja setjast hér að um lengri eða skemmri tíma, hafi hugsanlega sakaferla. Meta verður menntun innflytjenda, bæði hvað varðar iðnmenntun og æðri menntun. Einnig er sjálfsgætt að heilbrigðisyfirvöld verði á varðbergi varðandi smitsjúkdóma eins og berkla.

Það er afar mikilvægt að virkja innlent vinnuafli frekar en nú er gert, og þannig nýta betur þann mannauð sem fyrir er í landinu. Það mætti gera með breytingum á skattakerfi, þar sem tekið yrði tillit til skerðingarreglna sem bitna nú harðast á eldri borgurum og öryrkjum, sem og því hvernig skattbyrði hefur þróast gagnvart lágtekjufólki.

Hægt að beita takmörkunum

Rétt er að vekja athygli á að það ferli að taka nú upp stýringu, eftirlit og takmörkun hefði verið mun einfaldara ef Ísland hefði nýtt sér fyrirvara sem mögulegur var vorð 2006. Við viljum reyna að takmarka á ný frjálst flæði launafólks frá nýjum ríkjum EES a.m.k. á meðan unnið er að ráðstöfunum í samfélaginu sem tryggja hagsmunum bæði þeirra útlendinga sem hingað vilja koma og þeirra sem eru hér fyrir. Hér er ekki verið að tala um að loka landinu eða reka

Hér er ekki verið að tala um að loka landinu eða reka fólk á brott, heldur eingöngu lögð áhersla á að sökum smæðar þjóðarinnar er það okkur Íslendingum nauðsynlegt að stýra sjálf flæði erlendra nýbúa til landsins.

fólk á brott, heldur eingöngu lögð áhersla á að sökum smæðar þjóðarinnar er það okkur Íslendingum nauðsynlegt að stýra sjálf flæði erlendra nýbúa til landsins.

Við teljum unnt að gera það samkvæmt 112. og 113. gr. EES samningsins. Samkvæmt þeim ákvæðum getur íslenska ríkið gripið einhliða til viðeigandi öryggisráðstafana ef upp koma alvarlegir, efnahagslegir, þjóðfélagslegir eða umhverfislegir erfiðleikar í sérstökum atvinnugreinum eða á sérstökum svæðum. Skilyrði fyrir beitingu þessa úrræðis eru nánar skýrð í athugasemdum við 112. gr. þar sem fram kemur að í fyrst lagi verða erfiðleikarnir annað hvort að vera orðnir að veruleika eða yfirvofandi, í öðru lagi eiga ráðstafanirnar að takmarkast við það sem er bráðnauðsynlegt til að ráða bót á ástandinu og loks eiga ráðstafanir sem gerðar eru vegna erfiðleika sem skapast vegna eins samningsaðila að gilda gagnvart öllum samningsaðilum. Við gerð EES-samningsins áskildu stjórnvöld sér einnig rétt til að grípa til sérstakra öryggisráðstafana, t.d. atvinnuleysis, ef alvarleg röskun yrði á jafnvægi vinnumarkaðar vegna meiriháttar flutninga starfsfólks sem beinast að sérstökum svæðum, störfum eða atvinnugreinum eða vegna alvarlegrar röskunar á jafnvægi fasteignamarkaðar. Þetta var gert með sérstakri bókun íslenskra stjórnvalda við ákvæði samningsins, sem ekki var mótmælt á sínum tíma.

Höfundur er þingflokksformaður Frjálslynda flokksins.

Stöðvum barnaklám á netinu!

UMRÆÐAN

Kynbundið ofbeldi

Kynferðislegt ofbeldi á börnum er víótækt vandamál. Tölur um þetta viðkvæma málefni eru sláandi og því miður á slíkt ofbeldi sér stað um allan heim. Sem dæmi má nefna að 16% þeirra sem fá lækningu við kynsjúkdómi í Nígeríu eru undir 5 ára aldri og 17% barna á Íslandi, eða um fimmta hver stúlka og tíundi hver drengur, verða fyrir kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur. Fjölmörg önnur dæmi mætti taka.

Tölfræðin sýnir þó aðeins lítið brot af vandamálinu þar sem eðli þessara brota og sú leynd sem yfir þeim hvílir valda því að sjaldan er tilkynnt um þau. Óbirt rannsókn Hrefnu Ólafsdóttur félagsráðgjafa sýnir til dæmis að kynferðislegt ofbeldi gegn barni árið 2002 var einungis kært í fjórum tilfellum af 122. Þrátt fyrir þessa staðreynd er almenn vitund að aukast um það að kynferðislegt ofbeldi sé glæpur sem eigi ekki að líðast.

Hins vegar virðast ekki allir átta sig á því að skoðun barnakláms á netinu er kynferðislegt ofbeldi. Það er ofbeldi gegn því barni sem á myndinni er þó svo að engin bein líkamleg snerting eigi sér stað. Engin klámmynd verður nokkru sinni til af barni án þess að það þjáist og í hvert sinn sem þessi mynd er skoðuð er verið að halda ofbeldinu gegn barninu áfram. Sá möguleiki að útrýma efni af netinu er takmarkaður og sannað er að vitneskja barns um mynd af því á netinu veldur því enn meira hugarangi og miska.

Barnaklám hefur komið fram í dagsljósi síðasta áratuginn og er það nær eingöngu vegna tilkomu

og útpenslu netsins. Netíð hefur ótvíræða kosti en því miður hefur það sínar dökku hliðar og þar ber einna hæst aukna möguleika kynferðisafbrotanna á að stunda iðju sína óárettir.

Jafnvel þó að erfitt verði að stöðva barnaklám á netinu með öllu getum við eigi að síður gert allt sem í okkar valdi stendur til að sporna við því. Ef baráttan einkennist af öflugri alþjóðastarfsemi og góðri samvinnu fagaðila er hægt að ná góðum árangri. Virkt eftirlit með barnaklámi á netinu og þátttaka almennings í slíku eftirliti er ekki síður mikilvægt.

Óbirt rannsókn Hrefnu Ólafsdóttur félagsráðgjafa sýnir til dæmis að kynferðislegt ofbeldi gegn barni árið 2002 var einungis kært í fjórum tilfellum af 122.

Barnaheill hafa starfrækt ábendingalínu síðan 2001. Við hvetjum fólk til að láta vita í hvert sinn sem það verður vart við barnaklám á Netinu með því að senda inn ábendingu. Barnaheill hafa átt öflugt alþjóðlegt samstarf frá upphafi við ábendingalínur annarra landa innan regnhlífarsamtakanna INHOPE. Einnig erum við í mjög góðu samstarfi við Lögregluna í Reykjavík, Ríkislögreglustjóra og netþjónustuað-



RÁN INGVARSDÓTTIR

ila á Íslandi. Þegar ábending berst, og starfsfólk Barnaheilla hefur metið það svo að um kynferðislegt og klámfengið efni af barni sé að ræða, finnur það út með sérstökum hugbúnaði hvar efnið er vistað á Íslandi er ábendingin send til alþjóðadeildar Ríkislögreglustjóra sem hefur rann-

sókn á málinu. Ef efnið er hins vegar vistað erlendis er ábendingin send til samstarfsaðila Barnaheilla í viðkomandi landi sem senda hana áfram til lögreglunnar þar.

Í lok október 2006 höfðu Barnaheillum borist meira en 3.000 ábendingar um barnaklám á Netinu. Þar af voru meira en 1000 ábendingar sem höfðu að geyma myndir þar sem börn voru sýnd á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Þegar borin eru saman tvö tímabil, 1. sept. 2004 til 1. sept. 2005 og 1. sept. 2005 til 1. sept. 2006, kemur fram að 25% aukning hefur orðið á milli ára. Í 64% tilvika voru ábendingarnar sendar til samstarfsaðila erlendis og í 36% tilvika til lögreglunnar.

Barnaheill boða til hádegisfundar í Kornhlöðunni í tilefni af 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi hinn 7. desember nk. kl. 12.00 undir yfirskriftinni Hvert er umfang kynferðislegs ofbeldis á netinu á Íslandi?

Höfundur er lögfræðingur hjá Barnaheillum – Save the children á Íslandi.

GÓÐAR OG HLÝJAR JÓLAGJAFIR



VETRARAÚLPUR
Verð 9.995



SNJÓBUXUR
Verð 7.995



**SETT
BUXUR OG ÚLPA**
Verð 10.995 kr.
Stærð 104 - 122



SKÁTABUÐIN
FERDAVERSLUN
Faxafeni 8 • 108 Reykjavík • sími 534 2727
www.skatabudin.com

Samfélagsleg ábyrgð

UMRÆÐAN

Ábyrgð fyrirtækja

Fyrir nokkru fór fram málþing í Reykjavík með þann áhuga-verða titil „Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja“. Var þetta mjög fint upphaf að umræðu sem Hjálparstarf kirkjunnar vonar að fleiri og fleiri eigi eftir að taka þátt í. Samfélagsleg ábyrgð er vítt málefni sem felur í sér mannréttindi, jafnrétti, umhverfisvernd og fleiri viðfeðm mál og því e.t.v. ekki skrítið að hugtakið sé ekki skýrt og afmarkað í huga fólks. Hér fjalla ég um málið frá sjónarhóli frjálsra félagasamtaka.

Í hverju felst samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja?

Af mörgum stærstu hagkerfum heims standa fyrirtæki en ekki ríki, 26 af 40 stærstu hagkerfum heims eru í dag fyrirtæki og ekki ríki. Þótt sú þróun sé ekki orðin að veruleika á Íslandi virðumst við ekki langt frá því að fyrirtæki muni einn daginn verða með hærra veltu en íslenska ríkið. Fyrirtæki hafa gríðarleg áhrif sem sífellt aukast, um leið og áhrif þjóða og þinga þverra að sama skapi. Þau verða einfaldlega ekki eins öflugir áhrifaáðilar og fyrirtækin.

Samfélagsleg ábyrgð er stefna sem æ fleiri fyrirtæki taka upp og við sjáum sífellt fleiri þeirra gefa göðum málefnum gæm. Hvort skilgreina eigi samfélagslega ábyrgð sem skyldu, áhugamál eða viðskiptatækni er lengi hægt að deila um. Eitt er víst að samfélagsleg ábyrgð hefst með áhuga, áhuga á því umhverfi sem við lifum og hrærumst í. Gott samfélag einkennist af manneskjum sem þrífast og þróast, umhverfi í jafnvægi, sanngirni í samskiptum og umhyggju fyrir þeim sem ekki hafa eða geta nýtt sér þá möguleika sem boðið er upp á í fjölbreyttu samfélagi. Að fjárfesta í góðu samfélagi er fjárfesting til framtíðar. Til að vaxa þurfum við stöðugt að betrubæta aðstæður og kjör, menntun okkar og allt það sem hjálpar okkur að nýta tækifærin. Fyrir fyrirtæki þýðir sam-

félagslegur vöxtur yfirleitt stærri viðskiptamarkaður á öllum sviðum. Þannig er það hagur okkar allra að bæta kjör, ekki bara á Íslandi heldur úti um allan heim.

Mörg íslensk fyrirtæki hafa sýnt samfélagslega ábyrgð með stuðningi við starfsemi Hjálparstarfs kirkjunnar. Flest þeirra styðja matarbúrið okkar þar sem fólk hér á landi fær afgreitt úr þegar verulega kreppir að. Kveikjan að stuðningi fyrirtækja við góð málefni er líklega oftast sprottin af mannúðarhugsjón. En það má einnig líta á slíkan stuðning sem góð viðskipti. Að sýna samfélagslega ábyrgð bætir ímynd og getur þannig skilað auknum hagnaði. Fyrirtæki eru fólk og hluthafar eru manneskjur. Þó að fjárhagslegur hagnaður sé mikilvægur geta hluthafar einnig verið stoltir af því að eiga hlut í ábyrgu fyrirtækis sem líkt og íslenskur almenningur lætur sig velferð annarra varða.

Samfélagsleg ábyrgð einstaklinga

Sem farsælt dæmi fyrir okkur öll vill Hjálparstarf kirkjunnar vekja athygli á þeirri ríku samfélagslegu ábyrgð sem íslenskur almenningur hefur sýnt í fjölda ára. Íslenskur almenningur hefur axlað ábyrgð og styrkt verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í meira en 30 ár. Pétur og Páll og Jóna og Gunna hafa gefið rausnarlega af sínum sköttuðu launum og þannig gefið þyrstum vatn, hungruðum mat, frelsað börn úr ánauð, byggt heimili fyrir munaðarlaus börn og eflt bæði fullorðna og börn til menntunar. Verkefni hafa verið heima og erlendis. Þessi samfélagslega ábyrgð er öxluð í hljóði, aldrei sjáum við auglýst að Pétur hafi gefið svo og svo mikið. Hingað til hefur Gunna ekki kallað til fjölmiðlafundar til þess að kynna sitt framlag og ekki hefur heldur Páll spurt „hvernig gagnast þetta framlag mér?“

Ég held að við getum með góðri



LYDIA GEIRSDÓTTIR

samvisku sagt að íslenskur almenningur sé bakhjarl allra frjálsa félagasamtaka á Íslandi og því fylgir stöðugleiki, því íslenskur almenningur gefur ekki bara einu sinni. Samfélagsleg ábyrgð, það að gefa með sér, virðist hluti af þjóðarsálinni – sjálfsagt þegar við búum sjálf við svo góð kjör. Við látum okkur mál og aðstæður annarra manna varða. Íslenskur almenningur hefur líka sýnt í verki að okkar samfélagslega ábyrgð endar ekki við strendur Íslands. Alheimur er samfélag okkar allra og njótum við þar bæði réttinda og berum skyldur.

Fyrirtækin fylgi almenningi

Samtímis og við þökkum innilega fyrir þá ábyrgð almennings í verki er það von okkar og draumur að einn dag muni þessi ábyrgð og stöðugleiki endurspeglast í öllum okkar fyrirtækjum og stjórnvöldum, ekki sem skylda heldur sem áhugi og umhyggja fyrir náunganum, umhverfinu og veröldinni allri. Með þeim hætti væri okkur kleift að byggja enn betra samfélag, samfélag sem ekki þekkir landamæri.

Frjáls félagasamtök eru ekkert án fólksins

Pétur og Páll, Jóna og Gunna, Hjálparstarf kirkjunnar þakkar ykkur fyrir allan veittan stuðning og stuðning í framtíðinni. Afstaða ykkar til neyðar annarra, hvar sem þeir búa, er öðrum fyrirmynd. Frjáls félagasamtök eins og Hjálparstarf kirkjunnar leika mikilvægt hlutverk í velferð þeirra sem ekki eru í aðstöðu til að bjarga sér sjálfir að einhverju eða öllu leyti. Og frjáls félagasamtök eru ekkert án ykkar. Hjálparstarf kirkjunnar þakkar ykkur fyrir að fá að miðla þinni hjálp til þeirra sem mest þurfa á henni að halda.

Höfundur er verkefnastjóri hjá Hjálparstarfi kirkjunnar.

Vísindarannsóknir á heilbrigðissviði

UMRÆÐAN

Síðfræði

Vísindarannsóknir á heilbrigðissviði hefur vaxið mjög ásmegin á Íslandi á undanförunum 10-15 árum. Í dag er um mikilvæga atvinnugrein að ræða, sem veitir þúsundum hámenntaðra starfsmanna atvinnu við hæfi. Opinberar stofnanir, einka-fyrirtæki og einyrkjar stunda rannsóknir á hinum



ÓLÖF ÝRR ATLADÓTTIR

vísindarannsóknir á heilbrigðissviðinu, allt frá því að kanna aðstæður aðstandenda sjúklinga í gegnum spurningakannanir og viðtalsrannsóknir, til þess að stunda tæknilega flóknar rannsóknir á sviði líflæknis-, erfða- og lyfjafræði. Það er óvefjanlegt, að mikilvæg nýsköpun hefur átt sér stað í atvinnulífinu á grunni vísindarannsókna á heilbrigðissviði.

Löggjöfin sem varðar vísindarannsóknir á heilbrigðissviði er um margt brotkennt. Hröð þróun innan rannsóknarsviðsins gerir það að verkum að þrátt fyrir að lagasetning á ýmsum sviðum viðfangsefnisins hafi á sínum tíma verið framsýn og jafnvel hin fyrsta sinnar tegundar í heiminum (sbr. Lög um lífsýnasöfn nr. 110/2000), er endurskoðunar víða þegar orðin þörf.

Meðal þeirra laga sem lengi hefur verið vitað til að þörf sé á að endurnýja vegna nýrra rannsóknarsviða og nýrra viðfangsefna, eru lagaákvæði sem varða rannsóknir á stofnfrumum úr fósturvísun. Þetta rannsóknarsvið hefur vaxið á undanförunum árum og í nágrannalöndum okkar hefur átt sér stað umræða og reglusetning sem tekur tillit til þeirra ágreiningsefna sem rannsóknir á þessum viðkvæma efnivið geta vakið.

Árið 2005 var skipuð nefnd sem hafði það verkefni með höndum að endurskoða lög um tæknifrjóvgun með tilliti til rannsóknar á stofnfrumum úr fósturvísun. Afrakstur nefndarstarfsins liggur nú fyrir og til stendur að leggja frumvarp um breytingar á þessum lögum fyrir á yfirstandandi þingi. Í frumvarpsdrögum eru lagðar til veigamiklar breytingar sem líta að rannsóknar á stofnfrumum úr fósturvísun, enda þörf á; núgildandi lög voru sett árið 1996, þó nokkrum árum áður en rannsóknarsviðið varð í raun til. Það er ástæða í þessu samhengi til að fagna þeirri umræðu sem orðið hefur á undanförunum misserum um stofnfrumurannsóknir.

Vísindasiðanefnd er fjölskipuð, þverfagleg nefnd sem hefur það verkefni stærst að gæta hagsmuna þeirra sem þátt taka í vísindarannsóknir á heilbrigðissviði. Einn veigamesti þátturinn í að gæta hagsmuna þátttakenda í slíkum rannsóknum felst í að tryggja upplýsingaveitu til þeirra og skilning þeirra á því hvað í þátttöku í tiltekinni vísindarannsókn felst. Nefndin taldi af þessum sökum tilvalið að leggja sitt af mörkum til upplýstrar umræðu um stofnfrumurannsóknir með því að taka höndum saman við Líffræðifélag Íslands og standa fyrir málþingi 30. nóvember sl. um fyrirbyggjandi drög af frumvarpi, þar sem sérfræðingar á

ýmsum sviðum ræddu um rannsóknarsviðið. Á málþinginu var fjallað um málefnið frá ýmsum hliðum, enda ljóst að ef vanda á til löggjafar á sviði vísindarannsókna sem líta að mönnum þarf að eiga sér stað upplýsandi umræða meðal almennings og annarra hagsmunaaðila og reifa þau álitamál sem upp geta komið hverju sinni.

Nú er lag að halda áfram vinnu við endurskoðun löggjafar og reglusetningar á sviði vísindarannsókna á heilbrigðissviði. Ekki síður er ástæða til að hvetja til áframhaldandi umræðu meðal almennings um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði og stjórnsýslumhverfis þeirra.

Ýmis ákvæði sem varða réttindi sjúklinga, persónuvernd og öflun og nýtingu lífsýna hljóta þegar að teljast barn síns tíma, þar sem ófyrirséð þróun á rannsóknarsviðum og nýtingarmöguleikum slíks efniviðar hefur orðið á þeim tilföllum stutta tíma sem líonn er frá því að grundvallarlöggjöf var staðfest á þessu sviði. Endurskoða þarf laga- og reglugerðarumhverfið til að taka til þróunar, leysa úr nýjum ágrein-

Það er mikilvægt fyrir rannsakendur og hina fjölmörgu sérhæfðu starfsmenn sem að vísindarannsóknum á heilbrigðissviði koma að löggjöfin endurspegli upp-lýsta afstöðu samfélagsins til þeirra möguleika sem nú eru uppi á þessu margbreytilega rannsóknarsviði.

ingsmálum en ekki síst til að skapa þeim sem koma að rannsóknunum, rannsakendum og ekki síður þátttakendum, skýran og að-rataðan ramma um atvinnugreinina, ramma sem tekur mið af raunverulegri stöðu innan greinarinnar.

Það er mikilvægt fyrir rannsakendur og hina fjölmörgu sérhæfðu starfsmenn sem að vísindarannsóknir á heilbrigðissviði koma að löggjöfin endurspegli upplýsta afstöðu samfélagsins til þeirra möguleika sem nú eru uppi á þessu margbreytilega rannsóknarsviði. Það er ekki síður mikilvægt fyrir okkur Íslendinga, þátttakendur í þessum rannsóknum, að réttindi okkar séu tryggð með skýrum hætti.

Einn mikilvægasti grundvöllurinn fyrir framgangi vísindarannsókna á heilbrigðissviði og þeirri mikilvægu nýsköpun í atvinnulíf-inu sem efling þeirra getur haft í för með sér er að traust ríki milli rannsóknarsamfélagsins og þátttakenda í vísindarannsóknum. Ein grunnstoðin undir því trausti er að leikreglur séu skýrar og að almenn umræða sé upplýst og lifandi. Það er vonandi að sú vinna sem nú hefur verið skilað á sviði stofnfrumurannsókna sé til vitnis um aukinn áhuga löggjafarvaldsins á þessum málaflokk.

Höfundur er framkvæmdastjóri Vísindasiðanefndar.

Jafnræði trúfélaga og staða Þjóðkirkjunnar

UMRÆÐAN

Trúmál

Þriðjudaginn 28. nóvember féll dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur vegna málsóknar Ásatrúarfélagsins á hendur íslenska ríkinu um greiðslur, sambærilegar þeim sem renna til íslensku Þjóðkirkjunnar. Þjóðkirkjan hefur hvatt stjórnvöld til að auka jafnræði milli trúfélaga í þessum efnun.

Niðurstaða ofangreinds dóms er á margan hátt áhugaverð. Dómurinn skoðar mismunandi hlutverk sjóðanna og kemst að þeirri niðurstöðu að varðandi annan þeirra, Jöfnunarsjóð sókna, sé gert upp á milli trúfélaga. Greiðslur í Jöfnunarsjóð sókna eru hins vegar ákvarðaðar með lögum og telur dómstóllinn ekki hægt að fallast á fjárkröfur Ásatrúarfélagsins því lagaheimild skorti.

Þjóðkirkjan hvatti stjórnvöld til að auka jafnræði

Biskup Íslands lagði til við forsætisráðherra og dóms- og kirkjumálaráðherra árið 1999 að stada trúfélaga yrði jöfnuð að þessu leyti og væri það vel við hæfi í tilefni hátíðahaldanna árið 2000. Kirkjuþing 2005 ályktaði um stöðu annarra trúfélaga og taldi rétt að söfnuðir nyttu jafnræðis. Kirkjuráð, sem er framkvæmdastjórn Þjóðkirkjunnar, samþykkti einnig ályktun til stjórnvalda um þetta



STEINUNN ARNÞRÚÐUR BJÖRNSDÓTTIR

mál árið 2005. Þá hefur samstarfsnefnd kristinna trúfélaga að frumkvæði Þjóðkirkjunnar rætt möguleika á sameiginlegum þrýstingum á stjórnvöld um breytingu hvað þetta varðar.

Ásatrúarfélagið mun áfrýja úrskurði héraðsdóms til Hæstaréttar. Það verður áhugavert að sjá hver niðurstaðan verður, einkum er varðar Jöfnunarsjóð sókna og hvort hún kalli á lagabreytingu.

Sérstaða Þjóðkirkjunnar

Jón Kaldal skrifar leiðara um ofangreindan dóm og stöðu trúfélaga í Fréttablaðið hinn 30.11. síðastliðinn.

Vegna þeirra skrifa langar mig að ítreka aðeins sérstöðu Þjóðkirkjunnar og þær skyldur sem hún hefur hennar vegna umfram önnur trúfélög á landinu. Engin stofnun á Íslandi getur sýnt fram á annað eins samhengi í þjóðarsöggunni og Þjóðkirkjan – örofa samhengi trúarlegar þjónustu, menntunar og menningar í þúsund ár. Þéttriðið net sókna um land allt tryggir að þjónusta hennar nái til landsmanna allra, óháð búsetu, aldri og efnahag. Um tvö hundruð friðaðar sóknarkirkjur um land allt eru meðal dýrmætustu menningarverðmæta íslensku þjóðarinnar.

Þjóðkirkjan hefur með höndum margs konar félagslega þjónustu, kærleiksþjónustu safnaða og

neyðaraðstoð innanlands og þróunar og neyðarhjálp á alþjóðavettvangi um farveg Hjálparstarfs kirkjunnar. Prestar og djáknar í sóknum og á stofnunum veita fólki stuðning, ráðgjöf og sálgæslu auk leiðsagnar í andlegum efnun. Stuðningur við fólk í hjúskapar-erfiðleikum er umtalsverður þáttur í starfi presta og með Fjölskylduþjónustu kirkjunnar er veitt þjónusta til stuðnings fjölskyldum, óháð trúfélagi. Á vettvangi Þjóðkirkjunnar er mikill fjöldi að störfum, launað og ólaunað. Má þar til dæmis nefna þá öflug kórastarfsemi sem á vegum kirkjunnar, sem ekki fer fram hjá neinum á aðventu og um jólahátíðina.

Þjóðkirkjan vill stuðla að góðum samskiptum við aðrar kristnar kirkjur og trúarsamfélög í landinu og vinna að skilningi og virðingu fyrir öðrum trúarbrögðum sem festa rætur hér á landi. Að því hefur verið unnið á virkan hátt á vegum Þjóðkirkjunnar, meðal annars með því að hafa frumkvæði að stofnun samráðs-vettvangs trúfélaga sem stofnaður var fyrir viku.

Það er ljóst að Þjóðkirkjan nýtur sérstöðu í íslensku þjóðfélagi. Að hluta til er það vegna sögu hennar og stöðu og einnig skapar stærð hennar sérstöðu. En því fylgja líka skyldur og ábyrgð, langt umfram þær kröfur sem gerðar eru til annarra trúfélaga.

Höfundur er verkefnastjóri samkirkju- og upplýsingamála hjá Þjóðkirkjunni.



MUNIR ÚR ÖLLUM ÁTTUM

Málverk, kristall, trémunir og taubrykk af hjartans list

HÚS 4



allt fasteignir

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNASÖLUR

| | |
|--------------------------|----|
| Ás | 10 |
| Árborgir | 8 |
| Búseti | 16 |
| Draumahús | 20 |
| Eignastýring | 24 |
| Eignaval 2 | 5 |
| Fast. og fyrirtækjasalan | 23 |
| Gimli | 13 |
| Húsavík | 7 |
| Kjöreign | 9 |
| Lundur | 12 |
| Lyngvík | 15 |
| Múli | 22 |
| Neteign | 7 |
| Nýtt heimili | 19 |
| Smárin | 25 |
| Stórborg | 17 |
| Viðskiptahúsið | 6 |



Ingibjörg og Eyþór með börnin Karenu Björk, Óttar og Karenu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn
4. desember, 338. dagur
ársins 2006.



Sólarupprás Hádegi Sólarlag

Reykjavík 10.53 13.18 15.42
Akureyri 11.02 13.03 15.02

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað
smáauglýsingar á visir.is

Bráðum á að byggja við á Mánabraut

Það er handtak í að gera upp heilt hús. Því hafa þau kynnst parið Eyþór Guðjónsson kvikmyndaframleiðandi og Ingibjörg Guðmundsdóttir viðskiptafræðingur.

Eyþór og Ingibjörg, sem kölluð er Inga, búa á Mánabraut 7, Kópavogi. „Þetta er gamalt hús sem við höfum tekið í gegn nánast frá grunni og endurbótum er reyndar ekki lokið enn,“ segir Eyþór glaðlega og býður í bæinn. Þegar nánar er grennslast um framkvæmdirnar kemur í ljós að ýmsir veggir hafa verið fjarlægðir, raf- og pípulagnir endurnýjaðar, ný gólfefni lögð, ný eldhúsinnrétting sett upp og baðherberginu breytt.

Opið er úr eldhúsinu inn í stofu og því er nokkurs konar alrými í miðju húsinu. Stórt og mikið borð setur svip sinn á það. Að sögn

húsráðenda er það sérsmíðað úr massívu parketti og er ekki minna en 200 kíló að þyngd. „Okkur finnst að eldhúsið eigi að vera miðpunktur heimilisins. Því vildum við vera með eitt stórt borð sem þjónar bæði sem eldhúsborð og borðstofuborð,“ segir húsfreyjan.

Húsið er á einni hæð ef undan er skilinn kjallari sem nú er bæði notaður sem geymsla og nýttist líka börnunum á heimilinu ágætlega sem sjónvarpsrými. Þar hafa þau meira að segja ekta bíóstóla í láni og ekki spillir það stemningunni.

Fjölskyldan er alsæl með húsið sem keypt var sumarið 2004. Það er reyndar að verða of lítið því nú er nýr erfingi á leiðinni. Eyþór segir þau þó alls ekki vera í söluhugleiðingum. „Við þurfum að bæta við plássíð og viðbygging er á teikniborðinu,“ segir hann og er greinilega ekki af baki dottinn í framkvæmdunum. Frh. á síðu 2.

gun@frettabladid.is

Séríbúð í kjallara

FASTEIGNASALAN ÁRBORGIR ER MEÐ REISULEGT EINBÝLIS-HÚS Á SELFOSSI TIL SÖLU.

Víðivellir 1 er 288,7 fermetrar og skiptist í kjallara, hæð, ris og bílskúr. Á miðhæð er er flísalögð forstofa og hol, parketlagt herbergi, flísalagt gestasalerni, tvær parketlagðar stofur með góðum gluggum og flísalagt eldhús með fallegri innréttingu með kirsuberjaviði.

Í risinu eru tvö parkettlögð herbergi, flísalagt hjónaherbergi með stórum svölum, nýppgert flísalagt baðherbergi með hornbaðkari og þakglugga. Í kjallara er rúmgott þvottahús með góðri vinnuástöðu, stórt baðherbergi með innréttingu, saunaklefa og pláss fyrir líkamsræktartæki og lítil íbúð sem hentar vel til útleigu. Íbúðin skiptist í stofu með svefnkrók og skápum, eldhús, baðherbergi og forstofu.

Bílskúr er nýlegur og flísalagður með hita í gólfum og stóru geymslulofti. Bílappan er hellulagt með hitalögn og falleg hellulögn er fyrir framan húsið. Garður er gróinn og snyrtilegur með afgirtri timburvernd. Ásett verð er 47,9 milljónir.



Einstakar innréttingar

- hannaðar að þínum þörfum

Innanhússarkitektar hanna fyrir þig allar innréttingar og aðstoða þig við val á tækjum, gólfefnum, flísum, lýsingu og öllu því sem prýðir falleg heimili.

Við sérsmíðum allar innréttingar og þær koma samsettar og tilbúnar til uppsetningar. Útvegum iðnaðarmenn og fylgjum verkinu eftir allt til loka.

www.heild.is

HANÁK
INNRETTINGAR

HEIMILIÐ Í
HEILD

Síðumúla 35 · 108 Reykjavík · Sími 517 0200 · heild@heild.is

SKAPANN AUGLÝSINGASTOFA



Pantaðu jólamyndatökuna tímanlega.

MYND
Hafnarfirði S: 565 4207
www.ljosmynd.is

ÞAD ER AUÐVELDARA EN ÞÚ HELDUR AÐ EIGNAST DRAUMA-HÚSIÐ Á SPÁNI!

SKOÐUNARFERÐIR TIL SPÁNAR Á AÐEINS 19.900.-

INNFALIÐ Í VERÐI: FLUG, GISTING OG FÆÐI

MASA INTERNETJÓRÐ

Upplýsingar veitir Jónas í s: 862 4502



Veggurinn við arininn er úr Drápuhlíðargrjóti sem Eyþór og Inga máluðu hvítt til samræmis við annað á heimilinu. Inga fyllir arininn með kertum. Tíkin Nala stillir sér upp fyrir ljósmyndara.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

4th floor hotel
Laugarvegur 101 • 4thfloorhotel.is

Vetrartilboð
1. nóvember - 1. maí

| | |
|--------------------|------------------------------------|
| 1 manns herbergi | kr. 5.900 |
| 2ja manna herbergi | kr. 7.900 |
| Hópar 10+ | kr. 5.000 á mann |
| Helgarferð | kr. 14.000 2 nætur í hjónaherbergi |

Útvegum miða á leiksýningar og jólahlaðborð

Kveikja á kertum í arninum

Eyþór og Inga eru að ljúka endurbótum á húsi sínu á Mánabrautinni.

Húsið er byggt um 1960 og eins og títt var þá voru öll herbergi frekar lítil. Því hafa ýmsir veggir verið látnir fjúka eftir að það komst í eigu Eyþórs og Ingu. Innréttingar eru hvítar, bæði í eldhúsi og baðherbergi, og Inga kveðst vilja skapa heimilislegan blæ með fylgihlutum og bendir á að eikarborðið dempi líka hvíta litinn. „Innréttingarnar eru allar úr Smiðshögginu í Grindavík. Ég rakst á mynd af eldhúsinnréttingu frá því fyrirtæki í einhverju tímariti og heillaðist af henni svo ég leitaði þangað,“ segir hún.

Arinn setur svip á stofuna, fylltur með kertum. „Við áttuðum okkur á að við kveiktum eiginlega aldrei upp í arninum þannig að við fórum þá leið að nota frekar kerti og þau skapa mjög kósi stömmu,“ segir Inga. Þau segja ýmsa hafa hneykslast á þeim er þau máluðu yfir Drápuhlíðargrjótið fyrir ofan arininn. „Sumum finnst það eins og mannsmorð en okkur



Gott dæmi um hvað hægt er að gera úr litlu baðherbergi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

finnst það bara hrikalega flott svona og það finnst reyndar fleirum,“ segir Eyþór.

Svefnherbergi Ingu og Eyþórs er búið einstaklega fallegum rúmfötum og auðvitað verður blaðamaður að vita hvaðan þau eru. Inga gerir fúslega grein fyrir því. „Við fengum þau í Egginu á Smáratorgi. Vinkona mín, Helga María, sem á línuna Lin Designe er þar með fyrsta flokks vörur. Hún hefur fengið íslenska hönnuði til



Orgelið var keypt af fyrri eiganda hússins, Elvu Ósk leikkonu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

að hanna fyrir sig, meðal annars mynstur með þjóðarblóminu holtasóleyju en þar sem rokkokostillinn er svo vinsæll núna þá fengum við okkur svoleiðis á rúmið.“

Að lokum er gamalt orgel myndað. „Við keyptum þetta orgel af Elvu Ósk leikkonu um leið og við keyptum af henni húsið og þetta hljódfæri hefur vakið mikla lukku,“ segir Inga og nefnir dæmi um það. „Um daginn voru þeir hjá okkur bræðurnir Gabe og Eli Roth og þeir töpuðu sér yfir því, þeim fannst hljómurinn í því svo sérstakur.“

gun@frettabladid.is



Þetta var stóll Eyþórs við vinnslu kvikmyndarinnar Hostel og hann vekur jafnan mikla athygli. Leikstjórinn Quentin Tarantino sat þó í honum heilt kvöld án þess að taka eftir því enda vanur slíkum stólum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

ALLT TIL INNPÖKKUNAR

Eingöngu sala til fyrirtækja

Opið 08.00-16.00

GRÆNN MARKAÐUR

www.fara.is info@fara.is
Rettarháði 2 110 Rvk
Sími: 535-8500

Sígræna jólatréð
— eðaltré ár eftir ár

Sígrænt eðaltré í hæsta gæðaflokki frá skátunum prýðir nú þúsundir íslenskra heimila.

| | |
|---------------------------|-------------------------|
| 10 ára ábyrgð | Eldtraust |
| 12 stærðir, 90 - 500 cm | þarf ekki að vökva |
| Stálfótur fylgir | Íslenskar leiðbeiningar |
| Ekkert barr að ryksuga | Traustur söluaðili |
| Trufflar ekki stofublómin | Skynsamleg fjárfesting |

550 9800
www.skatar.is

Skátamiðstöðin Hraunbæ 123

Bandalag íslenskra skáta



Svefnherbergið skartar rúmfötum í rokkokostíl frá Lin Designe sem er deild í Egginu í Kópavogi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Guðmundur Óli Scheving
SKRIFAR UM MEINDÝR OG MEINDÝRAVARNIR

Fleskbjalla

(*Dermestes lardarius*) (*Attagenus smirnov*)

Bjöllur af þessari ætt hafa ekki hlotið íslenskt heiti og eru því með eitt samheiti, fleskbjalla. *Attagenus smirnovi* er tiltölulega nýr landnemi á Íslandi og hefur ekki hlotið íslenskt nafn. Nokkur afbrigði hafa fundist hér á landi.

Tegundin er upprunnin í Afríku en er nú algeng í norðanverðri Evrópu. Hún þrífst best við 20°C og lifir því ekki utanhúss hér á landi. Bjöllurnar fljúga ágætlega og geta flogið á milli húsa á góðviðrisdögum. Þær sækja í birtu og finnast því oft í gluggum.

Bjallan og lifran skemma skinnavöru, náttúrugrípi, ullarvöru og alls konar matvöru. Bjallan sækir mjög í ost og áður fyrr settu menn ost í glas til að veiða hana en það brást ekki að eftir skamma stund var bjalla komin í ostinn. Þessar bjöllur eru að berast til okkar öðru hvoru. Eini möguleikinn til að losna við þær er að láta úða fyrir þeim. Það er því afar mikilvægt að ná sýni af bjöllum og öðrum skordýrum og áttfættlum til að láta greina dýrin.

Bjallan er svört eða brún að lit með þremur blettum sem eru brúnleitir eða gráir eftir því hvaða afbrigði er á ferð. Frambolur er dekkri en afturbolur. Hún er 2,5-4 mm löng. Lirfurnar eru brúnar, allt að 8 mm langar, svolítið gulrót-

arlaga með langt tagl aftur úr sér. Fullorðnu bjöllurnar nærast ekki en lirfurnar lifa á þurrum leifum dýra og plantna, s.s. hárum, fiðri, dauðum skordýrum og fræjum plantna. Yfirleitt eru bjöllurnar skaðlausar í heimahúsum en geta valdið skaða á náttúrugripasöfnum þar sem lirfurnar herja á dýrahámi. Erfitt getur reynt að losna við kvikindin því lirfurnar eru ljósfælnar og geta auðveldlega leynst á óaðgengilegum stöðum, t.d. á bak við undir eldhúsinnettingu, undir ísskáp og eldavél, bak við gölflista og í öðrum skúmaskotum þar sem erfitt er að ryksuga og þrifa.

Varnaðarorð

Þegar fólk þarf að fá til sín meindýraeyði eða garðúðara, hvar á landinu sem er, skal alltaf óska eftir því að fá að sjá starfsréttindaskirteini útgefið af Umhverfisstofnun og eiturefnaleyfi gefið út af lögreglustjóra/sýslumanni og það mikilvægasta er að viðkomandi hafi starfsleyfi frá viðkomandi sveitarfélagi.

Heimildir: Upplýsingar og fróðleikur um meindýr og varnir 2004 Greining skordýra 2006 Náttúrufræðistofnun Íslands Greining skordýra 2006 Náttúrufræðistofna Kópavogs



Lesendum Fréttablaðsins er velkomið að senda fyrirspurn á netfangið guðmunduroli@simnet.is.

Kojur og kómóður í barnaherbergið

Mikið úrval af húsgögnum fyrir börn og unglinga



Oklahoma leikrúm kr. 45.100^{stgr.} með útdraganlegu skrifborði og Springdýnu



Oklahoma koja kr. 56.400^{stgr.} með 2 Springdýnum



Louise koja kr. 85.100^{stgr.} með 2 Springdýnum



Louise kómóða kr. 29.300^{stgr.}

LÍNAN

HÚSGÖGN

SUÐURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is

Temprakon hitajöfnunarsængin



Nú á jóla-tilboði



Temprakon heilsukoddar í miklu úrvali. Fást fylltir með gæsadún, latex eða Tempur.



Temprakon yfirdýnan. Tilvalið fyrir heitfenga jafnt sem kulvísa.



Jólagjöfin í ár



Sængin sem breytir öllu

Nýjar dúnsængur með byltingarkenndu efni sem heitir Outlast®. Efnið var upphaflega þróað fyrir búninga geimfara NASA, geimvísindastofnunar Bandaríkjanna, og veitir einstaka hitajöfnun yfir nóttina.

Þegar líkaminn hitnar undir sænginni draga þúsundir Thermocules®

(hitafrumur) í sig umframhitann og viðhalda þannig réttu hitastigi undir sænginni.

Þegar líkamshiti lækkar síðan aftur, eftir að maður sofnar, losar sængin hitann aftur til baka til líkamans. Þetta ferli tryggir að sama, rétta, hitastigið helst allan tímann sem þú ert undir sænginni. Sængin er fyllt með 100% hreinum hvítum gæsadún frá Síberíu þar sem frost fer í -50°C.



Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Ópið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

HLÝJAR
JÓLAGJAFIR

DÚN & FÍÐUR



DÚNSÆNGUR
OG KODDAR
Í MIKLU ÚRVALI

FYRSTA FLOKKS GÆÐI
OG FRÁBÆR VERÐ

Gefðu hlýju

Laugavegi 87 • símar 551 8740 & 511 2004

Munir úr öllum áttum

Málverk, kristall, trémunir og taubrykk eru meðal þess sem verslunin Afhjartans list í Brautarholti býður upp á.

Leikið er á öll skilningarvit í gjafavörusluninni Af hjartans list því léttur ilmur af grenikertum, eplaglög og piparkökum berst að vitum þegar komið er inn. Augun hafa líka úr miklu að möða og athyglin beinist fyrst að glæsilegum, tékkneskum ljósakrönnum með halógenljósum. Verslunarkonan Katrín Gísladóttir kveðst einungis fá tvær til fjórar af hverri gerð þannig að ekki sé hætt á að eins krónur verði í öðru hverju húsi. Lampar og púðar með englamyndum og öðrum fögnum mynstrum eru frá Ítalíu komnir, frá þekktum framleiðendum að sögn Katrínar. Einnig eru olúmálverk eftir ýmsa málara, þau eru einnig frá Ítalíu og flestir ættu að finna þar eitthvað við sitt hæfi. Amerískur sveitastíll einkennir dúka, handklæði og ýmsa heimilisvöru í versluninni. Við látum myndirnar tala sínu máli.

- gun



Ruggustóll eftir Amish-fólkið í Ameríku er einkar þægilegt sæti. Kostar 69.900. Fást í eikarlit og dökkir. Púðarnir kosta 1.290 og dúkar í sveitastíl kosta frá 3.000 upp í 7.000 kr.



Tékknesk kristalskróna úr handslípuðum kristal og burstuðu stáli. Verðið er 79.900 kr.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Ilmkertin eru í miklu úrvali og þau eru steipt með ilmefninu í.



Baðsölt og olíur eru í gamaldags og skemmtilegum ílátum.



Lampi með englamyndum er fallegur á náttborðið. Lampafóturinn er úr tré og því óbrjótandi. Verðið er 9.200 kr.

Meistarinn er fyrir alla fjölskylduna!



MEISTARINN

Meistaraspilið er komið í verslanir

Hver verður meistarinn heima hjá þér?

HAGKAUP

BYLTING Í SVEFNLAUSNUM

BETRI HVÍLD, DÝPRI SVEFN OG MEIRI VELLÍÐAN.

Rúmgott er leiðandi í þróun og framleiðslu á heilsudýnum og rúmbotnum undir vörumerkinu EZ-sleep á Íslandi. Við höfum yfir að ráða fullkomnum tækjabúnaði til að mæla þrýstijöfnun á líkama hvers einstaklings sem gerir okkur kleift að framleiða svæðaskiptar heilsudýnur sniðnar að viðkomandi.



20-65%
AFSLÁTTUR

FRÍ LEGUGREINING
OG FAGLEG RÁÐGJÖF



55
ÁRA



Verslunin Rúmgott · Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Ópið virka daga frá kl. 10-18 - laugardaga kl. 11-16

Húsgagnavinnustofa RH

www.rumgott.is

Hvítara en hvítt

HÆGT ER AÐ ENDURVEKJA HVÍTA LITINN MEÐ ÝMSU MÓTI.

Leiðinleg te- eða kaffiskán gerir hvíta og fallega bolla brúna og móskulega að innan, eins og þeir séu skítugir. Til að losna við þessa bletti og skán er sniðugt að nota hreinsitöflu fyrir gervitennur. Fyllið bollann með heitu vatni og setjið eina töflu í. Þegar hún hættir að freyða skal tæma bollann. Ef hann er ennþá blettóttur skal endurtaka aðgerðina.

Til að ná aftur í hvíta litinn á munnþurrkum, borðdúkum og meira að segja sokkum er ráð að fylla stóran pott af vatni og setja þó nokkrar sítrónusneiðar í. Látið sjóða og slökkvið svo undir. Setjið tauið út í og látið liggja í svona klukkutíma og þvoið svo í þvottavélinni eins og venjulega.

Allir vilja halda bollunum sínum svona hvítum.



Klipping og jólavörur

Hárþjónusta á frábæru verði, gerio svo vel að panta tíma Verið velkomin - Lára og Eva

Í sömu ferð

Verðdæmi:

| | |
|------------------------|-------|
| Klipping, m. þurrkun | 2.500 |
| Lagning, stutt hár * | 1.500 |
| Blástur, stutt hár * | 2.100 |
| Strípur m. álpappír * | 4.900 |
| Permanent, stutt hár * | 3.900 |
| Hárlitun, stutt hár | 3.400 |

* Dýrara í síðara hár. Þetta er verðskrá virka daga, 20% dýrara á laugardögum.



Full búð af fallegum vörum á betra verði. Úrval lampa og lugta, sjón er sögu ríkari

Evíta

Hárgreiðsla og gjafavörur

Starmýri 2, 108 Reykjavík • Sími 553 1900 • www.evita.is



Yfirbyggðar svalir stækka heimilið og gera það bjartara.

Stækkaðu við þig

ER HEIMILIÐ ÞITT LÍTIÐ? EKKI ÖRVENTA, ÞAÐ ERU ÝMIS RÁÐ TIL AÐ NÝTA LÍTIL SVÆÐI OG LÁTA HEIMILIÐ LÍTA ÚT FYRIR AÐ VERA MIKLU STÆRRA.

■ Byrjaðu í loftinu. Hengdu gardínurnar hátt upp til að draga augað upp á við og hengdu myndirnar líka aðeins ofar á veggina en þú myndir gera í stærra rými.



■ Endurspeglu heimilið. Settu nokkra spegla á rétta staði og láttu þá endurvarpa einhverju fallegu. Þá virkar heimilið stærra.

■ Opnaðu á milli herbergja. Þó það sé mikilvægt að greina á milli herbergjanna er ekki sniðugt að taka óþarfa aukapláss í vegg. Til dæmis er kjörið að opna milli eldhúss og stofu. Ef þú vilt greina á milli herbergja skaltu mála veggina í mismunandi litum eða áferð.

■ Gerðu það ljóst. Ljósir veggir stækka rýmið en dökkir veggir minnka.

■ Hafðu sama gólfefnið í öllu rýminu, þá virkar það stærra.



■ Hleyptu sólinni inn. Stórir gluggar og mikið dagsljós geta gert kraftaverk.

■ Byggðu yfir svalirnar eða veröndina. Birtan stækkar íbúðina svo um munar og svo bætist í raun við eitt herbergi í viðbót.



Fiskfars á fínu verði

Nú er sannkallað sprengitilboð á dýrindis fiskfarsi í Fiskisögu og því tilvalið að bjóða upp á frábærar fiskbollur í kvöld. Fljótlegra og betra verður það ekki.

Fiskfars 390 kr. kílóíð.



Ævintýralegar fiskbúðir

Hamraborg 14a • Skipholti 70
Höfðabakka 1 • Vegamótum (Nesvegi 100)
Sundlaugavegi 12 • Háaleitisbraut 58-60



Viðskiptahúsið

FASTEIGNIR • FYRIRTÆKI • SJÁVARÚTVEGUR



Félag fasteignasala



Óskum



til hamingju með nýja húsnæðið

að Fornubúðum 5, Hafnarfirði

SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI

Leitum að 10.000-12.000 fm skrifstofuhúsnæði, nýlegu eða í byggingu, fyrir öflugt fyrirtæki á Reykjavíkarsvæðinu. Þarf að vera með góðu útisvæði og mörgum bílastæðum. Mjög fjársterkir aðilar.

Leitum að 6.000 - 8.000 fm skrifstofuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Þarf að hafa góða aðkomu. Eitt af sterkari fyrirtækjum í sinni grein.

Leitum að 400-500 fm mjög góðu skrifstofuhúsnæði á svæðum 101, 105 eða 108 Reykjavík.

IÐNAÐARHÚSNÆÐI - FJÁRSTERKIR KAUPENDUR

Leitum að 1500 fm iðnaðarhúsnæði fyrir matvælafyrirtæki. Þarf að vera snyrtilegt og i snyrtilegu umhverfi.

Leitum að 700-1000 fm húsnæði fyrir prentsmiðju í Reykjavík eða Kópavogi.

Leitum að 700-800 fm húsnæði fyrir léttan iðnað. Staðsetning á Höfuðborgarsvæðinu.

Leitum að 400-600 fm húsnæði með háum innkeyrsludryrum og góðu útisvæði, fyrir verkstæði.

Leitum að 400-600 fm húsnæði með háum innkeyrsludryrum fyrir vöruflutningafyrirtæki.

VERSLUNARHÚSNÆÐI

Leitum að 1000-1200 fm verslunarhúsnæði með góðu lager-
svæði, á svæði 108 Reykjavík.

Vantar 100-200 fm verslunarrými á góðum stað miðsvæðis.

Vantar húsnæði 70-100 fm fyrir lítið þjónustufyrirtæki. Þarf að vera vel staðsett t.d. í verslunarmiðstöð.

HÚSNÆÐI FYRIR FJÁRFESTA

Leitum fyrir fjársterka aðila að eignum með leigusamningum, sérstaklega heildar húseignir.



Viðskiptahúsið

FASTEIGNIR • FYRIRTÆKI • SJÁVARÚTVEGUR

Fasteignasvið:

- Sala og leiga á atvinnuhúsnæði.
- Sala jarða og landa.
- Umboðsaðilar fyrir TM Real Estate Group sem er 10. stærsta byggingarfélag Spánar.

Forstöðumaður Jón Sigfús Sigurjónsson hdl.



Jóhann Ólafsson
Löggiltur FSS
Gsm: 863 6323

johann@vidskiptahusid.is



Jón S. Sigurjónsson
Hdl. & Löggiltur FSS
Gsm: 893 3003

jon@vidskiptahusid.is



Þórhallur Björnsson
Löggiltur leigumiðlari
Sölumaður
Gsm: 899 6520

thorhallur@vidskiptahusid.is



Atli Viðar Jónsson
Sölumaður
Gsm: 898 2533

atli@vidskiptahusid.is



Haraldur A. Haraldsson
Viðskiptafráðingur
Gsm: 690 3655

haraldur@vidskiptahusid.is

Frekari upplýsingar veittar hjá sölumönnum Viðskiptahússins

TRÖLLAKÓR 6-10

NÝTT HÚS FRÁ HÚSVIRKI HF.

KÓPAVOGUR



Tröllakór 6-10 er glæsilegt og vandað fjölbýlishús með tveimur stigahúsum annars vegar hefðbundið með lyftu og hinsvegar með sér inngangi af svölum sem verða að hluta til lokaðir með öryggisgleri.

Um er að ræða 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir, flestar með stæði í bílgeymslu og tveim þeirra fylgir bílskúr. Þvottaherbergi er innan íbúðar með flísalögðu gólfi. Lyfta liggur niður á jarðhæð sem tengist bílgeymslu. Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna í september og október 2007.

Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna í september og október 2007. Fullfrágengin sameiginleg lóð með hita í stéttum.

- Eldhústæki eru AEG
- Baðherbergi eru flísalögð með flísum frá Agli Árnasyni
- Hreinlætistæki frá Tengi
- Innréttingar eru vandaðar frá Víkurási og Tengi

HÚSAVÍK
FASTEIGNASALA
REYNIR BJÖRNSSON, LÖGG. FASTEIGNASALI
SÍMI 510-3800



2ja herbergja íbúðir.
Frá 80m²-82m².
Verð frá 16,2 millj.

3ja herbergja íbúðir.
U.p.b. 100m²-120m².
Verð frá 20,6 millj.

4ra herbergja íbúðir.
U.p.b. 100m²-136m².
Verð frá 21,2 millj.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á HÚSAVÍK FASTEIGNASÖLU - SÍMI 510-3800 - WWW.HUSAVIK.NET

EINKASALA

neteign.is

§ Þverholti 14 • 105 Reykjavík

Sími: 595 9090

§ Lögmæt ehf. - lögmattspjónusta

Björn Danielsson, héraðsdómslögmaður og löggiltur fasteignasali

159.900kr.
auk vsk. samtals 199.076 kr.


það gerist varla lægra
föst lág sölupóknun

Holtsgata í Reykjavík



Falleg 2ja herb. íbúð, alls 51 fm á 3. hæð í litlu fjölbýli. Rúmgott svefnherbergi. Geymsla og þvottahús er í sameign. Góð staðsetning. Verð 15,9 millj.

Hraunbær í Reykjavík



NÝTT

Falleg og björt 3ja herbergja íbúð, alls 81 fm á 2. hæð í fjölbýli. Rúmgóð svefnherbergi. Stórar svalir. Leiktæki í sameiginlegum garði. Verð 18,9 millj.

Kleppsvegur í Reykjavík



AUÐVELD KAUP

2ja herb., 50 fm íbúð á 3. hæð í góðu húsi á Kleppsveginum. Þvottahús er í sameign. Stigagangur snyrtilegur. AUÐVELD FYRSTU KAUP. Verð 12,9 millj.

Laugarnesvegur í Rvík



Falleg 2ja herbergja íbúð á jarðhæð, alls 44 fm. Parket og flísar á gólfum. Stór sameiginlegur garður. Góð staðsetning. Verð 11,5 millj.

Klukkanimi í Reykjavík



NÝTT

Falleg rúmgóð 4ra herbergja íbúð á 3. hæð með sérinngangi, alls 102 fm. Sér geymsla í sameign. Stutt í alla almenna þjónustu. Verð 21,9 millj.

Að sögn Jóhanns var frábært að syngja dúettana. „Þetta er allt öðruvísi en ég hef verið að gera. Þetta var dálítið skringilegt fyrir mig í fyrstu,“ segir hann og tekur fram að upptökstjórnin, Þórir Úlfarsson, hafi verið galdramaðurinn á bak við útkomuna.

Hann segist vel geta hugsað sér að endurtaka leikinn síðar. „Það er engin spurning að ég mun gera

það. Það voru margir fleiri sem ég myndi vilja hafa á þessum disk, því ég á svo mikið af vinum í þessum bransa. Það er gaman að syngja þetta því þetta er svo allt öðruvísi en maður er að gera dagsdaglega. Þetta eru flott lög með fallegum melódíum.“

Jóhann Friðgeir hefur sungið einsöng við ýmis tækifæri hér heima, til dæmis með Karalakórnum Fóstbræðrum, Karalakór Reykjavíkur, Skagfirsku söngsveitinni, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Tríói Reykjavíkur. Hann hefur haldið nokkra einsöngstónleika hér á landi þar á meðal í Íslensku óperunni.

Hann mun á næstunni halda áfram að ferðast vítt og breitt um heiminn til að syngja í hinum ýmsu óperuhúsum, m.a. í Wales, Dublin, Bandaríkjunum og Þýskalandi. Auk þess verður hann „einn af divunum“ á Frostrósartónleikumunum hinn 5. desember þar sem hann mun syngja að minnsta kosti tvö lög.

- fb



LÉTTKLASSÍK MED VINUNUM Tenórinn Jóhann Friðgeir syngur poppaða dúetta á nýjstu plötu sinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

San Francisco ballettinn, Hvorostovsky og Terfel á Listahátíð í vor

Miðasala á þrjá stórviðburði hefst í dag á www.listahatid.is

Á hátindi frægðar sinnar

San Francisco ballettinn undir stjórn Helga Tómassonar í Borgarleikhúsinu
Miðaverð: 4.800

Sýningarnar eru samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins



Tveir fremstu barítónar heims

Dmitri Hvorostovsky í Háskólabíói 20. maí
Miðaverð: 5.900 / 6.400

Bryn Terfel í Háskólabíói 21. maí
Miðaverð: 5.900 / 6.400



Tvönnutilboð á barítónana út desember

Miðaverð: 11.800
Takmarkaður sættaföldi
Nánari upplýsingar á www.listahatid.is

Berstrípaður Bono

Fyrsta hugsunin sem skýtur upp í kollinum þegar lestur á bókinni hefst er sú að að maður sé að fara að lesa um persónuna Bono en ekki manneskjuna Bono. Ekki verður nefnilega af því skafið að Bono er ein alstærsta persóna 20. aldarinnar og hljómsveit hans, U2, ein áhrifamesta rokksveit samtímans og jafnvel vel það. Að Bono hafi á þessum langa ferli sínum dottið inn í ákveðið hlutverk ætti því í raun og vera að vera eðlilegt. Eftir því sem líður á bókina áttar maður sig hins vegar á því að persónan Bono er í raun og veru manneskja Bono. Og sem manneskja er Bono ein sú áhugaverðasta sem hægt er að lesa um.

Bókin er öll í samtalsformi, það er að segja einungis spurningar og svör. Það form er ótrúlega vandmeðfarið og reynir á athygli lesandans sem þarf að mata sjálfan sig. Michka Assayas, franskur blaðamaður og höfundur bókarinnar, tekst hins vegar ákaflega vel upp og fer vel með formið. Hann er heldur ekki öfundsverður af hlutverki sínu en ég get alveg trúð því að Bono sé erfiður viðmælandi. Assayas heldur samt fast í stjórnartaumana nær allan tímann og gerir vel. Hann leyfir Bono sjaldnast að hlaupa með sig í gönur, skiptir um umræðuefni á réttum tímamóntum, segir sínar skoðanir og efast jafnvel um Bono. Eina sem mætti kannski setja út á Assayas er að hann hefði átt að vera mun ágengari og sleppir hann Bono oft einum of auðveldlega. Spurningar hans eru samt sem áður ótrúlega vel hugsaðar og af þeim skín einbeitingin. Stundum er líkt og að eftir hvert einasta svar Bono hlusti Assayas á svarið aftur og aftur áður en hann spyr næstu spurningar að vel ígrunduðu máli.

Allt frá móðurmissi til rifrilda við Bush Bandaríkjaforseta, skafar Bono sjaldnast af hlutunum og segir frá á innihaldsríkan hátt. Lífsspeki hans virðist heilsteypt og mann rekur oft í rogastans yfir



BÆKUR

Bono um Bono

Michka Assayas, þýðing: Orri Harðarson
Sögur

★★★★

Forvitnileg en umfram allt opinská bók þar sem Bono afhjúpar tilfinningar sínar og gefur sig til lesandans beint í æð.

sannleikskornunum sem hann lætur falla. Reyndar finnst manni sumt sem hann lætur hafa eftir sér tilgerðarlegt en á endanum skynjar maður að Bono meinar hvert einasta orð sem hann segir sem eru oft í meira lagi hnyttin.

Bókin er langt frá að vera eingöngu fyrir aðdáendur U2 (skrifar sá sem finnst sveitin vera ein sú ofmetnasta í bransanum í dag, alla vega frá Joshua Tree). Bono er einfaldlega svo hrífandi manneskja að það er ekki annað hægt en að hafa áhuga á orðum hans og sem ævisaga lýsir þessi bók manneskjunnar og persónunnar Bono frá bærlega.


Steinþór Helgi Arnsteinsson

Metsölubók í bíó

Framleiðandi kvikmyndanna um Harry Potter, David Heyman, hefur keypt kvikmyndaréttinn að Prettánda sögunni eftir Diane Setterfield sem slegið hefur rækilega í gegn víða um heim. Þegar handritið barst útgefendum varð uppi fótur og fit því að allir vildu tryggja sér útgáfuréttinn og var bókin gefin út samtímis á yfir þrjátíu og fimm tungumálum. Þegar bókin kom út í Bandaríkjunum rauk hún beint í fyrsta sæti metsölulista New York Times og hefur setið á listanum síðan, eða í níu vikur samfleytt.

Í sögunni segir frá Margaret Leu, ungru konu sem vinnur í fornbókaverslun föður síns, sem fær bréf frá hinni torræðu Vidu Winter, einni þekktustu skáldkonu

Bretlands. Í sex áratugi hefur Vidu sagt fréttamönnum uppdiktaðar sögur úr eigin lífi en tekur síðan ákvörðun um að segja sannleikann um tragíska og leyndardómsfulla ævi sína. Margaret reynir að komast að hinu sanna um fortíð Vidu en afhjúpar í leiðinni margt sem áður var á huldu í hennar eigin lífi. Báðar þurfa konurnar því að horfast í augu við drauga fortíðarinnar.



NÝJAR BÆKUR

Hjá Máli og menningu er komin út Félags- skapur kátra kvenna eftir Alexander McCall Smith í þýðingu Helgu Soffíu Einarssdóttur. Í þessari sjöttu bók um Kvenspæjarastofu númer eitt er Precious Ramotswe undir miklu álagi. Brotist er inn á heimili hennar á Zebra Drive og dularfullt grasker á lóðinni veldur henni áhyggjum. Á Tlokweg spíttmótum verður uppi fótur og fit þegar annar lærlingurinn stingur af með konu á stórum Mercedes-Benz. En það sem fyrst og fremst setur allt á annan endann hjá



Mma Ramotswe er þegar óboðinn gestur grefur upp sársaukafullt leyndarmál úr fortíðinni. Bókaflokkur Alexanders McCall Smith hefur farið sigurför um heiminn, enda einstakar sögur sem hafa að geyma sjaldgæfa blöndu af spennu, gamansemi og mannúð. Þær hafa nú selst á íslensku í nærri 30 þúsund eintökum. Áður hafa komið út á íslensku í þessum flokki Kvenspæjarastofa númer eitt, Tár giraffans, Síðprýði falletta stúlka, Kalaharí-vérlitunarskólinn fyrir karlmenn, og Fullur skápur af lífi.

Hjá Máli og menningu er komin út Draugurinn sem hló með sögum eftir fimmtán norræna rithöfundum og teikningum nafntogaðra norrænna teiknara. Finnst þér gaman að finna hárin rísa á höfðinu og hroll hlaupa niður eftir bakinu? Þá er þetta bók að þínu skapi. Draugurinn sem hló geymir fimmtán nýjar og spennandi drauga-

sögur. Hér rekast börn og fullorðnir á alls konar drauga – úti í í óbyggðum Íslands, Grænlands og Samalands, inni í finnskum skógi, á dönskum herragardi, úti fyrir ströndum Svíþjóðar, í færeyskum og norskum kirkjugörðum og síðast en ekki síst í ósköp venjulegum húsum í litlum og fríðsælum bæjum. Sögurnar skrifuðu fimmtán norrænir rithöfundar sem margir hverjir eru meðal vinsælustu höfunda í heimalandi sínu, t.d. Lene Kaaberbol sem íslenskir lesendur þekkja af bókunum um galdrastelpurnar. Bókin er skreytt áhrifaríkum litmyndum eftir nafntogaða norrænna teiknara. Tveir íslenskir höfundar og myndskreytar eiga sögur og myndir í bókinni, Gerður Kristný, Kristín Helga Gunnarsdóttir, Áslaug Jónsdóttir og Halldór Baldursson.



RENAULT

Leiðtogar verða ekki til fyrir tilviljun



Renault Kangoo

Verð frá kr. 1.620.000

Verð frá kr. 1.301.205 án vsk

Fjármögnunarleiga kr. 24.896

Fjármögnunarleiga kr. 19.996 án vsk.

Renault Trafic

Verð frá kr. 2.280.000

Verð frá kr. 1.831.325 án vsk

Fjármögnunarleiga kr. 35.295

Fjármögnunarleiga kr. 28.350 án vsk.

Renault Master

Verð frá kr. 2.720.000

Verð frá kr. 2.184.738 án vsk.

Fjármögnunarleiga kr. 42.024

Fjármögnunarleiga kr. 33.754 án vsk.



ATVINNUBÍLAR
FYRIRTÆKJAPJÓNUSTA

B&L Atvinnubílar - Grjóthálsi 1 - Sími 575 1200 - Ráðgjafasími 575 1224/25 - www.bl.is

www.renault.is

* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkórðu með 20% útborgun með og án/vsk.

10.–26. maí



Glæsileg hátíðargjöf!

Miðasala á www.listahatid.is og í síma 552 8588

Listahátíð
í Reykjavík 2007
REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL

Aðalsamstarfsaðilar Listahátíðar í Reykjavík 2007 eru KB-banki, Samskip og Radisson SAS

NÝJAR BÆKUR

Komdu að syngja! er mynd-diskur með tónlistarefni fyrir börn sem Anna Pálína Árnadóttir söngkona og Gunnar Gunnarsson píanóleikari fluttu á sinn einstaka

hátt í tónlistarhorninu í Stundinni okkar veturinn 2001-2002. Lögin og ljóðin eru flest eftir Aðalstein Ásberg Sigurðsson af geisladiskunum Berrósuð á tánum og Bullutröll, auk brota úr þekktum barnalögum og sögunnar af Argi Gargi eftir Önnu Pálinu. Á mynddisknum eru ennfremur tvö tónlistarmyndbönd, Krúsílius og Bullutröll, og ein eldri upptaka. Söngkonan Anna Pálína, sem lést langt um aldur fram árið 2004, átti miklum vinsældum að fagna á sviði barnatónlistar og geisladiskarnir tveir sem hún og Aðalsteinn Ásberg sendu frá sér með barnaefni hafa algjöra sérstöðu í flóru íslenskrar barnatónlistar. Um þessar mundir kemur tónlistin líka út á nótum í aðgengilegum útsetningum Gunnars Gunnarssonar. Komdu að syngja! er með myndskreytingum eftir Sigrúnu Eldjárn, en Konráð Gylfason hjá KAMfilm annaðist samsetningu efnis. Hlynur Helgason hannaði kápu en útgefandi er Dimma.

Geisla-diskurinn Ég verð heima um jólin með Kvartett Kristjönu Stefáns er kominn út í nýrri útgáfu,

en hann kom fyrst út fyrir áratug og seldist þá fljótlega upp. Hér er um að ræða djasstónlist með jólasniði, en kvartettinn skipa Kristjana Stefánsdóttir, söngur, Vignir Þór Stefánsson, píanó, Smári Kristjánsson, kontrabassi og Gunnar Jónsson, trommur. Öll lögin á disknum eru erlend nema íslenska þjóðlagið Hátíð fer að höndum ein, en íslenskir textar eru meðal annars eftir Pál Óskar Hjálmtýsson, sem syngur dúett með Kristjönu í laginu Góða nótt, og leikkonuna Guðlaugu Elísabetu Ólafsdóttur. Einnig syngja Emiliana Torrini og Soffía Stefánsdóttir bakraddir. Dimma gefur út.

Dimma gefur út Ljóð eftir Sigurbjörgu Þrastardóttur. Um er að ræða úrval ljóða,

en tónskreytt geislaplata með lestri skáldkonunnar fylgir með. Eðvarð Lárusson hefur samið tónlist við ljóðin og leikur á gítar. Ljóðin í bókinni eru valin úr þremur áður útkomnum ljóðabókum Sigurbjargar: Blálogalandi, Hnattflugi og Túllpanafallhlífum. Áður hefur Dimma gefið út í sömu ritröð Ljóð Gyrðis Elíassonar með tónskreytingum Kristins Árnasonar, Ljóð Ingibjargar Haraldsdóttur með tónskreytingum Tómasar R. Einarssonar og Ljóð Aðalsteins Ásbergs Sigurðssonar með tónskreytingum Sigurðar Flosasonar.

Í sömu útgáfu-röð koma út Ljóð eftir Braga Ólafsson. Um er að ræða úrval ljóða, en tónskreytt geislaplata með lestri skáldsins fylgir með. Matthías Hemstock hefur samið tónlist við ljóðin og leikur á slagverk og píanó. Ljóðin í bókinni eru valin úr fjórum áður útkomnum ljóðabókum Braga, sem eru Dragsúgur, Ansjósar, Ytri höfnin og Klink.



Laugardagur til lukku

Laugardagur Ian McEwan jók enn hróður þessa breska sagnaskálds þegar skáldsagan kom út í fyrria. Ástæðan var einföld, ekki aðeins var Ian fullsamur að listilega spunnun plotti í söguna sem hvílir öll í kringum einn ás, dag í lífi miðaldra heilaskurðlæknis í London skömmu fyrir innrásina í Írak, heldur var sagan fantalega vel skrifuð og hugsuð í hugarþeli læknisins. Frásögnin spegladi í senn hversdagsleg viðbrögð á sólbjörtum degi, stór tíðindi í nánd við hann, átök á innra og ytra sviði í lífi og þrautþjáfað klínisk inn-sæi vísindamanns í það flókna fyrirbæri sem heilinn er.

Það er aftur ekki fyrir neina aukvísu í enskri tungu að snúa sögunni á íslenskt mál. Ian þenur sig í spennandi frásögn sem heimtar skýra innsýn í íslenskt mál, ríka tilfinningu fyrir hrynjandi í frá-



RITHÖFUNDURINN IAN MCEWAN
Nýjasta skáldsaga hans er komin út á íslensku.

sögn og þolinmæði til að elta uppi læknisfræðileg heiti sem sagan er uppfull af. Hér eru margir undra snúnir kaflar, snúnari en aðrir. Löng lýsing á skvassleik, stemningslýsingar úr miðborg Lundúna sem reynast í verki þýðanda svo raunsannar að lyktin laumast að okkur aftur sem þekkjum hana.

Útgáfa Bjarts á þýðingu Árna Óskarssonar sætir því verulegum tíðindum og Árna mikill sómi búinn með þessu erfiða verki sem hann leysir á undra sannfærandi hátt.

Það er engum blöðum um það að fletta að Laugardagur er mikilvægt verk með þungu erindi – ekki aðeins fyrir Breta – heldur líka fyrir allar þær þjóðir sem fylgdu hinum staðföstu. Snörp umræða í verkinu milli læknisins og ungrar dóttur hans um stríðið og hvaða afleiðingar það getur haft vekur lesanda hroll – allt það sem þau sjá mögulega fara illa hefur hrunið í þá átt.


Þá er Ian ekki síður að kryfja lífsviðhorf millistéttarinnar bresku, mannúð hennar og yfir-læti sem alltaf er í bland. Sú lýsing er raunsönn um margt þótt hún líti virkum ferlum í enskum skáldskap: tignun á hinni aðkomnu konu sem hér er keltnesk en hefur hið fínlega dökka yfirbragð sem þeir snobba svo yfir, tignun á

skorðuðum lífsháttum menntaðra millistétta, skáldskap, bresku blúshefðinni – þessu sjálfsagða grobbi sem þeir fara svo vel með en skín alltaf í gegn um kurteisi þeirra og gamansemi.

Ian hefur alltaf sótt sum brögð í byggingu skáldsagna sinna í spennusögur, hin afdrifaríku átök sem söguheimur hans flýtur að eins á stóru fljóti með óhjákvæmlegru slysi og hörmung. Hann dregur örlög persóna sinna saman af skarpskyggni og miskunnarleysi og gefur þeim sjálfum innsýn inn í örlög sem bíða þeirra.

Lesandinn fær í sinn hlut kjöt og bein, hugleiðingar sem eru margvíslegar og útrældar, það er mikill matur í þessari sögu. Það er árangur af löngu og þroskuðu ferli Ians í skáldskap sínum: mjór var mikils vísir þegar Cement garden tók að fara milli manna á áttunda áratugnum í Picador-útgáfunni. Snögg eftir það virtist alls óvíst hvert Ian ætlaði sér: sjóvarpshandrit, smásögur, libretto – en svo einhenti hann sér í skáldsögunna.

Það er ástæðulaust að finna að þessari þýðingu. Bjartur hefur ekki gætt að orðskiptum á nokkrum stöðum. Verk eftir Bridget Reilly á heimili læknishjónanna er ekki eftirprentun heldur þrykk.



BÆKUR

Laugardagur

Ian McEwan
Þýðing: Árni Óskarsson
Bjartur

★★★★★

Meistaraleg þýðing á mikilvægu og merku verki

Það er fengur að þessari meistaralega sömdu og frábærlega þýddu sögu á íslenskan bókamarkað. Og nú er bara að njóta.

Páll Baldvin Baldvinsson

Getz

Hyundai Getz GL 1100 3 dyra.

Kr. 1.390.000

Kr. 14.990 á mán*.

Hyundai Getz GL 1100 5 dyra.

Kr. 1.490.000

Kr. 15.990 á mán*.

- ESP stöðugleikastýring
- ABS og 4 loftpúðar
- MP3 spilari / 4 hátalarar
- Þokuljós að framan
- Litaðar rúður

Skemmtun

24/7



Bíll á mynd: Getz 5 dyra GLS með 16 tommu álfelgum.

Með bílinn handa þér

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

Setið um stjörnurnar

Fólk sem situr um fræga einstaklinga er því miður frekar algengt fyrirbæri. Er þetta fólk jafnan haldið þeim ranghugmyndum að það tengist fólkinu á einhvern hátt og getur sú þráhyggja endað í alls kyns vitleysu.

Lítið hefur verið um svona fólk hér á landi en undanfarið hefur hver stjarnan á fætur annarri úti í heimi þurft að eiga afskipti af að minnsta kosti einni slíkri manneskju. Hafa oftast lögsóknir fylgt í kjölfarið þar sem „umsátursfólkið“ hefur undantekningalítið verið dæmt í nálgunarbann og jafnvel í fangelsi.

Björk
Björk er líklega þekktasti Íslendingurinn sem hefur lent í háska vegna „umsátursmanns“. Sæði hann söngkonunni sprengju í pósti og framdi síðan sjálfsvíg á meðan hann hlustaði á lag hennar. Ástæðan var sú að hann var afbrýðsamur út í kærasta Bjarka. Sem betur fer fann nágranni undarlega lykt koma frá íbúð mannsins og lét lögregluna vita. Náði hún að bregðast við í tæka tíð áður en Björk komst í tæri við sprengjuna.

Sandra Bullock
Leikkonan Sandra Bullock fór fram á það við stjórnvöld að hún yrði látin vita þegar maður að nafni Thomas James Weldon yrði látinn laus af geðsjúkrahúsi í Tennessee. Samkvæmt dómsmáli frá 2003 má Weldon ekki koma nær henni en hundrað metra. Að sögn leikkonunnar hafði maðurinn sent henni tölvupósta og símbref og skilið eftir skilaboð hjá henni og fjölskyldu hennar þar sem hann gaf til kynna að hann vildi eiga í ástarsambandi við hana.

Hilary Duff
Unglingur var nýverið handtekinn í Los Angeles grunaður um að sitja um og hóta leikkonunni Hilary Duff. Höfðu Duff, sem er nítján ára, og kærasti hennar, Joel Madden, úr hljómsveitinni Good Charlotte óskað eftir nálgunarbanni

gagnvart hinum átján ára Makism Myaskovsky. Játaði hann fyrir rétti þráhyggju sína og að hafa reynt allt til að ná athygli Duff. Hafði hann hóttað að drepa sig og leit á Madden sem ógn sem þyrfti að ryðja úr vegi.

Colin Farrell
Dessarae Bradford má ekki koma nær leikaranum Colin Farrell, syni hans James og móður hans Kim Bordenave en 150 metra samkvæmt dómsúrskurði. Ástæðan er sú að hún gekk upp að Farrell á meðan hann var gestur í þætti Jay Leno. Konan hafði verið á meðal áhorfenda. Farrell fylgdi henni baksviðs og var henni síðan vísað í burtu af öryggisvörðum. Farrell taldi konuna ógn við sig og fjölskyldu sína og taldi réttast að fara fram á nálgunarbann.

Pamela Anderson
Kynboman Pamela Anderson fékk þriggja ára nálgunarbann á William Peter Stansfield eftir að hann fór að spjalla við sjö ára son hennar í skóla hans. Stansfield sagði í blaðaviðtali að ásakanir Anderson væru fáránlegar.

Enya
Söngkonan Enya hefur átt í vanda-málum vegna frægðar sinnar og ríkidæmis. Einn maður braust inn í kastala söngkonunnar, batt þjónustustúlku hennar, og eyddi síðan tveimur klukkutímum í að reyna að finna Enya, sem náði að fela sig í öryggisbergi. Þegar hún setti viðvörðunarkerfið í gang slapp maðurinn með nokkra muni úr eigu hennar. Viku áður hafði maður brotist inn í hús Enya og var hann handtek-

inn skömmu síðar.

Árið 1996 flutti 31 árs Ítali til Dublin til að búa nálægt söngkonunni. Stakk hann sig fyrir utan sveitakrá sem var í eigu foreldra hennar.

Catherine Zeta-Jones
Kona sem hóttaði að skera leikkonuna Catherina Zeta-Jones í litla bita var dæmd í þriggja ára fangelsi á síðasta ári. Hin 35 ára Dawnette King sat um leikkonuna og sagðist vera ástfangin af eiginmanni hennar, leikaranum Michael Douglas. „Ég mun aldrei geta gleymt hegðun þinni. Alla mína ævi þarf ég að horfa yfir öxlina á mér af ótta,“ sagði Zeta-Jones við réttarhöldin. „Þú verður aldrei fræg og aldrei alræmd. Þú ert bara glæpamaður.“

Mel Gibson
Maður sem hafði verið dæmdur fyrir að hafa setið um leikarann Mel Gibson var dæmur í þriggja ára fangelsi á síðasta ári eftir að hafa brotið nálgunarbann. Zack Sinclair braut bannið þegar hann gekk upp að Gibson í kirkju á Malibu og spurði hvort hann mætti biðja bænir með honum. Þrátt fyrir að Gibson hafi ekki litið á hann sem mikla ógn taldi hann manninn geta ógnað fjölskyldu hans. Sinclair hafði fyrst samband við Gibson eftir að hann gaf út myndina The Passion of the Christ. Sæði hann Gibson tólf bréf þar

sem stóð að Guð vildi að þeir myndu fara saman með bænir.

Janet Jackson
Hinn 46 ára Robert Gardner má ekki koma nálægt söngkonunni Janet Jackson næstu árin. Mætti hann með hníf og skæri í upptökuver sjónvarpsstöðvar þar sem Janet var gestur í þættinum Saturday Night Live. Vakti það að sjálfsgöðu óhug söngkonunnar. „Ég vil ekki að litið sé á mig sem „umsátursmann“. Ég er einn af aðdáendum hennar,“ sagði maðurinn við réttarhöldin. Janet sagði manninn hafa búið til sögu um meint samband þeirra og að hann hafi elt hana og reynt að hitta í níu ár.



EDDIE MURPHY Snýr aftur í hlutverki Axel Foley í Beverly Hills Cop 4.

Axel Foley snýr aftur

Ljóst er að Eddie Murphy mun snúa aftur sem lögreglumaðurinn Axel Foley í kvikmyndinni Beverly Hills Cop 4. Eddie hefur þegar skrifað undir samning við Paramount, framleiðanda kvikmyndarinnar en óákveðið er hver leikstýrir kvikmyndinni eða skrifar handritið. Tólf ár eru liðin síðan Eddie lék Axel Foley síðast og nú eru framleiðendur harðákveðnir í því að leggja í aðra stórmynd. Beverly Hills Cop 3 náði ekki að standa undir væntingum og skilaði ekki nógu miklum aur í kassann. Í þetta skipti eru menn alveg vissir að um skjótan gróða sé að ræða, þar sem fólk sakni þess að sjá kjaftfora rannsóknarlögreglumanninn á hvíta tjaldinu.



BONO Hljómsveitin U2 hélt sína fyrstu tónleika í Japan í átta ár á dögnum.

U2 í Japan

Írski hljómsveitin U2 hélt sína fyrstu tónleika í Japan í átta ár á dögnum. Spilaði sveitin fyrir framan tuttugu þúsund aðdáendur í Satiama Super Arena höllinni, skammt frá Tókýó.

Áður en Bono og félagar stigu á svið tóku þeir góðan tíma til að skrifa undir eiginhandarítanir fyrir aðdáendur sem höfðu beðið í margar klukkustundir fyrir utan höllina. Sagði Bono m.a. nokkur orð á japönsku fyrir aðdáendurna.

Bono nýtti einnig tækifærið fyrir tónleikana og hitti forsætisráðherra Japans, Shinzo Abe, og gaf honum m.a. forláta sólgleraugu.

Setið um eina af hverjum tólf konum

Að sitja um einhvern þýðir að manneskja brýtur á einkalífi annarrar manneskju og veldur henni ótta. Setið hefur verið um eina af hverjum tólf konum í Bandaríkjunum einhvern tímann á ævi þeirra. Einn af hverjum 45 körlum hafa lent í svipuðum aðstæðum. Alls er setið um yfir eina milljón kvenna og tæplega 380 þúsund karla á hverju ári í Bandaríkjunum.

Stundum veit umsátursaðilinn

ekki hvað er að eiga sér stað eða þá að hann ætlar sér ekki að meidda neinn. Jafnvel telur hann að fórnarlambinu líki vel við hann eða að hann hafi einhvers konar þörf til að hjálpa því.

Ófugt við aðra glæpi sem gerast oftast einu sinni, þá eru brotin síendurtekin hjá „umsátursfólki“. Oft eru þau ekki ólögleg í sjálfu sér, eins og að hringja í fórnarlömbin, senda þeim gjafir eða

tölvupóst. Flest málin fara aldrei svo langt að verða öfgafull þar sem ofbeldi kemur við sögu.

FATAL ATTRACTION Kvikmyndin Fatal Attraction fjallar á eftirminnilegan hátt um konu sem situr um mann sem hafði átt í stuttu ástarsambandi við hana. Aðalleikarinn Michael Douglas hefur sjálfur þurft að glíma við vandamálið í gegnum eiginkonu sína, Catherine Zeta-Jones.





Nýtt tákn um gæði

Sérstakt jólatilboð á Ford



Jólapakkinn í ár
Verðmæti 100.000 krónur
í formi afsláttar á sjálfskiptum,
5 dyra Fiesta með kraftmikilli 1,6i vél.
Einnig 50% afsláttur af gæða
vetrardekkjum frá Pirelli eða Nokian.



Ford Fiesta - einn mest seldi bíll í heimi

Kauptu Fiesta á jólatilboði

Jólin nálgast - gerðu bestu jólainnkaupin í Brimborg



Jólatilboð 1.690.000 kr.

Fiesta Trend 1,6i 5 dyra, sjálfskiptur.*
Bílasamningur 20.670 kr. Rekstrarleiga 31.180 kr.
Verð án jólatilboðs 1.790.000 kr.

Við staðgreiðum gamla bílinn þinn**

► Jólin eru komin í Brimborg. Kynntu þér gott jólaverð á Fiesta. Kynntu þér góð jólakjör á bæði bílasamningi og rekstrarleigu. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar. Fáðu lægri vexti. Lægra lántökugjald. Byrjaðu jólin í Brimborg – komdu í Brimborg.



Fiesta er einn vinsælasti bíll heims

Fáir bílar státa af jafn miklum vinsældum um allan heim og Ford Fiesta. Fiesta er nýtt tákn um fallega hönnun smábíla sem skartar því besta í búnaði frá stærri bílum. Öryggi Fiesta, aksturseiginleikarnir, sjálfskiptingin og glæsilegt útlit kalla á nýjan samanburð. Kynntu þér staðalbúnaðinn. Mundu eftir IPS öryggiskerfinu, EBD hemlajöfnuninni og IPS öryggispúðum við framsæti og í hliðum. Veldu Ford á jólatilboði Brimborgar.



Jólapakkinn í ár
Verðmæti 100.000 krónur
í formi afsláttar á sjálfskiptum,
5 dyra Fiesta með kraftmikilli 1,6i vél.
Einnig 50% afsláttur af gæða
vetrardekkjum frá Pirelli eða Nokian.

Jólatilboð Brimborgar

**JÓLIN NÁLGAST
OFURJÓLATILBOÐ Á FORD
KYNNTU ÞÉR GREIÐSLUKJÖRIN**



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðstu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum eru áfælgur.



EVA OG TONY Eva Longoria og Tony Parker ætla að gifta sig á næsta ári í Frakklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Trúlofaðist Tony Parker

Eva Longoria, sem leikur í þáttunum *Desperate Housewives*, hefur trúlofast franska körfuboltakappanum Tony Parker.

Að sögn talsmanns Longoriu flaug Tony til Longoriu á heimili hennar í Los Angeles eftir leik með San Antonio og kom henni á óvart þegar hún kom heim úr vinnunni. „Bónorðið var rómantískt og alveg fullkomið. Þau ætla að giftast í Frakklandi sumarið 2007 og verða fjölskyldur þeirra og vinir viðstaddir,“ sagði talsmaðurinn.

Longoria, sem er 31 árs, skildi við leikarann Tyler Christopher árið 2004 eftir tveggja ára hjónaband. Parker, sem er 24 ára, hitti Longoriu eftir leik San Antonio fyrir tveimur árum.

Leikur ekki í Rush Hour



VAN DAMME

Belgíska buffið, Jean-Claude Van Damme, hefur borið til baka orðróm um að hann muni leika vonda kallinn í grín-hasarmyndinni *Rush Hour 3* á móti Jackie Chan og Chris Tucker.

Tucker.

Van Damme segist hafa verið að grínast með þetta á sínum tíma og spurði þá hvort það væri ekki sniðugt að hann yrði með í myndinni. „Ef ég myndi leika í grínmynd myndi ég ekki vilja leika í *Rush Hour*, heldur frekar mynd í líkingu við *Lethal Weapon* sem væri aðeins raunsærri,“ sagði Van Damme.

Rush Hour 3 gerist í París og er hún væntanleg á hvíta tjaldíð næsta sumar.

Tónlistin lifir Kastró af

Tómas R. Einarsson hafði dreymt um að koma til Kúbu frá því hann var í menntaskóla og las mál-gagn byltingarmanna frá eyjunni spjaldanna á milli. Fyrir sex árum lét Tómas drauminn rætast og hefur varla vaknað af þeim væra blundi. Hann er nýkominn frá Kúbu.

Nýlega kom út geisladiskurinn Romm Tomm Tomm þar sem Tómas blandar saman íslenskum og kúbverskum tónlistarmönnum, svo vel að margir eiga erfitt með að greina þeirra á milli. „Þeir á Kúbu eru mjög hrifnir af geisladiskinum þó ég segi sjálfur frá og hafa boðið mér á djasshátíð í Havana,“ segir Tómas sem enn er að bræða það með sér hvort hann eigi að láta slag standa. „Þetta yrði heljarinnar verkefni en óneitanlega mjög spennandi,“ útskýrir kontrabassaleikarinn.

Vildi vikka út sjóndeildarhringinn

Tómas fékk snemma áhuga á Suður-Ameríku og þá aðallega á hinu pólitíska landslagi. Þegar tónlistarmaðurinn skræið yfir tví-tugt ákvað hann að ferðast um álfuna en komst ekki til Kúbu, ferðalagið þangað hefði verið of dýrt og lítið var um að erlendir ferðamenn færu þangað yfir. Hann viðurkennir hins vegar að eyjan í Karíbahafinu hafa alltaf togað í sig en það var ekki fyrr en rúmum tveimur áratugum seinna sem tónlistin teymdi hann þangað. „Ég hafði verið að spilla djasstónlist í einn og hálfan áratug og var farinn að kunna hana ágætlega. Ég var því farinn að leita að einhverju til að vikka út sjóndeildarhringinn



STÓRHJÓMSVEIT TÓMASAR Kúbverskir blaðamenn hafa tekið Tómasi opnum örmum og hefur honum verið boðið á kúbverska djasshátíð.



Í GÓÐRI SVEIFLU Tómas nýtur sín vel á Kúbu og hefur komið þangað sjö sinnum á síðustu sex árum.

og kolféll fyrir latin-tónlist, ekki síst vegna þess hvernig þeir spiluðu á bassa,“ útskýrir Tómas. Árið 2000 komst tónlistarmaðurinn loks til Havana og segir Tómas að þetta hafi verið ást við fyrstu sýn. „Ég hlustaði á kúbverska tónlist í átta daga samfleytt, frá morgni til kvölds,“ segir Tómas og þar hafi hann loks fengið þá innspýtingu sem hann hafi vantað fyrir Kúbanska, fyrstu latin-djassplötuna með íslenskum tónlistarmönnum. „Áhuginn á pólitík vék því fyrir músík og dansi sem eru eitt orð á Kúbu en ekki tvö eins og hér,“ segir Tómas. Hann gaf ári síðar út Havana en ákvað að láta á það reyna að taka upp plötu á Kúbu. Hann fékk Samúel J.



TEKIÐ Á ÞVI Þeir Daniel Ramos, Kjartan Hákonarson, og Ómar Guðjónsson blása í lúðra sína af öllum mætti.

Samúelsson til liðs við sig og þeir héldu til Havana í mars þar sem félagarnir æfðu nánast samfleytt í sextán daga í heimahúsum hér og þar í höfuðborginni. „Við tókum upp eina og hálfu plötu og héldum því næst heim, fengum nokkra íslenska hljóðfæraleikara til að spila yfir en fannst vanta kúbversku áhrifin,“ útskýrir Tómas. Ferðinni var því aftur heitið til Havana þar sem tónlistarmaðurinn fékk nokkra valinkunna kúbverska listamenn til að leika með sér. Loks var haldið heim, platan fínþússuð með íslenskum tónlistarmönnum og útkoman varð þannig að erfitt er að átta sig á því hverjir gera hvað.

Kúbversku mínúturnar

Tómas talar hlýlega um Kúbu og þykir augljóslega vænt um land og þjóð. Hann hefur farið þangað sjö sinnum en eingöngu til Havana sem Tómas segir að nægi í fyrstu fimmtán skiptin. „Borgin er ákaflega sérstök, tónlistin og dansinn slær mann fyrst og hefur dregið mig þangað aftur og aftur,“ segir Tómas. „En svo eru það þessir sterku karabísku litir, gamli nýlenduarkitektúrinn og bílamennin,“ bætir hann við en segir jafnframt að fullt af hlutum



KÚBVERSK STEMNING Gítarleikarinn Cesar Hechevarría slær á léttu strengi og í bakgrunni má sjá Kjartan Hákonarson undirbúa sig fyrir tónleikana.



GLAÐIR Þeir Ómar Guðjónsson og Samúel J. Samúelsson voru ánægðir með tónleikana sem hljómsveit Tómasar hélt og eru hér með hinum kúbverska Daniel Ramos sem spilar á plötunni Daniel Ramos.

pirri hinn stundvís og framkvæmdaglaða Íslending. „Orða-tiltækið „mañana“ eða „á morgun“ þýðir eiginlega eftir mánuð,“ segir Tómas og hlær. „Kúbversku mínúturnar eru líka mun lengri en hinar íslensku og það er mikil skriffrinnska hjá hinu opinbera,“ segir Tómas, en tekur fram að þegar kemur að tónlistarmönnum standist allar tímasetningar og gott betur en það. Á laugardaginn var haldið upp á afmæli byltingarleiðtogans Kastrós sem Tómas segir að gangi skrautlegar sögur um. Ein hafi verið sú að Kastró yrði tekinn úr sambandi á þessum degi og þótt margir hafi áhyggjur af því hvað verði um Kúbu þegar Kastró fari yfir móðuna miklu segir Tómas að menn þurfi litlar áhyggjur að hafa af tónlistinni, hún lifði af byltinguna og muni lifa Kastró.

Kylie og Furtado syngja dúett

Söngkonan Nelly Furtado ætlar að syngja dúett með áströlsku söngkonunni Kylie Minogue. Furtado gaf í sumar út plötuna *Loose* sem hefur m.a. að geyma lagið *Maneater*. Einnig er þar lagið *Promiscuous* sem hún söng með upptökustjóranum snjalla Timbaland.

Furtado hefur lengi ætlað að vinna með Kylie og nú eru viðræður hafnar um að þær flytji saman dúett. „Við höfum talað um þetta í dálítinn tíma. Við erum svipaðar á þann hátt að hún er dugnaðarforkur eins og ég,“ sagði hin 27 ára Furtado. Hún er jafnframt ánægð með það hvernig Kylie hefur tekist á við brjóstakrabbameinið sem hún greindist með fyrir nokkru. „Það er frábært að hún skuli hafa snúið aftur og klárað tónleikaferð sína.“

Furtado sló fyrst í gegn árið 2000 með laginu *I'm Like a Bird* sem var á plötunni *Whoa Nelly!* Nýjasta plata hennar er sú þriðja í röðinni.

Kylie hefur lengi verið í sviðsljósinu. Hún vakti

fyrst athygli í sjónvarpsþáttunum *Nágrannar*. Síðan þá hefur hún sungið mörg vinsæl lög á borð við *The Loco-Motion*, *I*

Should Be So Lucky, *Can't Get You Out Of My Head*, *In Your Eyes* og *Slow*, sem Emiliana Torrini samdi ásamt upptökustjóranum Mr. Dan. Var það tilnefnt til Grammy-verðlaunanna.

NELLY FURTADO Furtado vill ólm syngja dúett með Kylie Minogue.

KYLIE MINOGUE Minogue er að ná sér á strík eftir að hafa greinst með brjóstakrabbamein.

ÖLL MYNDBÖNDIN Í EINUM PAKKA

METALLICA

THE VIDEOS 1989 - 2004

KEMUR Í VERSLANIR 4. DES!

9. HVER VINNUR!

SENDU SMS BTC MDF A NUMERID 1900 OG ÞU GÆTIR UNNIÐ EINTAK!

Vinningar eru Metallica the best of videos • Aðrir DVD með Metallica Geislaflötur með Metallica • Aðrar geislaflötur • DVD myndir og margt fleira

Framandi tíska í Malasíu

Þessa dagana stendur yfir alþjóðleg tískuvika í Malasíu. Vikan er haldin í borginni Kúala Lúmpúr og er glæsileg í alla staði. Malasía fór að setja sitt mark á tískuheiminn árið 2003 þegar vikan var haldin í fyrsta sinn og kom þá mönnum í opna skjöldu enda landið ekki þekkt fyrir tísku. En margir ungir hönnuðir frá Malasíu hafa skotið upp kollinum og ef marka má myndirnar sem hér eru sýndar eru þeir engir eftirbátar hins vest-ræna heims á sviði tískunnar. - áþ



NÝSTÁRLEGT Gegnsær toppur, hátt mitti og lakkbelti frá Michael Wong.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



VÍÐUR Þessi kjóll myndi sóma sér vel á rauða dreglinum enda nákvæmlega samkvæmt nýjustu tísku.



GYÐJA Hlýri á annarri öxlinni er að koma sterkt inn núna sem tískubóla og hönnuðurinn Sonny San fer ekki varhluta af því.



ÁRAMÓTADRESS Háir gullitaðir hanskar og fölleikur kjóll sem margar konur myndu gjarnan vilja klæðast um áramótin frá Edmund Ser.



SÉR ERMAR Skemmtilegur fatnaður þar sem ermarnar eru sér eins og grifflur frá Edmund Ser.



BLEIKT Flottur stuttur kjóll frá hönnuðinum Eric Choong.



HVÍTT Það væri ekki amalegt að klæðast þessum kjól frá Sonny San í miklum hita.



DRAGT Skemmtilegar púffermar á annars hefðbundinni dragt frá Eric Choong.



ÚTVIÐAR ERMAR Þessi kvenlegi kjóll er frá Edmund Ser.

Kidman ekki ófrísk

Leikkonan Nicole Kidman hefur vísað á bug sögusögnum um að hún sé ófrísk eftir eiginmann sinn, sveitasöngvarann Keith Urban.

Kidman á tvö ættleidd börn með Tom Cruise, þau Isabellu sem er þrettán ára og hinn ellefu ára Conor. Hún segist ekki hafa hugmynd um hvernig orðrómurinn fór á kreik. „Ég er ekki ófrísk. Eina stundina segir fólk að ég sé of grön og þá næstu er ég of feit og þá hlýtt ég að eiga von á barni. Þetta er mjög ruglingslegt,“ sagði Kidman. „Mamma hringdi í mig og spurði hvort ég væri ófrísk. Ég sagði að hún yrði sú fyrsta sem myndi vita af því. Síðan hlógum við bara að

þessu því það er ekkert mikið annað hægt að gera.“

Kidman og Urban hafa átt í erfiðleikum að undanfögnu eftir að kom í ljós að Urban væri aftur farinn að neyta vímuefna. Fór hann í framhaldinu í meðferð til að ráða bót á vanda sínum.

Kidman var sjálf í fréttum fyrir skömmu fyrir að vera orðin

tekjuhæsta leikkonan í Hollywood. Fær hún um 1,1 milljarð króna fyrir hverja mynd.

Hrifsaði hún toppsætið af Juliu Roberts sem hafði setið þar samfleytt í fjögur ár.

NICOLE KIDMAN Ástralska leikkonan segist ekki vera ófrísk.



MEÐ URBAN Kidman og Urban hafa átt í vandræðum í hjónabandinu að undanfögnu.



Stofnfjárútboð SPRON

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis býður út 4.500.000.000 nýja stofnfjárluti. Farið er með útboðið skv. reglum um almennt útboð verðbréfa, þótt núverandi stofnfjäreigendur eigi forgangsrétt til áskriftar að hinum nýju stofnfjárlutum.

Útboðstímabilið er 7. - 21. desember 2006 og fellur áskrift í eindaga 28. desember 2006. Verð hvers stofnfjárlutar er kr. 2,04699 og er heildarverðmæti útboðsins því kr. 9.211.455.000. Heildarnafnverð stofnfjár fyrir hækkunina er kr. 5.000.000.000 og verður eftir hækkunina kr. 9.500.000.000 að því gefnu að allt seljist. Nafnverð nýrra stofnfjárbréfa er kr. 4.500.000.000.

Umsjónaraðili útboðsins er Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis og má nálgast útboðslýsingu og önnur gögn sem útboðinu tengjast á heimasíðu SPRON www.spron.is og í útibúum hans frá og með 7. desember 2006.

Sparisjóðsstjórn



Nýtt í bíó
Jólamyndin 2006

Hátíð í bæ
 Deck the Halls
 Fréttablaðið og gæmsugæfni komu til þess að gefa þér þetta.

CASINO ROYALE
 M.M.J. kvikmyndir.com
 P.P. FBL
 BLAÐIÐ V.J.V. TOPPS.IS

THE NATIVITY STORY
 STÓRKOSTLEGASTA SAGA ALLRA TÍMA LIFNAR HÉR VIÐ Í STÓRBROTINI MYND SEM ENGINN MÁ MISSA AF. UPPLIFIÐ HINA SONNU MERKINGU JÓLANNNA.

SKÓGARSTRÍÐ
 DÝRIN TARA VOLDINI!
 MED ÍSLENSKU OG ENSKU TALI

BORAT!
 5 EDDUVERÐLAUN BESTA MYNDI BESTI LEIKARI BESTI LEIKSTJÓRNI BESTI KJÓLLEIKARNI OG BESTA TONLISTIN

SAW III
 ALLS EKKI FYRIR VIÐKVÆMA
 HVERSU LANGT MYNDIR ÞU GANGA TIL AD HALDA LÍFI?

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000
REGNBÖGINN SÍMI 551 9000
Borgarbíó SÍMI 462 3500

HÁTÍÐ Í BÆ kl. 3.40, 5.50 og 8
PULSE kl. 10.20 **BL. 16 ÁRA**
CASINO ROYALE kl. 5, 8 og 10.30 **BL. 14 ÁRA**
SYND Í LÚXUS kl. 5 og 8
SKÓGARSTRÍÐ ISL. TAL kl. 4
OPEN SEASON ENSKT TAL kl. 3.50
BORAT kl. 6, 8 og 10 **BL. 12 ÁRA**
MÝRIN kl. 5.40 og 8 **BL. 12 ÁRA**

HÁTÍÐ Í BÆ kl. 5.50, 8, 10, 10
THE NATIVITY STORY kl. 5.50, 8 og 10 **BL. 7 ÁRA**
PULSE kl. 10.15 **BL. 16 ÁRA**
CASINO ROYALE kl. 6 og 9 **BL. 14 ÁRA**
MÝRIN kl. 6 og 8 **BL. 12 ÁRA**

HÁTÍÐ Í BÆ kl. 6 og 8
SAW III kl. 8 og 10 **BL. 16 ÁRA**
CASINO ROYALE kl. 10 **BL. 14 ÁRA**
MÝRIN kl. 6 **BL. 12 ÁRA**

450 kr. í bíó!
 midi.is

Sími 553 2075
LAUGARAS BÍÓ - bara lúxus

SAW III
 ALLS EKKI FYRIR VIÐKVÆMA
 HVERSU LANGT MYNDIR ÞU GANGA TIL AD HALDA LÍFI?
 BLÓÐBADIÐ ER HAFIÐ
 Synd kl. 5.45, 8 og 10.20 **BL. 16**

SKÓGARSTRÍÐ
 Frá framfaradagnum
 Synd kl. 4, 6 og 8 **ENSKT TAL**
 Synd kl. 4 og 6 **ÍSL. TAL**

CASINO ROYALE
 Synd kl. 8 og 10 **BL. 14**

BORAT!
 Synd kl. 10.40 **BL. 12**
 Synd kl. 4 **ÍSL. TAL**

www.laugarasbio.is
 MIDASALA ÖPNAR KL. 3:30



SVIÐIN JÖRÐ Þeir Magnús R. Einarsson og Freyr Eyjólfsson skipa sveitina Sviðna jörð.

Sviðin jörð á Grandrokki

Útgáfutónleikar vegna plötunnar „Lög til að skjóta sig við“ með Sviðinni jörð verða haldnir á Grandrokki á þriðjudagskvöld.

Platan hefur verið nefnd sorglegasta kántríplata Íslandssögunnar. Í hana fór hellingur af tárnum ofan í bjórinn, þrír hjónskilnaðir, tvær meðferðir, eitt gjaldþrot og sittvað fleira sem enginn man. Sviðna jörð skipa Magnús R. Einarsson og Freyr Eyjólfsson. Þrettán ný, frumsamin lög með textum eftir Davíð Þór Jónsson um eymdina, sorgina og þjáninguna og það að vera fullur á þriðjudegi eru á plötunni.

Upplýsingar í síma 580 2626
 Textavarp: Stöð 2 • 160-163
 RÚV • 261, 263 og 264

Vínningstölur laugardaginn 2.12.2006

17 22 33 34 37

Bónus tala 4

Jóker 2 9 5 8 2
 1. vinningur gekk ekki út

VÍKINGA LOTTO Alltaf á miðvikudögum

Vínningstölur miðvikudaginn 29.11.2006

Aðaltölur 2 30 31 38 43 45
 Bónustölur Ofurtala 18 42 43

Jóker 7 8 9 9 3
 1. vinningur gekk ekki út

Kvikmyndagerðarmenn í kapphlaupi um krimma

Velgengi Mýrarinnar hefur aukið áhuga kvikmyndagerðarmanna á íslenskum krimmum. Ævar Örn er eftirsóttur.

„Full mikið sagt að ég sé búinn að selja kvikmyndarétt. En, það, sko, eru þreifingar í gangi. Menn hafa lýst áhuga sínum á að gera eitthvað við þessar bækur mínar,“ segir Ævar Örn Jóseppsson rit höfundur.

Svo virðist sem velgengi Mýrarinnar í kvikmyndahúsum landsins, en þegar hafa rúm 80 þúsund séð myndina, hafi vakið upp mikinn áhuga kvikmynda-



BALTASAR KORMÁKUR Viðræður um hugsanlegt framhald á kvikmyndun bóka Arnaldar Indriðasonar hafa ekki farið fram enn sem komið er.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

gerðarmanna á íslenskum krimmum. Og er nú keppst um kvikmyndarétt bóka sem hafa litið dagsins ljós í glæpasagnavorinu mikla sem enn stendur.

Þannig hefur verið sagt frá því að kvikmyndagerðin Zik Zak hafi tryggt sér kvikmyndarétt að nýrri bók Stefáns Mána, Skipið. Í fréttum síðustu viku kom fram að sjónvarpsréttur á bókum Stellu Blómkvist hefur verið seldur til Þýskalands.

Ævar Örn vill ekki tjá sig meira en orðið er varðandi hugsanlega sölu á kvikmyndarétti á bókum sínum. En blaðið hefur heimildir fyrir því að þar sé um að ræða nokkra aðila. Þeirra á meðal Kisa með þá Ingvar Þórðarson og Júlíus Agnarsson í broddi fylkingar. En þeir eru nú að framleiða Astrópiu. Þá er Ævar Örn að skrifa handrit glæpabátta ásamt Yrsu Sigurðardóttur, Arna Þórarinssyni og Páli Kr. Pálssyni í samstarfi við þá Sigurjón Kjartansson og Óskar Jónasson. Þeir hafa sést með trýnið ofan í nýrri bók Ævars Arnar, Sá yðar sem syndlaus er, en hún hefur fengið afbragðs dóma. Þá er Fréttablaðinu kunnugt um fleiri kvikmyndagerðarmenn sem sýnt hafa því áhuga að kvikmynda bækur Ævars.

Sjálfur vill Ævar Örn ekki gera mikið úr kapphlaupi kvikmynda-gerðarmanna um krimmana. Segir reyndar að hann sjái einhverja hluta vegna þessa íslensku, bresku og



EFTIRSÓTTUR Nokkrir kvikmyndagerðarmenn hafa sýnt því áhuga að kaupa kvikmyndarétt á bókum Ævars Arnar Jóseppssonar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

skandinavísku krimma fyrir sér sem sjónvarpsefni fremur en bíó. „En því fleiri krimmar sem komast á hvíta tjaldið, því betra. Bara gaman að því.“

Baltasar Kormákur segir þá Arnald Indriðason rithöfund hafa ákveðið fyrir löngu að hefja engar viðræður um hugsanlegt áframhald kvikmyndunar Baltasars á bókum hans. Baltasar vildi að öðru leyti ekki tjá sig um áform sín á þessu sviði.

Ekkert leyndarmál þó er að menn sjá jafnvel fyrir sér einhvers konar framhaldskvikmyndaðerð Baltasars á bókum Arnaldar, þá á borð við þá sem til að mynda Svíar hafa stundað í tengslum við bækur Henning Mannkells. En ekkert hefur verið ákveðið enn í þeim efnum.



MAMMÚT Hljómsveitin Mammút spilar á South By South West í Texas á næsta ári.

Spila í Texas

Hljómsveitinni Mammút hefur verið boðið að koma fram á hinni virtu tónlistarhátíð South By South West í Austin, Texas, í Bandaríkjunum sem fer fram í mars 2007.

Kom boðið í kjölfar vel heppnaðra tónleika í Manchester á Englandi á Intecity-tónlistarhátíðinni þar sem Mammút kom fram á sérstök tónleikakvöldi fyrir íslenskar hljómsveitir sem var haldið í fyrsta sinn í ár.

Mammút er um þessar mundir að semja ný lög fyrir aðra plötu sína og fara upptökur líklega fram snemma á næsta ári.



JR Larry Hagman fór með hlutverk JR í sápuóperunni Dallas.

Hneig niður

Larry Hagman, sem lék illmennin JR í sápuóperunni Dallas, er á batavegi eftir að hafa hniðið niður. Hafði hann kvartað undan höfðverkjum og missti loks meðvitund. Var hann fluttur á sjúkrahús en er nú kominn á heimili sitt í Malibu.

Hagman, sem er 75 ára, hefur átt við veikindi að stríða undanfarin ár eftir að hann gekkst undir nýrnaigræðslu árið 1995.

Trausti Júlíusson

Kóngar hvíta blúsins sameinaðir

TÓNLIST

The Road to Escondido

JJ Cale & Eric Clapton

★★★

Fín blúspata í þessum afslappaða stíl sem einkennir tónsmiðar JJ Cale. Tveir gamlir meistarar að gera það sem þeir kunna best.

JJ Cale hefur haft mikil áhrif á tónlist Erics Clapton. Hann samdi lögin Cocaine og After Midnight sem bæði náðu miklum vinsældum þegar Eric Clapton gerði sínar útgáfur af þeim. Þær vinsældir urðu svo til þess að vekja athygli á JJ Cale. Þannig eiga þessir tveir tónlistarmenn hvor öðrum mikið að þakka. Það var þess vegna mikið fagnaðarefni fyrir marga að þeir skyldu í fyrsta sinn gera plötu saman.

The Road to Escondido hefur að geyma fjórtán lög. Ellefu þeirra eru eftir Jean Jacques Cale, eitt eftir Eric Clapton, eitt eftir Clapton og John Mayer og eitt er gamall slagari eftir Brownie McGhee, Sporting Life Blues. Fjölmargir þekktir hljóðfæraleikarar koma fram á plötunni, þ.á.m. Billy Preston og John Mayer.

Lögin eru flest í þessum afslappaða stíl sem einkennir tónlist JJ Cale. Djass og kántrískotið blúsrökk í stíl við síðustu sólóplötu JJ Cale, To Tulsa and Back, sem kom út fyrir tveimur árum og vakti óþarflega litla athygli. Á þessu eru þó nokkrar undantekningar, t.d. lagið Dead End Road sem er hressileg blúgrasskeyrsla.

Það er ekki hægt að setja mikið út á þessa plötu. Þessi lög standa öll fyrir sínu, flutningurinn er full-



JJ CALE & ERIC CLAPTON

kominn og hljómurinn er góður. Platan sýnir að lagasmíðar JJ Cale ná fram því besta í Eric Clapton. Hér eru tveir gamlir meistarar að gera það sem þeir kunna best. Það er fátt sem kemur á óvart, en addáendur þessara tónlistarmanna láta sig það sennilega litlu máli skipta.

Mogga Bío á mánudögum 2 fyrir 1 í Bío sjá miða framan á morgunblaðinu í dag

kæru gestir vinsamlegast athugið að tilboð þetta


Gildir Á ALLAR MYNDIR



HAGATORGI • S. 530 1919

Mogga Bío á mánudögum 2 fyrir 1 í Bío sjá miða framan á morgunblaðinu í dag

www.haskolabio.is



| | | | | | |
|----------------|----------------------|------|----------------|-----------|------|
| NATIVITY STORY | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.16 | BÖRN | kl. 6 | B.12 |
| MYRIN | kl. 6 - 8 - 10:10 | B.12 | SCANNER DARKLY | kl. 10:40 | B.16 |
| THE DEPARTED | kl. 8 | B.16 | | | |




Ítalíska kvikmyndhátíðin heldur áfram í nokkra daga (4-6 des) vegna fjölda áskorana Misstu ekki af því besta í ítalískri kvikmyndagerð.



Fate come noi
(gerið eins og við) kl. 5:50

Da zero a dieci
(frá einum upp í tíu) kl. 8

Miracolo, II
(kraftaverkið) kl. 10:10



| SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA | | | SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI | | | SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK | | | SAMBÍÓIN / AKUREYRI | | | | | | | | |
|----------------------|-----------------------------|-----------------------------|-----------------------|-------------------------|---------------|---------------------|----------------|----------------------|---------------------|----------------|---------------|-----------|----------------|----------------|--------|-------|-------|
| SAW 3 | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | B.16 | THE GRUDGE 2 | kl. 5:50 - 8:10 - 10:30 | B.16 | SKOLAD Í BURTU | kl. 6 | Leyt. | DIGITAL | SANTA CLAUSE 3 | kl. 8 | Leyt. | STURTAD NIDUR | M.16 | kl. 6 | Leyt. | |
| SAW 3 VIP | kl. 8 - 10:30 | | JÓNAS | M.16 | kl. 3:40 | FLUSHED AWAY | M.16 | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | Leyt. | DIGITAL | CASINO ROYALE | kl. 10 | B.14 | FLUSHED AWAY | M.16 | kl. 8 | Leyt. |
| SKOLAD Í BURTU | M.16 | kl. 3:40 - 5:50 | Leyt. | FLY BOYS | kl. 8 - 10:30 | B.12 | SANTA CLAUSE 3 | kl. 6 - 8:10 | Leyt. | DIGITAL | THE LAST KISS | kl. 8 | Leyt. | THE GRUDGE 2 | kl. 10 | B.16 | |
| FLUSHED AWAY | M.16 | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | Leyt. | THE DEPARTED | VIP | kl. 5 | THE GRUDGE 2 | kl. 10:20 | B.16 | | ADRIFT | kl. 10:15 | B.16 | SANTA CLAUSE 3 | kl. 6 | Leyt. | |
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | Leyt. | BÆJARHLADID | M.16 | kl. 4 | Leyt. | THE DEPARTED | kl. 8:10 | B.16 | | | | NATIVITY STORY | kl. 8 - 10 | B.16 | | |

Reykjavík! gerist víðförul

Hljómsveitinni Reykjavík! hefur verið boðið að spila á þremur stórum hátíðum í byrjun næsta árs. Fyrst er það Eurosonic í Hollandi, því næst by:Larm í Noregi, og síðast en ekki síst hin veglega South by Southwest-hátíð í Texas í mars.

„Við sóttum bara um á Eurosonic af einhverri ræni og förum á eigin vegum. Við fengum reyndar styrk frá Reykjavík Loftbrú líka,“ sagði Haukur S. Magnússon, gítarleikari Reykjavíkur!. Hátíðin sú er eins konar útvarpsstöðvasteftna, og er Pétur Ben fulltrúi Ríkisútvarpsins þar í ár.

By:Larm segir Haukur vera ætlaða sveitum af Norðurlöndunum, fyrst og fremst. „Ég held að hugmyndin sé að gefa einhvers konar mynd af skandinavísku tónlistarlífi,“ sagði Haukur, en hátíðin sú ku vera vinsæl hjá bókurum á vegum Hrðarskeldu. South by Southwest er þó langstærst. „Við vorum að fregna að við værum boðnir þangað. Það verður auðvitað skemmtilega subbullegt,“ sagði Haukur hlæjandi, en hljóm-sveitir á borð við Ske, Singapore Sling og Vínyl hafa spilað á hátíðinni á árum áður. Margir sem þar



REYKJAVÍK! Á AIRWAVES Vegna frammistöðu sinnar uppskar sveitin þrjú boð á tónlistarhátíðir erlendis.

spila hafa plötusamninga eða boð um tónleika upp úr

HAUKUR S. MAGNÚSSON
Segir næstu mánuði bera með sér skemmtileg ferðalög en setur markið ekki á heimsfræð.

kraftsínu, en Haukur segir það þó ekki vera aðalatriðið. „Þetta er aðallega skemmtilegt ferðalag. Hins vegar getur allt gerst og að sjálfsgöðu reynum við að standa okkur eins vel og við getum,“ sagði hann.

Haukur telur boðin vera til komin vegna frammistöðu sveitarinnar á Airwaves. Plata Reykjavíkur!, Glacial Landscapes, Religion, Oppression and Alcohol, gæti þó haft sitt að segja, en fyrsta upplag er nú uppselt hjá útgefanda.

Lindsay sökuð um ritsóðahátt

Ungstirnir Lindsay Lohan vísar gagnrýni um barnalegt málfar og stafsetningu í kveðju til minningar um leikstjóran Robert Altman til föðurhúsanna. Hún segir að stafsetningarvillur skipti ekki máli þar sem kveðjan hafi verið skrifuð frá hjartanu.

Altman lést hinn 20. nóvember síðastliðinn en Lohan lék í síðustu mynd hans A Prairie Home



ROBERT ALTMAN Lohan lék í hans síðustu mynd áður en hann dó.

Companion. Í sinni hinstu kveðju til Altman segir hún að leikstjórninn hafi verið sér næstum jafn náinn og faðir sinn eða afi, en orðar það helst til klaufalega. Blaðamenn vestra hafa gert gys að að leikkonunni og sagt að Altman hefði hlegið hefði hann lesið kveðjuna. Talsmaður Lohan tekur hins vegar upp hans kann fyrir ungstirnir og segir að hún hafi skrifað skilaboðin í lófátölvuna sína nokkrum augnablikum eftir að hún frétti af láti leikstjórans. „Lindsay var miður sín og hágrátandi. Robert Altman var henni mjög nær og þótt hún hafi skrifað eitthvað í mikilli geðshræringu ætti fólk að virða að þetta var skrifað í hjartans einlægni.“



LINDSEY LOHAN Segir stafsetningarvillur ekki skipta máli, bréfið hafi verið einlæg.



FOO FIGHTERS Foo Fighters hefur gefið út tónleikaplötuna Skin and Bones.

Órafmagnaðir í L.A.

Tónleikaplatan Skin and Bones með Foo Fighters er komin út. Platan inniheldur vinsæl lög á borð við Walking After You, My Hero, Times Like These og Everlong í órafmögnum útgáfum. Tónleikarnir voru teknir upp í Los Angeles Pantages Theater í Kaliforníu í ágúst síðastliðnum.

Hljómsveitin var talsvert stærri á tónleikunum en gengur og gerist. Auk Foo Fighters-liðanna Dave Grohl, Taylor Hawkins, Nate Mendel og Chris Shiflett komu

fram Petra Haden (fiöla), Rami Jaffee (hljómborð), Drew Hester (ásláttur) og fyrrum Foo Fighters-gítarleikarinn Pat Smear, sem yfirgaf sveitina árið 1997.

Tónleikarnir koma einnig út á DVD-mynddiski, sem inniheldur fleiri lög og annað aukaeftni.

Foo Fighters hefur haldið tvenna tónleika hér á landi við mjög góðar undirtektir. Þeir síðustu voru í Egilshöll sumarið 2005 þegar þeir tróðu upp með vinum sínum í Queens of the Stone Age.

SÁLL

9. HVER VINNUR!

SENDU SMS JA FSA Á NÚMÉRID 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA!

VINNINGAR ERU MIÐAR FYRIR TVO Á SAW 3 TÖLVULEIKIR, DVD MYNDIR, FULLT AF PEPSI OG MARGT FLEIRA

ego X 977

> Góður sigur hjá Ciudad

Ólafur Stefánsson og félagar í Evrópumeistaraliði Ciudad Real eru komnir með annan fótinn í átta liða úrslit Meistaradeildar Evrópu eftir góðan útsigur á danska liðinu GOG, 33-28, en þetta var fyrri rimma liðanna í sextán liða úrslitunum. Ólafur átti ágætan leik fyrir spænska liðið og skoraði þrjú mörk. Montpellier kom á óvart og lagði Barcelona með þrem mörkum, 28-25.



spor
sport@frettabladid.

EVA MARGRÉT KRISTINSDÓTTIR: ÁTTI AFMÆLI 1. DESEMBER OG STELPURNAR FENGU ÞVÍ AFMÆLISKÖKU

Mamma laumaði afmælisgjöf út til mín

Það er algengt í landsliðsferðum að einhver aðili í hópnum eigi afmæli og að þessu sinni var það Gróttustúlkan Eva Margrét Kristinsdóttir, landsliðskonan í handbolta, sem hélt uppá 21 árs afmæli sitt í Rúmeníu þar sem kvennaliðið er við keppni. „Þetta er í fyrsta sinn sem ég á afmæli í svona ferð. Það er líka svolítið sjaldgæft að við séum að keppa svona seint á árinu,“ sagði Eva Margrét. „Það er frekar fyndið að það er nánast alltaf einhver afmæli í þessum ferðum. Í síðustu ferð átti Sólveig afmæli og þar á undan Rakel,“ sagði Eva Margrét en þetta er eingöngu í annað sinn sem hún er ekki á Íslandi á afmælisdeginum sínum en hún spilaði í Noregi síðasta vetur og var því þar á títugsafmælinu sínu. Í tilefni dagsins var liðinu gefin afmælisbaka sem féll misvel í mannskapinn. Helst var það að stelpurnar kvörtuðu yfir of miklu áfengisbragði og Eva Margrét var alveg sammála því. „Hún var of áfeng fyrir minn smekk.“ Þrátt fyrir að Eva Margrét væri að heiman á afmæli-

inu þá stoppaði það ekki foreldra hennar í að koma gjöf til stelpunnar sinnar. „Mamma laumaði pakka til Íslands og hún lét mig fá hann á afmælisdeginum. Ég fékk i-pod nano, rosalega flottan“ sagði Eva Margrét yfir sig ánægð en það var ekki það eina sem hún fékk. „Ég fékk örugglega hátt í 30 sms þannig að það verður dýrt þegar ég kem heim,“ sagði Eva Margrét og hló. Evu gefst ekki mikill tími til að halda upp á afmælið sitt þegar heim er komið því við tekur stífur prófflestur en Eva Margrét er á fyrsta ári í lögfræði í Háskóla Íslands.

Eva Margrét var ekki á leikskýrslu tvo fyrstu leiki íslenska liðsins í Rúmeníu en sagði þó að hún hafi ekkert verið orðin áhyggjufull að fá ekki að spila. „Maður þarf bara að vera tilbúin þegar kallið kemur,“ sagði Eva Margrét og bætti við að það hafi verið grautfúlt að sitja á áhorfendapöllum og horfa á liðið spila. „Það var sérstaklega fúlt á afmælisdaginn,“ bætti Eva við en íslenska liðið laut í gras gegn Portúgal á afmælisdeginum hennar, sem er líklega ekki sú afmælisgjöf sem Eva hafði óskað sér.



ÍSLAND - ÍTALÍA

ÍSLAND-ÍTALÍA 30-25
Mörk Íslands (skot): Rakel Dögg Bragadóttir 8/4 (9/4), Guðbjörg Guðmannsdóttir 8 (10), Sólveig Lára Kjærnested 6 (11), Ágústa Edda Björnsdóttir 3 (5), Hrafnhildur Skúladóttir 2 (2), Jóna Margrét Kristinsdóttir 2 (4), Harpa Melsted 1 (3).
Varín skot: Berglind Íris Hansdóttir 12/1, Íris Björk Símonardóttir 1/1.
Hraðauppflaup: 9 (Guðbjörg 4, Sólveig 4, Harpa).
Fiskuð viti: 4 (Ragnhildur, Sólveig, Guðbjörg, Eva).
Utan vallar: 6 mínútur.



BEST Í GÆR Eyjastelpa Guðbjörg Guðmannsdóttir var valin maður leiksins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/THI JOVANOVIC

Guðbjörg Guðmannsdóttir: Kom aldrei til greina að tapa

HANDBOLTI Guðbjörg Guðmannsdóttir var valin maður leiksins og hún sagði að það hafi ekki komið til greina að tapa þessum leik. „Við byrjum leikinn mjög illa og mér fannst vanta alla einbeitingu. Við vorum hálfsofandi og það var eins og við værum ekki tilbúnar í verkefni. Svo fórum við inn í hálfleik og það kom ekki annað til greina en að sigra þennan leik og fara með tvo sigra frá þessu móti.“

Guðbjörg sagði að það væri erfitt að benda á eitthvað eitt sem orsakaði andleysi íslenska liðsins í byrjun leiksins. „Við ætluðum okkur að sjálfsgöðu allar að gera okkar besta og vinna en við vorum bara ekki tilbúnar frá byrjun. Þær voru ekki búnar að vinna leik og ætluðu sér eflaust að ná í stig í dag en það kom aldrei til greina að tapa þessu,“ sagði Guðbjörg. - dsd



HVERT ERT ÞÚ AÐ FARA? Harpa Melsted og Hrafnhildur Skúladóttir snúa hér eina ítölsku stelpuna niður í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/THI JOVANOVIC

Öruggur sigur Íslands á Ítalíu

Ísland vann öruggan fimm marka sigur, 30-25, á Ítölum í lokaleik riðilsins í undankeppni HM í handbolta kvennalandsliða. Ísland endaði í þriðja sæti riðilsins og komst ekki áfram á lokakeppni HM.

HANDBOLTI Íslenska kvennalandsliðið í handbolta bar í gær sigurorð á Ítölum, 30-25. Leikur íslenska liðsins var langt undir meðallagi í fyrri hálfleik og Ítalir höfðu yfir í leikhléi, 12-14. Það kom þó ekki að sök og leikur liðsins í síðari hálfleik var góður og þegar upp var staðið var sigurinn öruggur.

Íslenska liðið var lengi í gang í gær og engu líkara en að liðið liti á það sem hálfgeft skylduverkefni að mæta í íþróttahúsið í Valcea. Það var ótrúlegt andleysi yfir leik liðsins í byrjun og ítalska liðið gekk á lagið.

Þegar átta mínútur voru liðnar af leiknum og í stöðunni 2-6 sá Júlíus Jónasson þjálfari þann kost vænstan að taka leikhlé enda ekkert vit í leik íslenska liðsins og hugarfar leikmanna augljóslega ekki rétt. Það virtist hafa góð áhrif



TAKK FYRIR STUÐNINGINN Stelpurnar klappa hér fyrir áhorfendum.

á stelpurnar okkar því hægt og bítandi minnkaði forskot þeirra ítölsku. Eitthvað gekk þó illa að jafna metin, þrátt fyrir góð tækifæri, því ítalska liðið hélt yfirhendinni út fyrri hálfleikinn og leiddi þegar flautað var til leikhlés, 12-14.

Greinilegt var að Júlíus, þjálfari íslenska liðsins, var allt annað en sáttur við spilamennsku liðsins enda fáar stelpur að spila af eðlilegri getu í fyrri hálfleik og margt sem þurfti að laga, bæði í sóknar- og varnarleik íslenska liðsins, ef ekki ætti illa að fara í þeim síðari.

Ef hægt er að segja að fyrri hálfleikur hafi verið eins og svart þá var síðari hálfleikurinn eins og hvítt. Það var engu líkara en að allt annað íslenskt lið væri inni á vellinum í síðari hálfleik en í þeim fyrri. Loksins sást barátta í íslenska liðinu og liðið var að spila skínandi góðan varnarleik.

Íslensku stelpurnar voru ekki lengi að jafna metin í 14-14 og þær komust svo yfir í fyrsta sinn í leiknum þegar um sjö mínútur voru liðnar af síðari hálfleik, 17-16. Á þessum kafla náði íslenska liðið vel að trufla sóknarleik ítalska liðsins og í kjölfarið fengu okkar stelpur mörg hraðauppflaup þar sem þær Sólveig Lára Kjærnested og Guðbjörg Guðmannsdóttir voru í aðalhlutverku.

Eftir að íslenska liðið komst yfir var aldrei spurning hvorum megin sigurinn endaði en lokatölur urðu 30-25. Íslenska liðið sýndi það og sannaði í síðari hálfleik-



KOMIN Í GEGN Stjörnuhlukan Rakel Dögg Bragadóttir er hér búin að þrjúna sig í gegnum ítölsku vörnina í gær og skorar eitt af átta mörkum sínum í leiknum.

FRÉTTABLAÐIÐ/THI JOVANOVIC

um að það er mun betra en það ítalska og ef stelpurnar okkar hefðu spilað af sama krafti í fyrri hálfleik og þær gerðu í þeim síðari þá hefði munurinn í lokin eflaust orðið stærri en raunin varð.



FORKEPPNI HM
DAGUR SVEINN DAGBIARTSSON
skrifar frá Rúmeníu
dagur@frettabladid.is

Júlíus Jónasson landsliðsþjálfari var ekki fyllilega sáttur þrátt fyrir sigur síns liðs gegn Ítalíu:

Fyrri hálfleikur slakur en síðari mun betri

HANDBOLTI Þrátt fyrir sigurinn var Júlíus Jónasson, þjálfari íslenska liðsins, ekkert alltof sáttur í leiklok. „Ég fór yfir það fyrir leikinn að það er oft erfitt þegar komið er

í síðasta leikinn að slaka ekki á og fara að hugsa um eitthvað annað en þetta verkefni, sérstaklega þegar mótherjinn er lakari en við á pappírnum. Þær voru hins

vegar ekkert lakari en við, þær voru betri en við í fyrri hálfleik.

Þetta er bara atriði um viljann og hugarfarið. Allt sem við gerðum í fyrri hálfleik var illa gert. Þetta var svo allt annað í síðari hálfleik. Við stóðum hins vegar í vörn mikinn hluta af síðari hálfleiknum og ítalska liðið fékk að spila mjög mikið, sem er oft þegar svona er.

Við stóðum hins vegar vörnina mjög vel í síðari hálfleik. Við vorum að prófa ýmsar útfærslur af vörn í fyrri hálfleik og það gekk ekkert, það er spurning um hugarfarið,“ sagði Júlíus og bætti við að hann væri ekkert yfir sig ánægður með síðari hálfleikinn.

„Ég er svona þokkalega ánægður með hann. Ég er samt ekkert 100% ánægður en ég held að það liggja bara í því að skoðun mín núna er svolítið lituð frá fyrri hálfleiknum.“

Íslenska liðið endaði í þriðja sæti riðilsins og Júlíus sagði að það væri ekki ásættanlegt því liðið hefði farið til Rúmeníu með það að markmiði að vinna alla leikina.

- dsd



VARNARMÚR Íslenska vörnin stóð vaktina vel lengstum í leiknum í gær og það var enginn hæðarleikur fyrir þær ítölsku að koma boltanum fram hjá þessum múr.

FRÉTTABLAÐIÐ/THI JOVANOVIC



JÚLÍUS JÓNASSON Þokkalega sáttur við leikinn í gær.



HRAFNHILDUR SKÚLADÓTTIR Gefur hér línusendingu í leiknum.



FAGNAÐ Á BEKKNUM Henry fagnar 3-0 sigri Arsenal á Tottenham um helgina. NORDIC PHOTOS/AFP

Wenger og Henry rifust:
Wenger þögull

FÓTBOLTI Breskir fjölmiðlar sögðu frá því í gær að Arsene Wenger, stjóri Arsenal, og Thierry Henry, fyrirlíði liðsins, hafi rifist á æfingu á föstudag með þeim afleiðingum að sá síðarnefndi lét sig hverfa. Mun hann hafa brugðist illa við því að Wenger valdi hann ekki í hópinn gegn Tottenham.

Henry hefur átt við meiðsli að stríða og Wenger vildi meina að hann væri ekki tilbúinn. „Hann er þreyttur og þarf að ná sér að fullu. Hann getur ekki bara labbað beint inn í liðið aftur,“ sagði Wenger en vildi ekki staðfesta áður greint rifrildi.

Sjálfur sagði Henry að hann hefði orðið fyrir vonbrigðum með að missa af Tottenham-leiknum. Hann gæti einnig misst af leik Arsenal gegn Chelsea á sunnudag. - esá

NM í sundi unglínga:
Tvenn silfurverðlaun í gær

SUND Í gær unnu íslenskir sundmenn tvenn silfurverðlaun á Norðurlandamóti ungmenna sem fram fór í Tampere í Finnlandi. Bæði verðlaun komu í 100 m skriðsundi en þau unnu Hrafnhildur Skúladóttir og Guðni Emilsson. Sá síðarnefndi bætti piltametið í greininni.

Á laugardag unnu íslensku keppendurnir til fernra verðlauna. Guðni vann tvenn, silfur í 50 m bringusundi og brons í 200 m bringusundi. Hrafnhildur vann brons í 50 m bringusundi og Rakel Gunnlaugsdóttir brons í 200 m bringusundi. - esá



HENRIK LARSSON Hefur gott upp úr því að leika með Man. Utd.

Henrik Larsson hjá United:
Fær 167 milljónir í laun

FÓTBOLTI Henrik Larsson verður ekki í neinni sjálfboðavinnu þá þrjá mánuði sem hann verður hjá Manchester United í vetur. Larsson, sem er á mála hjá Helsingborg í Svíþjóð, mun fá í laun 167 milljónir króna þennan tíma samkvæmt frétt Mail on Sunday. Það gerir um 56 milljónir á mánuði eða tæpar tvær milljónir á dag.

„Þetta er draumatækifæri fyrir mig. Ég bara gat ekki hafnað þessu boði,“ sagði Larsson þegar lánsamningurinn var kynntur. Hann verður launahæsti leikmaður United þessar vikur. - esá

Enski landsliðsþjálfarinn tjáir sig um Steven Gerrard:

Á að leika á miðjunni

FÓTBOLTI Enski landsliðsþjálfarinn Steve McClaren er á því að best sé að nota fyrirlíða Liverpool, Steven Gerrard, á miðri miðjunni en bæði enska landsliðið og Liverpool hafa verið að nota hann á miðjunni sem og á hægri kantinum. Mikið hefur verið rifist um hvar sé best að láta Gerrard spila en flestir hallast að því í dag að hann sé bestur á miðjunni.

„Þið sáuð í landsleiknum gegn Hollandi að ég reyndi að spila með Gerrard, Lampard og Carrick þétt saman á miðjunni. Með því fékk Stevie ákveðið frjálstræði sem er honum svo mikilvægt. Hann verður að geta hlaupið frjálst inn á síð-

asta þriðjung vallarins eins og hann gerði gegn Wigan,“ sagði McClaren.

„Bæði Stevie og Frank vilja sækja fram á við og báðir sækja líka mikið í boltann. Það gerir Carrick reyndar líka. Það þarf að ná jafnvægi. Passa að menn séu ekki of þétt og heldur ekki of mikið úti á vængjunum. Svo þarf að spila á styrkleika leikmanna og styrkleiki Stevies er að keyra fram,“ sagði McClaren.

Það er áhugavert að heyra McClaren segja þetta því hann hefur alltaf spilað með Gerrard út á vængnum þar sem hann á að leysa hlutverk Beckham. - hbg



STEVEN GERRARD Hefur leikið vel á miðjunni og færst vilja sjá hann úti á hægri vængnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

ÍSLENSKAR SKÁLDSÖGUR

ÁHRIFAMIKIL SKÁLDSAGA SEM HELDUR LESANDANUM Í HELJARGREIPUM

★★★★ „Frábærlega skrifuð og áleitín saga ...“

– Fréttablaðið, 21. nóvember 2006

„Gaddavír er látlaus, hefðbundin, vel skrifuð skáldsaga sem gefur tilefni til þess að velta fyrir sér mannlegu eðli... Í stærra samhengi og táknsögulega fjallar Gaddavír um erfðasyndina, þjáningu, jafnvel pislarvætti.“

– Morgunblaðið, 3. nóvember 2006



STEINAR BRAGI

HIÐ STÓRFENGLEGA LEYNDARMÁL HEIMSINS

EINKASPÆJARINN STEINN STEINARR OG AÐSTOÐARMÆÐUR HANS MUGGUR RANNSAKA ÆSILEGT MORÐMÁL Á SKEMMTIFERÐASKIPI

„... magnað hvernig honum tekst að gæla við margnotað glæpasagnaform, en endurnýja það jafnframt gjörsamlega og með brakandi ferskum hætti.“

– Morgunblaðið, 25. nóvember 2006



HIN ÍSLENSKA TRAINSPOTTING

50 GRÖMM AF ÓDRÝGÐU KÓKAÍNI HVERFA Í PARTÍI Í REYKJAVÍK. ELTINGARLEIKUR UPP Á LÍF OG DAUÐA.

„Bráðskemmtileg bók sem heldur finu jafnvægi milli tilgerðarleysis og húmors.“

– Morgunblaðið, 3. nóvember 2006

★★★★ „... samtímasaga í húð og hár ... svínvirkar í núinu.“

– Fréttablaðið, 13. nóvember 2006



ÞAÐ ÆTTI AÐ SETJA ÞIG A HEIMSMINJASKRÁ

„Það er nautn að lesa textann og sagan er í senn myndin, írónísk, persónuleg, káttrosleg, ljúfsár og melankólísk.“

– Morgunblaðið, 3. nóvember 2006

★★★★★ „Skemmtilegur texti og furðulegur.“

– Fréttablaðið, 5. nóvember 2006

„Rosalega vel skrifuð ...“

– Kastljós, 20. nóvember 2006



ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

Enska úrvalsdeildin:

EVERTON-WEST HAM 2-0
1-0 Leon Osman (52.), 2-0 James Vaughan (90.).

STABA EFSTU OG NEDSTU LIÐA:

| | | | | | | |
|-------------|----|----|---|----|-------|----|
| MAN. UNITED | 16 | 13 | 2 | 1 | 35-8 | 41 |
| CHELSEA | 15 | 11 | 2 | 2 | 25-8 | 35 |
| ARSENAL | 15 | 7 | 4 | 4 | 25-12 | 25 |
| PORTSMOUTH | 16 | 7 | 4 | 5 | 21-14 | 25 |
| LIVERPOOL | 16 | 7 | 4 | 5 | 19-15 | 25 |
| WEST HAM | 15 | 4 | 2 | 9 | 10-18 | 14 |
| NEWCASTLE | 14 | 3 | 4 | 7 | 9-15 | 13 |
| WATFORD | 14 | 1 | 6 | 7 | 10-20 | 9 |
| CHARLTON | 15 | 2 | 3 | 10 | 11-23 | 9 |

Iceland Express deild karla

| | |
|--------------------------|-------|
| HAMAR/SELFOSS-KR | 83-69 |
| NJARÐVÍK-FJÖLNIR | 96-82 |
| TINDASTÖLL-KEFLAVÍK | 83-98 |
| ÞÓR ÞORLÁKSHÖFN-KEFLAVÍK | 80-98 |

Iceland Express deild kv.

HAUKAR-BREIDABLIK 91-60

DHL-deild karla

ÍR-AKUREYRI 34-28
HK-STJARNAN 27-30

Mörk HK (skot): Valdimar Þórssón 11/7 (17/9), Brendan Þorvaldsson 3 (4), Tomas Eitúis 3 (7), Sigurgeir Árni Ægisson 2 (2), Ólafur Bjarki Ragnarsson 2 (3), Brynjar Valsteinsson 2 (4), Árni Björn Þórarinnsson 2 (4), Ragnar Hjaltstedt 2 (5), Gunnar Jónsson 0 (2), Augustas Strazdas 0 (3).

Varín skot: Egidijus Petkevicius 8/1, Hlynur Jóhannsson 7.

Hraðaupphlaup: 1 (Árni).

Fiskuó víti: 9 (Brendan 4, Tomas 2, Augustus, Árni, Ragnar).

Útan vallar: 10 mínútur.

Mörk Stjörnumann (skot): Tite Kalandadze 8/3 (14/5), Elías M. Halldórsson 5 (6), Björn Óli Guðmundsson 5 (9), David Kekelía 4 (4), Gunnar Jóhannsson 4 (6), Volodymir Kysil 2 (3), Guðmundur Guðmundsson 2 (4).

Varín skot: Roland Valur Eradze 19/1.

Hraðaupphlaup: 5 (Gunnar 3, Kysil, Kekelía).

Fiskuó víti: 5 (Kekelía 2, Gunnar 2, Augustus, Björn Óli).

Útan vallar: 12 mínútur.

HAUKAR-FRAM 31-28 (14-17)

Mörk Hauka (skot): Andri Stefan 10 (19), Kári Kristjánsson 6 (9), Guðmundur Pedersen 5 (7), Árni Þór Sigtryggsson 5 (13), Samúel Ívar Arnason 3 (6), Arnar Pétursson 2 (4).

Varín skot: Magnús Sigmundsson 13.

Hraðaupphlaup: 7 (Andri 3, Kári 2, Samúel, Árni).

Fiskuó víti: 0.

Útan vallar: 6 mínútur.

Mörk Fram (skot): Andri Berg Haraldsson 8 (18), Jóhann Gunnar Einarsson 7/2 (9/2), Sigfús Sigfússon 4 (7), Haraldur Þorvaldsson 3 (5), Einar Ingi Hrafnsson 2 (2), Stefán Stefánsson 2 (3), Rúnar Káráson 1 (1), Þorri B. Gunnarsson 1 (4).

Varín skot: Björgvin Páll Gústavsson 15, Magnús Erlendsson 6.

Hraðaupphlaup: 4 (Stefán, Jóhann, Andri, Þorri).

Fiskuó víti: 2 (Haraldur, Rúnar).

Útan vallar: 0 mínútur.

STADAN

| | | | | | | |
|----------|---|---|---|---|---------|----|
| VALUR | 9 | 7 | 0 | 2 | 250:231 | 14 |
| HK | 9 | 6 | 1 | 2 | 237:221 | 13 |
| FRAM | 9 | 5 | 1 | 3 | 271:246 | 11 |
| AKUREYRI | 9 | 4 | 1 | 4 | 244:243 | 9 |
| STJARNAN | 9 | 4 | 0 | 5 | 240:247 | 8 |
| HAUKAR | 9 | 3 | 2 | 4 | 258:268 | 8 |
| FYLKIR | 9 | 2 | 1 | 6 | 240:260 | 5 |
| ÍR | 9 | 2 | 0 | 7 | 250:274 | 4 |

Royal League

1. RIDILL

BRANN-OB 1-1
Ólafur Örn Bjarnason lék allan leikinn fyrir Brann. Kristján Örn Sigurðsson og Ármann Smári Björnsson voru ekki í hópnun hjá Brann.

2. RIDILL

FC KAUPMANNAHÖFN-LILLESTRÖM 0-1
Viktor Bjarki Arnarsson sat allan leikinn á varamannabekk Lilleström.

3. RIDILL

VÄLERENGA-AIK 4-2
Árni Gautur Arason lék ekki með Välerenga vegna meiðsla.

Ítalski boltinn:

| | |
|--|-----|
| CAGLIARI - AC MILAN | 2-2 |
| 0-1 Alberto Gilardino (48.), 1-1 David Suazo (53.), 2-1 Andrea Capone (65.), 2-2 M. Borriello (69.). | |
| FIorentina - Lazio | 1-0 |
| 1-0 Luca Toni (15.). | |
| LIVORNO - CHIEVO | 0-2 |
| TORINO - EMPOLI | 1-0 |
| UDINESE - REGGINA | 1-1 |

STABA EFSTU LIÐA:

| | | | | | | |
|---------|----|----|---|---|-------|----|
| INTER | 14 | 11 | 3 | 0 | 29-14 | 36 |
| AS ROMA | 14 | 10 | 2 | 2 | 32-11 | 32 |
| PALERMO | 14 | 9 | 1 | 4 | 27-18 | 28 |
| LIVORNO | 14 | 5 | 5 | 4 | 15-15 | 20 |
| EMPOLI | 14 | 4 | 7 | 3 | 12-10 | 19 |

Spænski boltinn:

| | |
|--|-----|
| RCD ESPANYOL - SEVILLA FC | 2-1 |
| RCD MALLORCA - CELTA DE VIGO | 2-2 |
| REAL MADRID - ATHLETIC BILBAO | 2-1 |
| Prieto (34) - Ronaldo (65.), Carlos (82.). | |

STABA EFSTU LIÐA:

| | | | | | |
|----------------|----|---|---|-------|----|
| FC BARCELONA13 | 9 | 3 | 1 | 32-11 | 30 |
| REAL MADRID | 13 | 9 | 2 | 24-9 | 29 |
| SEVILLA FC | 13 | 9 | 1 | 32-13 | 28 |
| A. MADRID | 13 | 7 | 3 | 18-9 | 24 |

Eggert Magnússon skemmti sér ekki vel á Goodison Park í gær:

West Ham tapaði gegn Everton

FÓTBOLTI Eggert Magnússon, formaður KSI og tilvonandi stjórnaformaður West Ham, var á meðal áhorfenda á Goodison Park í gær þegar Everton lagði West Ham, 2-0, með mörkum Leon Osman og hins unga James Vaughan.

„Þetta eru ótrúleg úrslit fyrir okkur,“ sagði himinlifandi stjóri Everton, David Moyes. „Ég veit ekki hvernig strákarnir fóru að þessu. Það voru allir að leika úr stöðum en baráttuandinn var til staðar og einhvern veginn tókst strákunum að landa þessum sigri.“

Alan Pardew, stjóri West Ham, var eðlilega ekki eins kátur. „Það

veldur áhyggjum hversu illa okkur gengur að skora. Annars vorum við að spila vel fram að fyrri markinu þeirra. David Moyes bað mig nánast afsökunar í leikslok á að hafa unnið. Carlos Tevez var góður í dag en það myndi hjálpa honum mikið að skora eitt mark,“ sagði Pardew.

- hbg

EFNILEGUR Leikmenn Everton fagna hér hinum unga James Vaughan í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



Haukar gefast ekki upp

Haukar sendu skýr skilaboð með sigri á Íslandsmeisturum Fram í gær. Það er nóg eftir að mótinu og Haukar telja sig eiga góða möguleika spili þeir eins og í gær þegar liðið sýndi gríðarlegan karakter og kom til baka í síðari hálfleik.

HANDBOLTI Haukar hafa ekki sagt sitt síðasta í baráttunni um Íslandsmeistarátitilinn. Það sönnuðu þeir í gær með frábærum sigri á Íslandsmeisturum Fram að Ásvöllum, 31-28, eftir að hafa verið þrem mörkum undir í leikhléi, 14-17.

Fyrri hálfleikur var mjög fjörugur en það voru gestirnir úr Safa-mýrinni sem tóku fljótt forystuna. Hana gátu þeir þakkað massifum varnarleik og skynsömum sóknarleik. Á meðan var sóknarleikur Hauka mjög ráðleysislegur, illa skipulagður og byggðist algjörlega á einstaklingsframtökum. Ef ekki hefði verið fyrir góðan leik Andra Stefan og Kára Kristjánssonar hefðu Framarar líklega klárað rimmuna fyrir hlé.

Síðari hálfleikur byrjaði með miklum látum og allt annað var að sjá til Haukanna sem mættu ákveðin og grimmir til síðari hálfleiks. Barátta þeirra var fljót að skila sér því eftir um fimm mínútna leik voru Haukarnir komnir yfir, 18-17.

Haukar náðu síðan tveggja marka forystu, 20-18, og þá var Guðmundi Guðmundssyni, þjálfara Fram, nóg boðið og hann tók leikhlé enda staðan 6-1 í síðari hálfleik. Haukarnir héldu yfir höndinni þó leikurinn væri hnífjafn.

Ákveðinn vendipunktur varð í leiknum þegar sex mínútur lifðu leiks en þá náðu Haukar þriggja marka forystu, 27-24, með glæsilegu sirkusmarki frá Samúel Arnasyni.

Haukar litu aldrei til baka eftir þetta frábæra mark og fögnuðu



HETJA HAUKA Andri Stefan er allur að koma til í Haukaliðinu og hann dróg vagninn hjá Haukum í gær gegn Fram.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

þeirra var innlegur í leikslok. „Það kom aldrei til greina að tapa þessum leik,“ sagði glöðbeitt hetja Hauka í leikslok, Andri Stefan, en hann dró Haukavagninn frá upphafi til enda. SKorað falleg mörk og lagði upp fjölda annarra marka. „Baráttan er ekkert búin. Við höfum enn trú á við getum orðið meistarar og ef við klárum innbyrðisleikina gegn toppliðunum eigum við möguleika.“

Kári Kristjánsson átti einnig

finan leik og Magnús Sigmundsson varði mikilvæga bolta í markinu. Framarar misstu dampinn í síðari hálfleik og áttu ekkert svar við leikgleði og baráttu heimamanna.

Liðsheildin kom liðinu í fína stöðu í leikhléi en liðsheildin var ekki til staðar í síðari hálfleik og Fram vantaði sárlega einhvern til að leiða liðið á erfiðum tímum í síðari hálfleik en sá einstaklingur fannst ekki.

henry@frettabladid.is

Það var hart barist í Digranesi í gær þegar HK tók á móti nágrönnum sínum úr Garðabæ, Stjörnunni:

Stjarnan náði að stöðva HK-hraðlestina

HANDBOLTI HK-ingum mistókst að endurheimta efsta sæti DHL-deildarinnar í gær er þeir töpuðu, 27-30, fyrir Stjörnunni á heimavelli sínum. Stjarnan hafði forystu frá upphafi til enda og vann mikilvægan og verðskuldaðan sigur.

„Við vissum að rússneski línumaðurinn þeirra væri í banni og það er stórt skarð fyrir þá. Við byrjuðum vel, svo virtust menn aðeins missa dampinn en komu aftur öflugir á lokakafnanum. Við spiluðum fína vörn í þessum leik en ég vil meina að Elli hafi gert gæfumuninn í seinni hálfleik,“ sagði Kristján Halldórsson, þjálfari Stjörnumann, en Elías Már Halldórsson reyndist sínum gömlu félagum erfiður í síðari hálfleiknum og spilaði stórt hlutverk í þessum sigri er hann skoraði fimm mörk.

Stjörnumenn náðu mest sex marka forskoti í fyrri hálfleiknum og höfðu 15-12 forystu í hálfleik. HK kom öflugt inn í seinni hálfleikinn og minnkaði muninn í eitt



TITE KALANDADZE Fann sig vel í gær og þá var ekki að sökum að spyrrja. Stjarnan vann og minnti um leið á sig.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

mark. Stjarnan keyrði þá aftur fram úr, náði fimm marka forskoti og sigraði á endanum með þriggja marka mun. Liðið spilaði öflugan varnarleik og HK-ingar áttu fá ráð. Tite Kalandadze var bestur hjá Garðabæingum og Roland Valur

Eradze átti einnig mjög góðan leik. „Tite var ekki alveg heill en hann var öflugur í byrjun. Það er mikilvægt fyrir okkur að ná að leggja toppliðið á þeirra heimavelli. Við getum glaðst yfir því hvernig staðan er hjá okkur í dag,“

Enski bikarinn:

Arsenal mætir Liverpool

FÓTBOLTI Dregið var í þriðju umferð enska bikarsins í gær og stórleikur umferðarinnar er klárlega viðureign Liverpool og Arsenal sem fram mun fara á Anfield. Man. Utd á erfiðan heimaleik fram undan gegn Aston Villa en Chelsea ætti að fljúga áfram í næstu umferð.

ÁHUGAVERÐIR LEIKIR:

| |
|------------------------|
| Liverpool - Arsenal |
| Man. Utd - Aston Villa |
| Macclesfield - Chelsea |
| Reading - Burnley |
| West Ham - Brighton |
| Leicester - Fulham |



MASSA OG KIMI Verða félagar hjá Ferrari næsta tímabil.

NORDIC PHOTOS/AFP

Felipe Massa hjá Ferrari:

Óhræddur við Räikkönen

FORMULA Felipe Massa, ökuþórinns brasilíski hjá Ferrari, segist óhræddur við samkeppni síns nýja liðsfélaga, Finnans Kimi Räikkönen. Sá síðarnefndi er eftirmaður Michael Schumacher og er þegar talinn líklegur til að hreppa heimsmeistarátitilinn á næsta tímabili.

„Hann er öflugur en ég er sjálfur í góðri stöðu og tilbúinn að gefa allt í botn. Ég er svo sannarlega ekki hræddur við hann,“ sagði Massa í nýlegu viðtali.

- esá

Michael Owen:

Vill spila á þessu tímabili

FÓTBOLTI Michael Owen, framherji Newcastle, vonast til að hann geti jafnað sig af meiðslum sínum nógu snemma að hann geti byrjaði að spila á nýjan leik áður en núverandi tímabili lýkur.

Hann sleit krossbönd í hné í leik gegn Svíum á HM í Þýskalandi í sumar.

„Ég fer í myndatöku um áramótin og vonandi fæ ég góðar fréttir þá. Vonandi get ég byrjað að skokka í febrúar og keyrt þetta áfram eftir það,“ sagði Owen. - esá

sagði Kristján en Pátrekur Jóhannesson, sem hefur ekkert spilað í síðustu leikjum vegna meiðsla, er að jafna sig og kemur aftur inn í næsta leik.

Gunnar Magnússon, aðstoðarþjálfari HK, sagði Stjörnumenn einfaldlega hafa verið betri á öllum sviðum. „Þeir spiluðu frábæra vörn, öfugt við okkur. Við fengum góð færi í fyrri hálfleik en hann Roland hreinlega át þau. Hjá okkur var markvarslan ekkert í líkingu við það sem hún hefur verið,“ sagði Gunnar. Hann sagði sína menn hafi komið rétt stemmda í leikinn og því hafi annað klickað. Lykilmenn liðsins voru langt frá sínu besta en markahæstur hjá heimamönnum var Valdimar Þórssón.

„Menn ætluðu svo sannarlega að ná sigri í þessum leik. Við vorum ekki nægilega sáttir við leikinn gegn Fylki og menn komu vel stemmdir í þetta. Engu að síður voru margir hjá okkur langt frá sínu besta.“

- egm

515 6100 | SYN.IS | VODAFONE

GOTT FOLK McCANN

ÞRIÐJUDAGUR KL. 19:30

BARCELONA BREMEN

MEISTARADEILDIN

KEMST

ELIÐ

ÁFRAMM



ÞRIÐJUDAGUR 5. DES. KL. 19:30

Barcelona - Werder Bremen *Sýn*

Roma - Valencia *Sýn Extra*

Bayern Munchen - Inter Milan *Sýn Extra 2*

MÍÐVIKUDAGUR 6. DES. KL. 19:30

Man. Utd. - Benfica *Sýn*

Porto - Arsenal *Sýn Extra*

AC Milan - Lille *Sýn Extra 2*

Guðni Bergs og Heimir Karls fjalla um
alla leikina í upphitun kl. 19:00 á Sýn.

SÝN
besta sætið

BAKHJARLAR SÝNAR



> Ray Romano

Fæddist 21. desember í Queens hverfinu í New York. Ray er langþekktastur fyrir hlutverk sitt sem Ray í „Everybody Loves Raymond“ sem er á dagskrá SkjásEins í kvöld. Ray hefur einnig leikið í kvikmyndum eins og „Eulogy“ og talað inn á „Ice Age“ teiknimyndirnar.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ **SVAVAR HÁVARÐSSON** SKRIFAR ENDURMINNINGAR SÍNAR

Sjónvarpsþáttur í súrtunnu

Í gömlu kolageymslunni heima á Stöðvarfirði stóð lengi súrtunna. Hún var vaf af selshreifum. Hver átti tunnuna veit enginn fyrir vís, en hún hafði þá náttúru að hana var ekki hægt að tæma. Eg og vinir mínir fengum að heyra sögur af súrtunnunni allt frá unga aldri og um bölvunina sem því fylgdi að heimsækja hana í öðrum tilgangi en að fá sér hreifa. Aldrei fórum við niður að tunnu en vissum um hana fyllti okkur óttablandinni lotningu en einnig stolti að vera hluti af merkri sögu og ríki hefð. Þegar við uxum úr grasi byrjuðum við að drekka brennivín eins og öll börn á Íslandi. Þá kom að því að þabbar okkar sögðu: „Jæja, kunningi. Nú skulum við fara niður að tunnu.“ Eg man ennþá hvernig snjóhvítt og hárlaust brjóst mitt þandist út af stolti þegar ég vissi að nú fengi ég að éta súra selshreifa með honum þabba mínum og öðrum af hans kynslóð, biðinni var lokið. Það rifjast alltaf upp fyrir mér þetta augnablik úr fortíðinni þegar ég reyni að finna eitthvað ætílegt á þeim fjölmörgu sjónvarpsrás- um sem ég hef aðgang að. Maður hefur væntingar; kafar niður í ískalda sýruna og þreifar fyrir sér. Stundum kemur maður upp

með gamlan hreifa og kjötið rennur af beinumum. Það er auðvelt að kyngja en bragðið er ekki eins og manni minnti að það ætti að vera. Annað slagíð kemur hreifi sem greinilegt er að hefur verið of stuttan tíma í tunnunni og maður er fljótur að sleppa honum aftur. Það kemur þó alltaf að því að allt er eins og það á að vera. Þegar kjúkan er brotin er kjötið meyr og gómsætt. En oftar en ekki hefur maður séð þetta áður. Maður endar á því að horfa á eitthvað sem gamalt og gott. Endursýningar eru eins og minningar úr fortíðinni. Sumar ljúfar en aðrar af súrar. Eins og selshreifar.



EKKI MISSA AF



14.35 George Lopez STÖÐ 2



20.00 One Tree Hill SKJÁR EINN



22.25 Ensku Mörkin SJÓNVARPIÐ



23.20 Spaugstofan SJÓNVARPIÐ



19.50 Man. Utd-Watford SKJÁR SPORT

SJÓNVARPIÐ

- 15.40 Helgarsportið
- 16.05 Ensku mörkin
- 17.00 Jóladaatalið - Stjörnustrákur
- 17.10 Leiðarljós
- 17.50 Táknafréttir
- 17.59 Myndasafnið
- 18.00 Fyndin og furðuleg dýr (3:26)
- 18.05 Lubbi læknir (39:52)
- 18.20 Ástfangnar stelpur (1:13)
- 18.45 Jóladaatalið - Stjörnustrákur Ævintýri eftir Sigrúnu Eldjárn. Leikstjóri er Kári Halldór og aðalllutverk leika Guðfinna Rúnarsdóttir, Kristjana Pálsdóttir og Sigurbór Albert Heimisson. e.
- 19.00 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.35 Kastljós
- 20.10 Aldamótabörn (2:4) (Child of Our Time) Breskur heimildamyndaflokkur þar sem fylgst er með nokkrum börnum sem fæddust árið 2000 og fjallað um áhrif erfða og uppeldis á þroska þeirra.
- 21.15 Glæpahneigð (21:22) (Criminal Minds) Bandarísk þáttaröð um sérsvið lögreglumanna sem hefur þann starfa að ryna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Meðal leikenda eru Mandy Patinkin, Thomas Gibson, Lola Glaudini og Shemar Moore.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.25 Ensku mörkin e.
- 23.20 Spaugstofan
- 23.45 Kastljós
- 0.25 Dagskrárlok

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

- 6.00 The Matrix Revolutions (Matrix 3) Bönnuð börnum.
- 8.10 Rugrats Go Wild!
- 10.00 Garage Days (Bílskúrsdagur)
- 12.00 I Capture the Castle (Kastalalíf)
- 14.00 Rugrats Go Wild!
- 16.00 Garage Days (Bílskúrsdagur)
- 18.00 I Capture the Castle (Kastalalíf)
- 20.00 The Matrix Revolutions (Matrix 3) Bönnuð börnum.
- 22.10 Avenging Angelo Bönnuð börnum.
- 0.00 Thirteen (Prettán) Stranglega bönnuð börnum.
- 2.00 The Giraffe Bönnuð börnum.
- 4.00 Avenging Angelo (Angelos hefn) Bönnuð börnum.



SIRKUS TV

- 6.58 Ísland í bitíð
- 9.00 Bold and the Beautiful
- 9.20 Í finu formi 2005
- 9.35 Oprah Spánnýr spjallþáttur með valdamestu og vinsælustu sjónvarpskonu í heimi.
- 10.20 Ísland í bitíð (e)
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.40 Neighbours Þessi ástralska sápuopera hefur verið ein sú vinsælasta í heiminum í aldarfjórðung enda engin lognmolla hjá fjölskyldunum í Ramsay-götu.
- 13.05 Valentína
- 13.50 Sisters
- 14.35 George Lopez (20:24)
- 15.00 Listen Up (4:22)
- 15.25 Ljónagrín
- 15.50 Tvíburasysturnar (1:22)
- 16.13 Skrímslaspilið (31:49)
- 16.38 Títeuf
- 17.03 Smá skritnir foreldrar
- 17.28 Bold and the Beautiful
- 17.53 Neighbours
- 18.18 Íþróttir og veður.
- 18.30 Fréttir, íþróttir og veður Fréttir, íþróttir og veður frá fréttastofu NFS í samtengdri og opinni dagskrá Stöðvar 2 og Sirkuss.
- 19.00 Ísland í dag
- 19.40 Jamie Oliver - með sínu nefi (9:26) (Oliver's Twist) Ný og fersk þáttaröð með vinsælasta sjónvarpskokki í heimi, Jamie Oliver, í essinu sínu.
- 20.05 Extreme Makeover: Home Edition (20:25)
- 20.50 The Curse of King Tut's Tomb (Bölvun Tútankamons) Framhaldsmynd í tveimur hlutum sem er í anda gömlu þrjú bíó ævintýramyndanna og jafnvel enn frekar Indiana Jones myndanna vinsælu.
- 22.20 Grey's Anatomy (4:22) (Læknalíf)
- 23.05 Prison Break (7:22) (Bönnuð börnum)
- 1.25 NCIS (21:24) (Bönnuð börnum)
- 2.10 The Inside (13:13) (Stranglega bönnuð börnum)
- 2.55 Grey's Anatomy (4:22)
- 3.40 Ísland í bitíð. e.
- 5.15 Fréttir og Ísland í dag
- 6.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi
- 18.00 Insider (e)
- 18.30 Fréttir NFS
- 19.00 Ísland í dag
- 19.30 Seinfeld Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
- 20.00 Entertainment Tonight í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur. Nýjum fréttum af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppkomum sem gerast í bransanum eru gerð góð skil í þessum frægu þáttum.
- 20.30 My Name is Earl (e) Sirkus endursýnir þessa vinsælu þætti sem hafa slegið í gegn út um heim allan.
- 21.00 Tekinn Skemmtikrafturinn og sjónvarpsstjarnan Auðunn Blöndal stjórnar þættinum Tekinn, þætti sem er í anda Punk d með Ashton Kutcher.
- 21.30 So You Think You Can Dance 2 Dansinn hefst á ný ... Frá framleiðendum American Idol kemur raunveruleikabátturinn So You Think You Can Dance þar sem leitað er að besta dansara Bandaríkjanna. Dómaramír ferðast víða um Bandaríkin en aðeins þeir fimmtíu bestu fá að fara til Hollywood þar sem niðurskurðurinn heldur áfram.
- 22.20 Weeds (8:12) (e) Önnur serían um húsmóðurina Nancy sem er einn heitasti eiturlyfjasalinn í úthverfum Los Angeles borgar. Eftir að eiginmaður hennar deyr snögglega lendir Nancy í miklum fjárhagsöruggleikum.
- 22.50 Insider Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli. Og þar er enginn með betri sambönd en The Insider. Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjórnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bak við heitasta slúðrið í Hollywood.
- 23.15 24 (23:24) (e)
- 0.00 Seinfeld
- 0.25 Entertainment Tonight e.
- 0.50 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

- 7.00 6 til sjó (e)
- 8.00 Rachael Ray (e)
- 8.50 Venni Páer - NÝTT! (e)
- 15.30 What I Like About You e.
- 15.55 Game tívi (e)
- 16.20 Beverly Hills 90210
- 17.05 Rachael Ray
- 18.00 6 til sjó
- 19.00 Everybody Loves Raymond (e)
- 19.30 Just Deal Bandarísk unglingasería um þrjú ólíka vini. Dylan er fjórugur fótballstrákur og yngri bróðir helstu íþrúttastjórna skólans, Jemaine er gáfnaljó sem stefnir á að komast í Harvard-háskóla og Ash er nýja stelpa í hverfinu.
- 20.00 One Tree Hill Bandarísk unglingasería þar sem húnur, dramatík og bullandi rómantík fara saman. Nathan fær óvænt tíðindi og það dregur til tíðinda hjá Payton og Derek.
- 21.00 Survivor: Cook Islands Raunveruleikaséría sem nú fer fram í þrettánda sinn. Að þessu sinni fer keppnir fram á Cook Islands í Kyrrahafi þar sem keppendur þurfa að þrúka við erfiðar aðstæður og takast á við skemmtilegar þrautir. Nú eru bara átta keppendur eftir og spennan magnast. Engum er treystandi og ýmislegt á eftir að koma á óvart.
- 22.00 Law & Order Bandarískur þáttur um stórf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. Verðbréfasali er myrtur og böndin berast að tengdamóður hans, sem er stórt nafn á snyrtivörumarkaðnum og gerir allt til að vernda ímynd fyrirtækis síns.
- 22.50 Everybody Loves Raymond
- 23.20 Jay Leno
- 0.05 C.S.I.: New York (e)
- 1.05 Casino (e)
- 1.55 Beverly Hills 90210 (e)
- 2.40 Óstöðvandi tónlist

SKJÁR SPORT

- 14.00 Reading - Bolton (frá 2. des)
- 16.00 Middlesbrough - Man. Utd. (frá 2. des)
- 18.00 Þrumuskot
- 19.00 Ítölsku mörkin
- 19.50 Man. City - Watford (b)
- 22.00 Að leiklokum (e)
- 23.00 Ítölsku mörkin (e)
- 0.00 Everton - West Ham (frá 3. des)



Stærsta og flottasta fiskborð landsins

Glæný Línuýsa 890 kr.
Lúðusneiðar 1680 kr.
Laxaflök 1380 kr.
Saltaðar kinnar 690 kr.
Sigín Grásleppa 1180 kr.

Stór humar
Hörpuskel
Risærækjur
Túnfisksteikur
Porskhnaðar
Heitreykta Ýsa

HVAÐ KOSTAR FISKURINN ÞAR SEM ÞÚ VERSLAR?

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnóðarvogi 44, sími 588 8686
Opíð alla laugardaga 11-14

Í KVÖLD

Sirkus kl. 21:

TEKINN

Enginn Íslendingur sem talist getur frægur er óhultur þar sem Auðunn Blöndal er nálægur. Í þættinum Tekinn bregður Auði á leik og leggur lúmskar gildir fyrir góðkunna Íslendinga. Í þætti kvöldsins er komið að nýjustu stjórnun okkar, sjálfum Nylon-flokknum, en Auði notaði tækifærið fyrir skemmstu er þær voru í stuttu stoppi hér á landi og plataði þær upp úr skónum. Í Tekinn fetar Auði í fótspor kollega síns Ashton Kutcher, sem hefur verið upptekinn við að hrekja Hollywood-stjórnurnar í þættinum Punk'd en þess má geta að sýningar á þeim þætti hefjast á ný á Stöð 2 í janúar.



► **VIÐ MÆLUM MED „Law & order“ Á SKJÁ EINUM Í KVÖLD KL. 22.**

Law & Order klikka aldrei. Í þættinum í kvöld er verðbréfasali myrtur og öll bönd beinast að tengdamóður hans sem er stórt nafn í snyrtivörubransanum í New York. Margverðlaunaður spennumyndapáttur sem hefur hlotið lof áhorfenda og gagnrýnenda þar sem hann er sýndur. Með aðalhlutverk fara Jerry Orbach, Jesse L. Martin og Sam Waterstone.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

| | | | |
|----------------------------------|----------------------------------|----------------------------------|--|
| 6.45 Veðurfregni | 6.50 Bæn | 7.00 Fréttir | 16.13 Hlaupanótan |
| 7.05 Morgunvaktin | 8.00 Fréttir | 9.00 Fréttir | 17.00 Fréttir |
| 9.05 Laufskálinn | 9.45 Morgunleikfimi | 17.03 Viðsjá | 18.00 Kvöldfréttir |
| 10.00 Fréttir | 10.03 Veðurfregni | 10.13 Stefnunót | 11.00 Fréttir |
| 11.03 Samfélagið í nærmynd | 12.03 Hádegisútlarp | 12.20 Hádegisfréttir | 12.45 Veðurfregni |
| 12.50 Dánarfregni og auglýsingar | 13.00 Vitt og breitt | 14.00 Fréttir | 14.03 Útlarpssagan: Bréf til Brands |
| 14.30 Miðdegistónar | 15.00 Fréttir | 15.03 Krossgötur | 16.00 Fréttir |
| 16.10 Veðurfregni | 16.13 Hlaupanótan | 17.00 Fréttir | 17.03 Viðsjá |
| | 18.00 Kvöldfréttir | 18.24 Auglýsingar | 18.25 Spegillinn |
| | 18.50 Dánarfregni og auglýsingar | 19.00 Vitinn | 19.30 Laufskálinn |
| | 20.10 Söngvamáll | 21.00 Heimurinn okkar | 21.55 Orð kvöldsins |
| | 22.00 Fréttir | 22.10 Veðurfregni | 22.15 Úr tónlistarlífinu: Kammertónleikar á Kirkjubæjarklaustri 2006 |
| | 0.00 Fréttir | 0.10 Útlarpáð á samtengdum rásum | |

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ID / Enginn viðbjóður

SYN

17.05 Spænski boltinn

18.45 NFL - ameríska ruðningsdeildin (New York Giants - Dallas) Útsending frá leik í NFL-deildinni í ruðningi.

20.45 Sterkast maður í heimi 2005

(World's Strongest Man 2005) Keppnin um sterkasta mann heims er ávallt skemmtileg. Mótið fór fram í Kína í nóvember á síðasta ári. Íslendingar áttu fulltrúa á þessu móti en það var hinn nautsterki Boris Haraldsson.

21.15 Spænsku mörkin Ítarleg umfjöllun um síðustu umferð í spænska boltanum. Mörkin úr öllum leikjum umferðarinnar, tilþrífir og umdeildu atvikin.

22.00 Ensku mörkin Farið yfir allt það helsta sem gerðist í liðinni umferð í ensku 1. deildinni í knattspyrnu. Mörg félaganna í deildinni eru með íslenska leikmenn á sínum snærum og því kærkomið að fá tækifæri til þess að fylgjast með tilþrífum þeirra í hverri einustu umferð.

22.30 KF Nörd (14:15) (KF Nörd) Í þessum næstsiðasta þætti um Nördana verður fylgst með þeim í undirbúningi sínum fyrir leikinn stóra gegn Íslandsmeisturum FH. Jafnframt verður litið yfir farinn veg og Nördamir fá vísindalegar niðurstöður varðandi bætt líkamsástand sitt. Þá fá þeir tækifæri til þess að mæta liði að nýju sem þeir töpuðu stórt fyrir í upphafi þessa ævintýris.

23.15 Heimsmótaröðin í Póker

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.

21.00 Einbýlishús Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

22.00 Fjölbýli og hæðir Litlar og meðalstórar eignir sýndar.

23.00 Nýjar eignir e.

0.00 SMS eignir Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms skilaboð.

DR 1

11.40 Debatten 12.20 Udefra: Det politiske drivhus 13.20 Mysteriet om Danmark Ekspeditionen 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med vejret 14.10 Dawsons Creek 15.00 Hjerteflimmer 15.30 Boogie Update 16.00 Landulven og byulven 16.05 Yu-Gi-Oh! 16.30 Troldspejlet 17.00 Den hvide sten 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.55 Dagens Danmark 18.25 TV Avisen 18.30 Genbrugsguld 19.00 Med Kløvedal på rejse langs Grønlands vestkyst 20.00 TV Avisen 20.25 Horisont 20.50 SportNyt 21.00 Hun så et mord 22.25 Kongeligt bedrag 23.15 Viden om 23.45 Boogie Update

NRK1

11.55 Tom og Jerry 12.00 Siste nytt 12.05 Schrödingers katt 12.30 Arbeidsliv 13.00 Siste nytt 13.05 Norge rundt 13.30 Åpen himmel: Gudstjeneste i Storsalen menighet i Oslo 14.00 Siste nytt 14.05 Jan tar regien 14.30 Den blåsendens hemmelighet 15.00 Siste nytt 15.03 Nådlanding 15.30 Ekspedisjon årken 16.00 Siste nytt 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 Tid for tegn 16.40 Minid-TV - Samisk barne-tv 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Harry med båtta full av dinosaurer 17.10 Gubben og Katten 17.25 Vennene på Solflekken 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Puls 18.55 Faktor: Petter Northug - tåff i skallen 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.30 Dok1: Et liv med hiv 21.30 Smith og Jones: godt og blandet 22.00 Kveldsnytt 22.10 Store Studio 22.50 Detektimen: Poirot: Kom til meg, død

SVT 1

11.05 Agenda 12.00 Sportspegeln 12.50 Gösta Berlings saga 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Garage - Ålska film! 16.30 Krokodill 17.00 Små Einsteins 17.30 Zoé Kézako 17.45 Klister 18.00 Lilla sportspegeln 18.30 Rapport 19.00 Mästerverket 20.00 Plus 20.30 Kobra 21.00 Supernatural 21.45 Rapport 21.55 Kulturyhetema 22.05 Bingo Royale 22.50 Humorlabbet 23.20 Sändning från SVT24



Styrktu stöðu þína á vinnumarkaði

NÁM SAMHLIÐA STARFI

Mannauðsstjórnun

hefst 31. jan.

Þriggja missera nám tilvalið fyrir þá sem vilja auka menntun sína án þess að láta tímabundið af störfum. Námið er ætlað þeim sem starfa á sviði starfsmannamála og vilja auka þekkingu sína á viðfangsefninu en nýttist einnig vel þeim sem huga að nýjum starfsvettvangi.

Rekstrar- og viðskiptanám

hefst 22. jan.

Þriggja anna nám haldið í samvinnu við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. Það er kjörið fyrir þá sem hafa hug á að ljúka námi í viðskiptafræðum en kjósa að taka hluta námsins samhliða starfi. Námið er metnaðarfullt og hagnýtt sem gerir þig að eftirsóttum starfskrafti.

Nokkur sæti laus

Tekið við umsóknum til 5. desember

MEISTARASTIGSNÁMSKEIÐ

Umsóknarfrestur fyrir meistarastrígnámskeið rennur út 5. desember

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning:

sími 525 4444
endurmenntun.is



Land Rover veisla



43 % afsláttur.

Notaðir 2005 Discovery V8 HSE

Eigendaferill: Einn eigandi frá upphafi, Land Rover Europe.

Akstur: Um 20 Þús. km.

Ástand: Bílarnir hafa verið teknir aftur inn til framleiðanda og uppfærðir eins og 2006 model og yfirfarnir.

Vél: 4,4 L i V8 Bensín vél. 299 hö.

Drif: Sídrif með spólvörn og stöðugleikakerfi. ("Electronic Traction Control" = ETC).Hátt og lágt drif. Læst drif að aftan.

Bremsur: ABS bremsukerfi og ("Electronic brake distribution" = EBD).

Búnaður: Sjálfskiptur 6 þrepa með "Commant Shift", "19 álfelgur, aksturstölv, armpúði, álfelgur, bakkskynjari, fjarstýrðar samlæsingar, geislaspilari, hraðastillir, höfuðpúðar aftan, innspýting, kastarar, leðuráklæði, litað gler, líknabelgir, loftkæling, loftpúðafjöðrun, minni í sætum, rafdrifin sæti, rafdrifnar rúður, rafdrifnir speglar, útvarp, veltistýri, vökvastýri, svört leðurinnrétting, sjálfskipting: 6 þrepa "Adaptive", "Electronic Brake Assisst", "Dynamic stability Control" = stöðugleikakerfi, leðurstýri og girhnúi, aðalljósasprautur, regnskynjari, "Electrocromic" speglar, ofl.ofl

AUKALEGA Í ÞESSUM BÍL UMFRAM STADALBÚNAÐ: Rafknúin glertopplúga, auka loftkæling aftani, "Metalic" lakk, leiðsögubúnaður með snerti skjá, læst drif að aftan, varadekk í fullri stærð með álfelgu, rafknúinir aðfellanlegir útispeglar, 7 sæti með auka líknabelgjum fyrir þriðju sætaröð, lesljós fyrir 3. sætaröð, dökkritað gler ("Privacy Glass"), "Adaptive" Bi-Xenon aðalljós, fjarlægðarskynjari að framan, "Cold Climate" pakki = hiti í sætum frammi og afturi + hiti í framrúðu + hiti í rúðuspraututúðum, "Premium Ice" pakki = Harman/Kardon Logic 7 hljómgræjur með 13 hátölurum + bassaboxi + "DSP" = engin truflun frá aðalljósum + heyrnartól aftani loftnet í hlíðarglugga aftan + fjarstýring + 6 diska CD í mælaborði + aðgerðarhnappar í stýri.

Aukahlutir eru að verðmæti um 2 milljónir.

Eyðsla: Uppgefið af Land Rover:

Utanbæjar 12,1 L /100 km.

Innanbæjar 20,9 L/100 km.

Blandaður akstur 15,0 L/100 km.

Litir: Silfur að utan. Svart leður að innan.

Ábyrgð: Tveggja ára verksmiðjuábyrgð.

Listaverð: Listaverð á nýjum bíl með þessum búnaði er um 10 milljónir.

Afsláttur fyrir 20 þús. km. akstur 43% eða um 4.250 þúsund.

Okkar verð: 5.750 þúsund.



Ódýrasti sjálfskipti dísel jeppinn á markaðinum.*

*skv. könnun á heimasíðum seljenda þann 1. nóv. 2006

Nýir 2006 Freelander TD4 Summit.

Vél: 2,0 i "Common – Rail" Turbo dísel, 112 hö., 260 Nm tog.

Drif: Sídrif með spólvörn og stöðugleikakerfi. ("Electronic Traction Control" = ETC)

Bremsur: ABS bremsukerfi og ("Electronic brake distribution" = EBD).

Búnaður: Sjálfskiptur 5 þrepa með "Commant Shift", vökvastýri, "16 álfelgur, leður og alcantara innrétting, litað gler, rafknúnar rúður, rafknúinir upphitaðir og aðfellanlegir útispeglar, loftkæling, hiti í framsætum, bakkskynjari, kastarar, líknabelgir, fjarstýrðar samlæsingar, þakbogar. "Metalic" lakk.

Hljómgræjur: Útvarp, CD spilari og 6 diska CD magasín.

Eyðsla: Uppgefið af Land Rover:

Utanbæjar 7,1 L/100 km.

Innanbæjar 11,3 L /100 km.

Blandaður akstur 8,6 L/100 km.

Litir: Dökkgrænn, ljósgrænn, dökkgrár, milligrár og silfur.


Ábyrgð: Tveggja ára verksmiðjuábyrgð.

Listaverð: Listaverð með þessum búnaði er um 4.500 þúsund.

Afsláttur: 1 milljón.

Okkar verð: 3.490 þúsund.

Með glertopplúgu: 3.590 þúsund.



www.sparibill.is

Skúlagötu 17 · Sími: 577 3344



BAKÞANKAR

PRÁINS BERTELSSONAR

Í heimi töluorða

Manneskjur finna til samkenndar með öðrum manneskjum. Fólk vill að öðru fólki líði vel. Að minnsta kosti ekki illa. Heilbrigðar manneskjur fyllast samkennd og löngun til að hjálpa þegar þær fréttu af því að aðrar manneskjur búi við hungur, ótta, sjúkdóma, eða eigi sér hvergi athvarf. Maður finnur fyrir vanmáttarkennd og jafnvel reiði þegar maður heyrir að annað fólk týni lífinu af völdum einhverrar ógæfu og ennþá sárari verður vanmáttarkenndin og gremjan ef maður veit að það hefði verið í mannlegu valdi af afstýra ógæfunni. Verst af öllu er þó að fréttu af því þegar manneskjur láta lífið af manna völdum. Einstök morð vekja óhug og mann hryllir við kerfisbundnum fjöldamorðum eins og styrjöldum.

FJÖLMIDLAR segja okkur hvað er að gerast í þeim hluta veraldarinnar sem er utan okkar daglega sjóndeildarhrings sem mestan part takmarkast af veggjum heimilis, vinnustaðar og bifreiðar. Það er ekki hægt að segja frá öllu sem gerist og smátt og smátt hefur reynslan af framboði og eftirspurn eftir upplýsingum mótað frásagnarform, örsögur sem við köllum fréttir.

EINS OG öll önnur tjáningarform þróast fréttin og breytist eftir því sem tímar líða. Framfarir í samgöngum og fjarskiptum, aukid framboð, samkeppni um athygli hafa gert fréttiformið knappara. Það er ekkert pláss fyrir útlúr, eða málalengingar. Aðeins kaldhamraðar staðreyndir. Tilfinningahlaðin lýsingarorð eru útlæg úr fréttum. Tímar "sorglegra" atburða eru liðnir. Hlutlæg töluorð hafa tekið völdin. Upplýsingar í stað tilfinninga.

UM daginn var ein fréttin svohljóðandi: "37 létust í Bagdad". Mér þótti talan lág miðað við það sem á undan var gengið. "Lækkun um 60 frá meðaltali," hugsaði ég. "Frábært."

SVONA er heimur nýtísku fréttu, heimur töluorðanna miklu snyrtilegri en hinn blóðugi heimur lýsingarorða þar sem sundurtætt lík og líkamsleifar friðsamra borgara, kvenna og barna liggja á rykugum götum fornar menningarborgar. Töluorð eru handa höfðinu, lýsingarorð handa hjartanu. Af hverju að velja á milli? Reynslan hefur kennt mér að hugsa með hvoru tveggja.



BÍLL SEM SPLÆSIR!

Þegar þú kaupir nýjan bíl færðu í kaupbæti **100.000 króna gjafakort** frá Smáralind. Tilboðið gildir á öllum nýjum bílum frá Ingvari Helgasyni. Láttu bilinn kaupa jólagjafirnar í ár!



| NISSAN MICRA | NISSAN PRIMASTAR | NISSAN X-TRAIL | NISSAN PATHFINDER | NISSAN PATROL |
|--------------------|--------------------|--|--------------------|--------------------|
| | | | | |
| Verð frá 1.590.000 | Verð frá 2.190.000 | Verð frá 2.890.000 Aukahlutapakkni frá Arctic Trucke með 50% afbætti | Verð frá 4.170.000 | Verð frá 4.590.000 |



Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opíð: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

SHARP

Í FREMSTU RÖÐ FRUMKVÖÐLA LCD-VEGGSJÓNVARPANNA

Pioneer

MED FULLKOMNA FORYSTU Í PLASMA-SJÓNVARPSTÆKJUM

VEGGSJÓN VÖRÞ
Glæsilegt úrval!

SAMSUNG

EINN FRAMSÆKNASTI RAFTÆKJAFRAMLEIÐANDI HEIMS Í DAG

LOEWE.

MARGVERÐLAUNUÐ OG AFAR GLÆSILEG HÖNNUN

ORMSSON

SÍÐUMÚLA · SMÁRALIND · AKUREYRI · KEFLAVÍK · ÍSAFIRÐI